


EGGERT ÁSGEIRSSON

AFASÖGUR



**Bréf frá Eggert Ásgeirssyni til Jóhannesar Arnar Dagssonar
1997 – 1999**

Forsíðumynd og teikningar eftir

Jóhannes Örn Dagsson

sem er að ljúka arkitektanámi í Osló.

Ljósmyndir átti ég í fórum mínum, m.a. sem.

Sigríður Jakobsdóttir tók í Nesi.

Er ég þakklát þeim fyrir hjálpina.

Einnig þolinmóðum Björgvini Ragnarssyni í Háskólaprenti.

**Háskólaprent
Reykjavík 2015**

Efni

INNGANGUR.....	5
MARHNÚTUR OG HÖFNIN.....	7
MELÓNA OG FÓTBOLTI.....	9
Í ÞARANUM.....	11
SETIÐ VIÐ KEIPINN.....	13
Í FJÓSINU.....	15
KÚAREKTOR OG BRUNNUR.....	17
KÝRNAR REKNAR OG ÞEIM VATNAÐ.....	21
NÝSLEGINN TÚSKILDINGUR - Í ELDHÚSINU.....	23
SKEMMA OG HESTHÚS.....	25
GRÁNI, MÓSI OG RAUÐUR.....	29
KARTÖFLUR Í HESTVAGNI.....	31
KRÍUR OG UNGAR.....	33
BÍLLINN HANS PABBA.....	35
HESTHÚS – FLÓR - BOLI.....	37
HÆSNSNAHÚSIÐ.....	39
RÉTTIR - MÓAR.....	41
LINDBERGH OG BALBO.....	43
TJÖRNIN.....	45
JÓL.....	47
JÓLIN - ENN.....	49
JÓLIN - ENN OG AFTUR.....	53
HÁLSKIRTLAR - LUNGNABÓLGA.....	55
SPÍTALI - HERMENN.....	57
HÉPPI RÆÐST Á SALLÍ.....	59
VEIKUR ÍS - HÚFA Á TJÖRNINNI.....	61
BRUNALIÐ - BRUNAR.....	63
HJÓLIN MÍN OG RAUÐI BÍLLINN.....	67
ÞEGAR ÉG TÝNDIST.....	71
ÓLI STELST YFIR TÚNIÐ.....	73
BÍLTÚRAR - LJÓSAFOSS.....	75
GENGIÐ Á GRJÓTVEGGJUM.....	77
PÁFAGAUKAR.....	79
PALLI BAÐAÐUR.....	81
HAUGHÚSIÐ OG PABBI.....	83
KRÍUR OG UNGARNIR ÞEIRRA.....	85
KÝLÓ OG AÐRIR LEIKIR.....	87

LALLA	89
SIGGI FOLI	91
BORIÐ Á TÚN	93
VOR OG SUMARVERK	95
VÉLSLÁTTUR	97
HEYVINNA OG LEIKIR	99
HEYGRIND – HIRÐING - HLAÐA	103
BAGGAR OG HLÖÐULOFT	105
JÓNA - HELGI SÆM	107
GÚMMÍSTÍGVÉLIN - RAGNAR Á SKAFTAFELLI	109
FYRSTI TÓMATURINN	111
SÚRHEY	113
ÞEGAR ÉG VAR SENDISVEINN OG STÓÐ MIG EKKI	115
TIL SÁLFRÆÐINGS	119
SAGÐI ÓSATT - LÆRÐI AÐ SEGJA SANNLEIKANN	121
SUNDHÖLLIN - SUNDLAUGARNAR	123
HREINLÆTI Í NESI	125
POURQUOIS PAS?	127
ÞEGAR ÉG FÉKK BOTNLANGABÓLGUNA	131
UNNA Í NESI OG SEINNA Á BAKKA	135
LEIKIR – LEIKIR - LEIKIR	137
LITLIBÆR	139
SKRÓPAÐ Í SKÓLANUM!	143
LÍFIÐ OG HRÆÐSLAN Í GAMLA DAGA	145
KOT OG SOKKABÖND	149
ÆÐUR	151
MJÖÐMIN	153
SKÍÐAFERÐ	155
SKÍÐASLEÐINN	157
HJÁTRÚ - GARNAFLÆKJA	159
HJALLURINN - ÞEGAR ÉG LOKAÐIST INNI	161
BYSSUSTRÍÐ	163
GUNNA FEITA	165
NÁGRENNIÐ Í TJARNARGÖTU!	167
SITT HVAÐ!	169
ÝMISLEGT!	171
ÞETTA VAR GÓÐUR TÍMI	173
HÉR KEMUR KETILL	175

INNGANGUR

Á sínum tíma, þegar Jóhannes Örn var ungur að aldri, höfðum við aðstandendur hans áhyggjur af því að hann og systkini hans myndu ekki læra *föðurmál* sitt.

Því byrjaði ég að skrifa þessi bréf.

Ég skal játa að á leiðinni til *innrætingar* var löng og fjarlægðin við Jóhannes líka. Afinn skrifaði tungumál sem engan veginn hentaði litla stráknunum okkar. En ég hélt áfram, lét ekkert á mig fá, skrifaði bréfin mér til skemmtunar og Jóhannesar eins og ég hugsaði mér hann, þótt ég kynntist honum ekki vel fyrr en síðar.

Áfram hélt ég, raunar enn á leiðinni þegar ég er að skrifa þennan inngang.

Bréfin urðu mörg og ég fór að skemmta mér við bréfaskriftirnar, án þess að vita hvort allt kæmist til skila.

Bréfasafnið gaf ég út í smáu upplagi og bókin hafnaði í efstu hillu – og gleymdist.

En ég hafði gaman að þessu og tók mig tvívegis til að skrifa þau upp og leiðrétt.

Nú geri ég enn tilraun - í síðasta sinn. Og hef nú loks náð sambandi við Jóhannes Örn sem tók mér dæmalaust vel og teiknaði forsíðu og fleira.

Þær systur Sólveig og Friede Bera virðast vera utan við þetta, líka hin barnabörnin.

En það er nú alls ekki svo.

Þið fáið þetta öll: Jóhannes Örn, Sólveig Ylva, Friede Bera, Hrefna, Þórdís Helga, Sigríður Alma, Eggert Geir, Sæunn, Ketill, Andrea, Hjalti Stefán, að ógleymdum Presti Hrafni.



Mynd: Jóhannes Örn Dagsson

MARHNÚTUR OG HÖFNIN

Þegar ég var lítill þótti mér skemmtilegast af öllu að fara niður að höfn. Þá voru stundum mörg skip með seglum í höfninni. Á dekkinu voru skipshundar og stundum kettir, sumir allt öðruvísi en íslenskir. Einu sinni sá ég kráku sem bundin var í keðju. Sjómennirnir voru margir skrítnir í útliti, dökkir á brún og brá, smávaxnir, í einkennilegum fötum, og skipshundar á dekkinu. Færeysku sjómennirnir voru eins og Íslendingar í útliti. Fyrir kom að maður kallaði til frönsku sjómannanna: *Allabaddarí, fransí, biskví!* Þeir brostu, vissu að maður var að ávarpa þá, en ekki held ég að þeir hafi skilið hvað ég sagði, enda vissi ég það ekki sjálfur. Ég held að upphaflega hafi þetta þýtt: *Ráðumst til atlögu! Frakkland. Kex!*

Einu sinni sá ég aðalhöfðingja Færeyinga, Jóhannes Patursson, ganga eftir Tjarnargötunni í þjóðbúningi Færeyinga, dökkblárri treyju, þröngum buxum, hnéháum sokkum, skóm með silfurspennu og skrítna, rauðröndótta húfu á höfði. Sá var nú fyrirmannlegur. Hann hefur sjálfsagt verið að heimsækja dóttur sína sem bjó við Sóleyjargötu.

Þegar ég var í Nesi voru stundum heilu flotarnir af skútum á flóanum, dökk skip með rauðum seglum.

Þegar ég var orðinn stærri, þá fór ég niður á bryggju og veiddi fisk. Þá fékk ég bara ljótan fisk sem heitir marhnútur. Það var ekki hægt að borða hann og kötturinn okkar vildi ekki einu sinni bragða hann. Ég fór þá að kasta marhnút aftur í sjóinn. En viti menn - sami fiskurinn beit á aftur.

Hvað gerði ég þá? Jú, ég tók hann og skyrpti upp í hann og þá beit hann ekki á aftur, því hann vildi alls ekki láta skyrpa upp í sig - sem ekki var von. Ekki vildi ég láta neinn skyrpa upp í mig! Þetta hafði einhver sagt mér að væri gott ráð.

Palli bróðir var alveg sjúkur í að veiða fisk á bryggjunum og kom oft heim með fisklykt af höndunum og ufsa handa kettinum.

Þinn elskandi afi.



Svona litu fyrstu strætisvagnarnir út en þeir byrjuðu akstur 1931.

Þeir fóru reglulega út að Mýrarhúsaskóla, en kl. tvö og átta fóru þeir alla leið út að Nýjabæ.

Strætisvagnastjórnarnir veittu fólki ýmislega þjónustu, tóku við blóðum og pökkum, svo eitthvað sé nefnt. Einum kynntist ég náið síðar sem alþingismanni og bankastjóra.

Í svona vagni kom amma til þess að vera í afmælinu mínu.

Á myndinni er fyrsti vagninn og stendur hjá Iðnó.

MELÓNA OG FÓTBOLTI

Þegar ég átti fjögurra ára afmæli vorum við í sumarbústað uppi í sveit. Þangað kom amma í heimsókn og fór í strætisvagninum frá Lækjartorgi og út á Nes í sumarbústaðinn okkar sem hét Litlibær. Langafi þinn - pabbi minn – var samferða henni í vagninum, sem stoppaði við Nýjabæ og fylgdust þau að heim í bústaðinn, en það var langt að ganga þangað úr strætisvagninum. Hann hélt á stórum hnöttóttum pakka. Í honum var afmælisgjöf handa mér. Amma horfði á pakkann og hugsaði: *Þetta er aldeilis stór melóna sem við fáum að borða í afmælisveislunni.*

Svo þegar þau komu að Litlabæ - en það hét sumarbústaðurinn - komum við Palli hlaupandi á móti þeim. Þá tók langafi þinn pakkann og sparkaði honum hátt upp í loftið til mín. Þetta var þá ekki melóna, heldur stór bolti. Var amma heldur en ekki hissa, og ég glaður, því að ég átti engan bolta en gat nú farið í fótbolta með krökkunum í sveitinni sem komu til okkar í afmælisveisluna.

Í afmælisveislunni fóru allir krakkarnir niður að sjónum og léku sér við að hlaupa á eftir öldunum og flúðu svo þegar öldurnar steiptust aftur upp á sandinn. Ekki vildu þau láta öldurnar ná sér og verða blaut í finu afmælisfötunum.

Um kvöldið þegar afmælisveislan var búin fórum við pabbi gangandi upp að Nesi til að sækja mjólk í fjósið. Komum við heim með alveg spenvolga mjólk en það þótti best. Þá voru engir ísskápar til - og við drukkum mjólkina alveg nýja - því annars skemmdist hún.

Spenvolg er mjólkin þegar hún kemur beint úr spennum á kúnni; þá er hún aldeilis góð á bragðið.

Þinn elskandi afi.



Hér er Óli frændi í fjörunni á leið í Þarann. Eða var hann að koma til baka?
Krakkarnir í Litlabæ, Varði, Gunna og Nanna fylgjast með.

Í ÞARANUM

Gaman var að heyra að þú skyldir veiða krabba á ströndinni. Svoleiðis dýr hef ég aldrei veitt.

Þegar ég var lítill var ég í sveit hjá ömmu minni í Nesi. Við bjuggum úti við sjóinn. Niðri í vörinni var lítill bátur. Óli frændi minn fór út á sjóinn til að veiða fisk í matinn og tók mig með sér þegar veðrið var gott.

Áður en við fórum þurftum við að finna beitu. Beitan var sandmaðkur - ógurlega stór miðað við venjulega ánamaðka. Ég hafði aldrei áður séð svona stóran maðk - og skelfilega ljótan. En fiskarnir voru ekki hræddir við sandmaðk og komu syndandi í hópum til að éta hann. Þá festust þeir líka á önglinum.

Það var erfitt að finna sandmaðkinn. Við Óli frændi fórum þegar háfjara var með stóra dós og gaffal. Sandmaðkurinn kemur upp úr fjörusandinum til að skíta og skilur eftir sig svolítinn topp. Ef við vorum heppnir fundum við hann þegar við stungum hann upp.

Þegar við vorum búnir að finna nægilega marga maðka fengum við einhvern með okkur til að setja bátinn á sjó. Til þess þurfti Óli frændi að fá mann til að hjálpa sér því báturinn var of þungur fyrir hann einan. Það var ekki fyrr en seinna sem ég varð nógu sterkur til að geta sett bátinn á sjó með honum.

En ég gat hjálpað til. Það er erfitt að ýta báti niður að sjónum og renna honum á steinum og í sandi. Það skemmir botninn. Við áttum spýtur, gamlar og slitnar sem kallaðar voru *hlunnar*. Þessar spýtur tók ég og bleytti í sjónum og setti í sandinn fyrir neðan bátinn. Þá rann hann vel og var léttara að setja hann fram.

Fyrst varð auðvitað að setja negluna í, en það er tappi til að setja í gat á botninum á bátnum. Kjölurinn er fjöl sem er neðst á bátum frá stafni til skuts og nær niður úr þeim. Hann er oftast járnslégin enda myndi tréð spænast upp þegar báturinn er settur fram eða dreginn upp. Neglan er til að hleypa niður vatni þegar báturinn er á þurru landi og sett í til að varna því að báturinn fyllist af vatni þegar hann er á sjó.

Auðvitað höfðum við austurtrog með okkur til að geta ausið bátinn. Inn í gamla trébáta rennur alltaf svolítið vatn eða sjór, sérstaklega ef þeir eru þurrir og hafa lengi staðið ónotaðir. Þegar þeir eru blautir bólgnar tréð og þeir þéttast. En alltaf er nauðsynlegt að hafa austurtrog ef öldur skyldu skvettast yfir borðstokkinn.

Þegar báturinn var kominn niður á sjóinn tók ég alla hlunnana og bar þá upp, svo að þeir færu ekki út á flóðinu. Óli frændi bar færin út í bátinn og dósina með sandmöðkunum ljótu. Síðast tók hann stjóran, sem er þungur steinn í löngu bandi - og auðvitað árarnar. Án þeirra hefðum við nú komist stutt.

Svo var lagt af stað. Óli frændi vildi að ég yrði sterkur og vildi þessvegna endilega að ég réri, fyrst á móti honum með annarri árinni. Seinna, þegar ég var orðinn sterkari, með báðum. Hann kenndi mér áratogin, "*ekki of djúpt*" og "*ekki of grunn*", hvernig ég ætti að

halda á árinni, hvernig ég ætti að beygja og hvernig ég ætti að fara í hring. Ef mér tókst ekki vel sagði Óli að ég væri að skrifa nafnið mitt á sjóinn!

Ef mótvindur var, tókum við hvor sína árina og rerum á bæði borð. Til þess að við kæmumst á miðin urðum við að róa í takt. Áralagið er mikilvægt eins og allir góðir sjómenn þekkja. Ef maður kann það ekki kemst maður ekkert áfram og verður sjómannastétt sinni til skammar.

Það var ansi langt að fara í Þarann. Báturinn var hafður undir Bökkunum fyrir neðan Litlabæ og þurfti að róa milli Snoppu og Gróttu til að komast þangað.

Það var vandi að finna miðin en tókst alltaf. Ég ætla að segja þér seinna frá því hvað gerðist þegar við komum út á miðin. Ég hef þetta ekki lengra því ég er að fara út í góða veðrið. Sólin er farin að skína og orðið heitt úti.

Hafðu það gott og kysstu pabba þinn, mömmu þína og Sólveigu litlu frá okkur ömmu þinni.

Hrefna litla var hjá okkur í gær og er alltaf að stækka og er farin að reyna að standa upp. Þinn elskandi afi



Mynd : Jóhannes Örn Dagsson.

SETIÐ VIÐ KEIÐINN

Nú held ég áfram að segja þér frá veiðiferðinni í Þarann sem er fyrir norðan Nesið, í átt að Esjunni. Hvers vegna var alltaf farið í Þarann og hvernig þekktum við hann. Þar var mestur fiskur og rauður, sem þorskur er sjaldnast. Litinn fékk hann af því að hann faldi sig í rauðum þagróðri á sjávarbotninum og fékk lit af honum og var því kallaður þarþyrsklingur – sem þýðir lítill þarþorskur. Stundum voru fiskarnir mjög stórir. En ég held samt að Þarinn hafi verið uppeldisstöð fyrir þorskinn og hann síðan leitað út á Svið.

Báturinn okkar var við Seltjörn, en það er víkin milli Suðurness og Gróttu. Þangað var hægt að ganga þegar fjara var og þurfti því að fara út í þarann meðan flód var og koma heim á háflóði til að ekki þyrfti að draga bátinn langt upp í sandinn.

Það var heilmikill vandi að finna réttu miðin. Miðin kallast mið af því það þurfti að miða sig við staði í landi til að finna þau. Ég lagði miðin vel á minnið, ætlaði svo sannarlega að nota mér þekkinguna seinna. En svo, þegar ég fór mörgum árum síðar út á sjó, voru húsin sem miðað hafði verið við horfin, þótt fjöllin, Úlfarsfell og Vífilsfell, væru auðvitað á sínum stað.

Þegar komið var út á rétt mið var kastað út stjóra og farið að beita maðki á færin. Færin voru geymd í hjallinum og alltaf vel gerð upp, en það er nauðsynlegt ef maður á að geta gripið til þeirra í röð og reglu. Á færisendanum voru tveir önglar og sökka á báðum. Á hvorn öngul var settur sandmaður, sem ekki var nú sérstaklega geðslegt fyrst þegar það var gert.

Færinu var rennt út fyrir borðstokkinn og niður á botn. Mátti vel finna það þegar slaki kom á. Þá var færið dregið upp svo sem einn faðm, eða einn og hálfan metra, og byrjað að keipa. Það er kallað að keipa þegar færið er dregið upp og slakað á víxl til að vekja athygli fiskanna. Á borðstokknum, þar sem færið rann út af, voru skorur þar sem þeir sem áður höfðu róið á bátnum höfðu keipað. Smám saman höfðu færin markað skorur í stokkinn. Stundum þurfti að sitja lengi við sinn keip. Þá var tíminn notaður til að ræða saman og skoða bæina á Nesinu: Gróttu, Ráðagerði, Litlabæ, Nýjabæ, Nes, Bygggarð, Bollagarða, Mýrarhús, Pálsbæ og Mýrarhúsaskóla. Ég hafði komið á alla bæina og þekkti allt fólkið nema í Nýjabæ. Þangað kom oft í heimsókn kona sem var dvergur og heimsótti okkur líka í Nesi, og var síhlajandi og skemmtileg. Í hina áttina sáuð við Akurey og Engey. Og við sáuð alla leið upp í Hvalfjörð og að Nrautarholti og Móum á Kjalarnesi þar sem Palli bróðir var í sveit.

Sjaldnast þurfti lengi að biða eftir að fiskur biti á og var þá færið dregið inn af kappi. Var aldeilis spennandi að líta út fyrir borðstokkinn og sjá hvort á færinu væri einn fiskur eða tveir og hve stórir þeir væru. Þá varð maður að vera fljótur að innbyrða veiðina því aldrei gat maður verið viss um að fiskurinn losnaði ekki af önglinum. Síðan þurfti maður að vera snöggur að taka hann af önglinum, beita aftur og koma færinu í sjóinn.

Þannig héldum við áfram. Yfirleitt var sjórinn sléttur, því ef kulaði og öldur komu, flýttum við okkur í land. Óli frændi vildi ekki hætta á neitt þegar hann var með svona dýrmætan háseta innanborðs eins og honum þótti ég vera. Reyndar var hann sjálfur dálítið lífhræddur.

Stundum var lítill fiskur og þá drógum við stjóran upp og kipptum, sem það heitir að setja út árar og færa sig á ný mið og athuga hvort meiri fiskur gefist þar.

Ég segi frá þessu eins og ég hafi verið alvanur á sjó. En það var nú aldeilis ekki í fyrstu. Ég var nefnilega hálfskelkaður þegar stór þaraþorskur beit á og ég þurfti að handsama hann til að geta náð honum af önglinum. Þá var nú heldur ekkert geðslegt að koma sandmaðkinum á öngulinn. Hann var sver eins og þumalfingur á fullorðnum manni, með hárum og körtum. Það var nú bara gott því hann rann ekki úr greipinni á manni eins og ánamaðkur.

Þegar við vorum búnir að fá nóg í soðið var haldið í land og einhver kom til að hjálpa okkur við að setja bátinn, taka negluna úr og renna honum upp í fjöruna eftir hlunnunum. Við gerðum að fiskinum í fjörunni og fluttum hann heim á Grána. Fiskurinn var soðinn í kvöldmatinn og afgangurinn hengdur upp til að nota siginn seinna.

Þetta voru aldeilis skemmtilegir dagar. Stundum fór ég svona veiðiferðir með Kristni í Ráðagerði, manni Önnu frænku minnar. Hann geymdi bátinn í Ráðagerðisvör og þaðan var styttra að róa á miðin. Hann var eins og Óli frændi mjög skemmtilegur og sagði mér ævintýrasögur úr Engey, þar sem hann ólst upp. Mest þótti honum samt gaman að því að segja mér sögur af því þegar ég var lítill. Hann mundi allt sem við Palli höfðum sagt sem honum þótti spauglegt þegar við vorum hjá honum í heimsókn eða bjuggum þar tíma og tíma. Nú sér maður enga vera að veiða á þessum slóðum. Sennilega er enginn fiskur. Kannski fær hann engan frið í sjónum fyrir hraðbátum eða er kafnaður úr mengun. En það ætla ég ekki að ræða frekar.

Þinn elskandi afi.



Mynd eftir Jóhannes Örn.

Í FJÓSinu

Nú ætla ég að segja þér frá því hvernig var með kýrnar í sveitinni.

Á hverjum degi þurfti ég að fara snemma á fætur til að reka kýrnar í hagann. Fyrst smokraði ég mér í samfestinginn minn - sem var kallaður *overol*. Það var þægilegur fatnaður með mörgum vösum, fyrir hníf, snærisspotta, brýni og fleira nauðsynlegt. Um mittið var ég með belti og hékk dálkur við það. Ég fékk nýjan *overol* á hverju ári áður en ég fór í sveitina, keypti hann í heildsölu hjá Vinnufatagerðinni á Kolbeinsstöðum, því þá var samfestingurinn frá því í fyrra orðinn alltof lítill. Ég var að hugsa um það um daginn að ég átti aldrei nema einn samfesting í einu og aldrei man ég eftir að hann væri þvegin, nema þegar ég kom heim á haustin. Hann var brúnn og sást ekkert á honum - fannst mér. Mold muldi ég úr honum.

Svo fékk ég mér brauð og mjólk og fór út í fjós.

Kýrnar voru í stóru fjósi, 24 talsins. Í öðru gripahúsi, sem kallað var hesthús, voru hestarnir á veturna, kálfar og tuddinn - nautið sem var pabbi allra kálfanna á Nesinu. Hann var alltaf lokaður inni, með hring í nefinu og bundinn fastur. Hann var með svíra, svo sveran háls, að ekki var öruggt að hafa keðjuna eina um hálsinn á honum. Fyrir kom að tuddinn slapp og þá urðu allir hræddir. Við höldum að hann væri grimmur, en það var hann áreiðanlega ekki, aðeins ruglaður þegar hann kom út og stangaði allt sem fyrir varð. Var stundum erfitt að ná honum inn aftur. En hann var fljótur að þreystast af því að hann hreyfði sig svo lítið. Þá var hægt að komast að honum. Svo lá hann inni í húsinu á eftir og stundi, hefur sjálfsagt verið með harðsperrur.

Þegar ég kom út í fjós voru Ella¹ gamla, Unna og Nielsen fjósamaður að ljúka við að mjólka. Það var mikil fyrirhöfn því þá voru engar mjaltavélar til og varð að handmjólka allar kýrnar. Ef eftir var að mjólka einhverja kú fann ég mér mjólkurfötu og batt upp halann á kúnni svo hún myndi ekki slá mig með honum. En halarnir voru líka bundnir upp svo þeir færu ekki niður í mykjuna í flórnum. Kýrnar voru alltaf stöðugt að slá hölunum til og frá. Óli frændi fór oft með vísu eftir Káinn:

Hala á kú ég hata að sjá,
honum trúi ég ekki.
Heilabú mitt hann vill slá.
Hallelúja segí ég þá.

Heilabúið er höfuðið, sem heilinn er í.

Svo hefti ég kúna. Það þýðir að ég batt fæturna saman svo hún gæti ekki stigið ofan í fötuna eða sparkað frá sér. Sumar kýr voru með auma spena og þótti ekki gott að láta mjólka sig, voru óþekkar eða stríðnar. Þá þurrkaði ég af spenunum og júgrinu því ekki máttu fara óhreininði í mjólkina. Setti svo júgursmyrsl í lófana og byrjaði að mjólka. Þegar maður mjólkar tekur maður utan um tvo spena sitt með hvorri hendi og klemmir

¹ Elín Guðmumndsdóttir (1873-1964).

lófana saman utan um þá, fyrst að ofan og svo lætur maður takið ganga niður eftir spenunum og þrýstir mjólkinni út. Það söng í tómrri fötunni þegar mjólkin sprautaðist á botninn. Þannig hélt ég áfram. Smám saman tæmdist sá hluti júgursins sem ég mjólkaði og þá komin dálítill mjólk í þá. Þannig hélt ég áfram koll af kolli þar til búið var að mjólka og júgrið tomt. Skipti ég um og fór á hina spenana tvo. Þegar ég var búinn með þá fór ég á fyrri spenana og var þá aftur komin dálítill mjólk í þá.

En áður en ég hætti kom Nielsen og tutlaði síðustu dropana úr spenunum á júgrinu, því ekki mátti skilja neitt eftir. Branda, kisan í Nesi, var á vappi í kringum mig til að sníkja mjólk. Stundum laumaðist ég til að sprauta mjólk beint upp í hana.

Þegar búið var að mjólka hverja kú, þá hellti ég mjólkinni í trekt með sigti sem sett var ofan á mjólkurbrúsa. Þegar hellt var í trektina myndaðist froða sem varð eftir. Þá froðu tók ég og setti á disk sem hundarnir og kettirnir fengu að sleikja. Ef ég var ekki sjálfur að mjólka fór ég með fötuna fyrir fólkið og hellti í sigtið.

Í fjósinu var ósköpin öll af flugum. Voru menn alveg í vandræðum með að eyða þeim. Ýmist voru notaðir úðabrúsar á þær. Þá var ekki búið að finna upp skordýraeitrið, t.d. DDT sem er hættulegt. Svo voru líka notaðir flugnaveiðarar, en flugurnar settust á þá og festust í límið sem var á þeim. Varð að gæta þess vel að flugur kæmust ekki í mjólkina.

Þegar búið var að mjólka þurfti að bera þunga mjólkurbrúsana út í þvottahúsið þar sem þeir voru geymdir í kaldri vatnsþró og biðu þangað til Jói eða Kjartan mjólkurbílstjórar komu kl. hálf ellefu og sóttu mjólkina.

Þegar búið var að mjólka var kúnum hleypt út í tveim hópum. Fyrst voru þær sem fóru út í Suðurnes og ég átti að reka. Þær voru kálfarnir líka. Á eftir hleypti Bragi út kúnum sem mest mjólkuðu, voru með þung júgur og þungar á sér. Þær voru settar á beitiland sem var nær, Tjarnartún eða Kotatún, til að hlífa þeim.

Svo lögðum við af stað út í Suðurnes.

Þetta er orðið svo langt bréf að ég geymi að segja þér frá kúarekstrinum þar til síðar.

Þinn elskandi afi.

KÚAREKTOR OG BRUNNUR

Ég held áfram að segja þér frá kúnum í sveitinni. Þær hétu fallegum nöfnum: Harpa, Skjalda, Huppa, Rauðka, Ljómalind og mörgum öðrum nöfnum. Harpa mjólkaði best en var mjög þung á sér og gekk síðust í rekstrinum.

Nú skal segja frá því þegar ég, kúarektorinn, var að reka kýrnar út í Suðurnes. Óli frændi kallaði mig alltaf kúarektor, sem er maður sem hefur það embætti að reka kýr. Rektor er líka virðingarheiti á skólastjórum og þannig mátti líka skilja heitið sem góðlátlegt háð sem beindist að mér. Ég tók þannig gríni aldrei nema vel. Heima í Tjarnargötu kom aldrei fyrir að neinum væri strítt eða hæddur. Ég áleit þess vegna að allir væru góðir og velviljaðir. En ég átti nú eftir að reka mig á annað seinna meir en það er önnur saga. Hugsum heldur um kúareksturinn.

Stundum var veðrið ósköp gott. Þá fór ég úr samfestingnum mínum að ofan og batt ermarnar um mittið svo golan gæti leikið um mig. Þá gat ég líka verið í strigaskóm. Þeir voru nú aldeilis þægilegir. Þeir voru svo léttir að ég gat hlaupið miklu hraðar en ég var vanur. Mér fannst ég svífa í þeim og fæturnir tifuðu hratt. Það var mikill munur, því ég var alla tíð mikil þvengjalengja, boðin frá höfðinu gengu svo seint niður í fætur, fannst mér, eins og þeir væru latir og vildu alls ekki hlýða. Ég öfundaði mikið þá sem voru litlir og fótstuttir. Þeir voru miklu viðbragðsfljótari, fannst mér. Ég efast um að þeim hafi fundist það sjálfum.

Oftast var nú samt blautt í veðri eða morgundögg, og þá var ég í gúmmískóm eða gúmmistigvélum með ullarhosum innanundir. Það voru vandræði með mömmu. Hún las svo mikið af heilbrigðisfréttum og sagði að gúmmískór væru óhollir. Þess vegna átti ég aldrei slíka skó, sem pössuðu reglulega vel, bara skó sem fólk hafði týnt þegar það var á skautum á Tjörninni.

Ef rigning var þá fór ég í regnkápu og var með sjóhatt sem Óli frændi kallaði *suðvest*, sem er franska.

Svo lögðum við af stað niður eftir tröðunum. Ég var venjulega með písk eða prik í hendinni. Stundum gleymdi ég því og varð að nota beltið sem ég var með yfir mittið á samfestingnum. Með pískinum, prikinu eða beltinu gat ég hottað á kýrnar sem ekki vildu fara beina leið eða drógust aftur úr. Við gengum niður traðirnar suður af fjósinu og fórum í gegnum hliðið hjá brunninum. Þar þurfti að gefa kúnum duglega að drekka með því að dæla vatni í stóra stampa sem voru hjá dælunni. Dælan var stór og þung. Þegar maður byrjar að dæla kemur ekkert vatn því það þarf fyrst að setja vatn í dæluna og loksins þegar vatnið hefur þétt hana kemur upp vatn. Svo var notuð bárujárnsrenna sem vatnið rann eftir út í stampinn. Allar kýrnar hópuðust að til að fá gott vatnið að drekka.

Ég var ósköp þreyttur stundum að dæla fyrir þær, sérstaklega ef heitt var í veðri, þá var ég bæði móður og þreyttur. Kannski pínulíð, jafnvel mikið, latur. Svo héldum við áfram, kýrnar, ég og hundurinn Freyja.

Gleymdi að segja þér frá því að í Nesi var ósköp góð tík sem hét Freyja. Ég var alltaf að skamma hana, var stundum vondur við hana og lét hana finna fyrir því ef hún hlýddi mér ekki. En samt elskaði hún mig meira en alla aðra. Smám saman urðum við vinir. Alltaf þegar ég kom að Nesi úr bænum kom hún á móti mér og fagnaði, hljóp í kringum mig og flaðraði upp um mig.

Freyja hjálpaði mér við að reka kýrnar. Ef prikið eða beltið hjálpaði ekki kom hún og galti á lötu kýrnar eða kálfana þannig að þeir hertu á sér.

Í brunninum sem ég dældi vatni upp úr var silungur, sem einhver hafði sleppt lausum í. Var það gert til þess að hann æti flugur og orma í vatninu svo það yrði gott til að drekka eða búa til mat úr. Stundum var ég forvitinn að sjá silunginn þegar ég hélt að enginn sæi til. Mér var harðbannað að opna hlemminn á brunninum. Amma í Nesi var svo hrædd um að ég dytti í brunninn og drukknaði. Samt stalst ég stundum til, tók grjótið af og lyfti hlemminum og skimaði niður í myrkrið. Þar var aumingja silungurinn, einn og yfirgefinn, synti fram og aftur og ég vorkenndi honum sárlega þangað til ég mátti til með að loka brunninum og halda áfram að reka kýrnar.

Reksturinn beygði til hægri eftir öðrum tröðum, hjá Tjarnarstykkinu, frá brunninum til vesturs út að Kotatjörn og var girðing báðum megin. Á leiðinni var brenninetla. Þar fór ég varlega því hún stakk illa, sérstaklega ef ég var í stuttbuxum og festust þá litlar nalar í fótleggina. Við gengum fram hjá Hestastykkinu þar sem hestarnir voru á beit, Rauður, Gráni, Skjóni, Lýsingur og Mósi. Allir hétu þeir eftir litnum sem var á feldi þeirra. Reksturinn gekk alveg ágætlega út að hliðinu við Tjörnina. Það var þungt og þurfti ég að burðast með að opna það. Stundum var það þungt, eftir rigningu eða eftir Höfuðdagsstraum og rok. Þá barst þang upp að hliðinu.

Nú voru kýrnar farnar að hlakka til að komast í hagann og gengu meðfram Tjörninni, eftir Grandanum og út að Svartabakka þar sem hlið var á beitolandinu í Suðurnesi. Stundum gekk ferðin líka hægt. Óli frændi sagði að ég væri þá að draugast eða rónapískast.

Fyrir kom að ég fann kork í fjörunni. Það er alltaf gaman að búa til skip úr korki. Korkurinn var úr baujum sem rekið höfðu að landi og brotnað í briminu. Korkurinn þurfti að vera hæfilega stór, helst eins og skip í laginu, Til að úr þessu yrði gott “seglskip” þurfti ég að finna fallegar, stífar og langar fjaðrir. Þeim stakk ég í korkinn og lét svo á vatnið. Vindurinn blés í fjaðrirnar og korkskipið mitt sigldi út á Tjörn. Það var gaman að fylgjast með því.

Ekki var nú alltaf friður að leika sér því kúrnar voru þarna með hreiður og voru mjög óánægðar með að ég væri að flækjast þarna. Görguðu þær *kerí-kerí* og *ganegane* og steypu sér niður að mér og reyndu að kroppa í hausinn á mér. Ég var oft með derhúfu og setti stein inn í hana, til að ég fyndi ekki fyrir þeim. Stundum hélt ég priki yfir höfðinu og varði mig vel.

Auðvitað reyndi ég að ganga vel uppréttur. Þegar gestir komu úr bænum, eða hermenn í stríðinu, þótti okkur hlægilegt að sjá hvað þeir voru hræddir við kúruna, hlupu hoknir og sýndu hræðslumerki. Það vildum við ekki gera. Við reyndum að ganga réttir í baki og

láta ekki á okkur fá þótt krían steypiti sér niður. Það var samt ekki þægilegt og kítlaði í hvirfilinn að vita af henni, janfvel þótt hún kæmi ekki við mig.

Kýrnar mínar rötuðu áleiðis út grandann og að Svartabakka. Kálfarnir eltu og ég kom gangandi aftast með Freyju. Í ágústlok var Höfuðdagsstraumur. Þá var háflóð og sjórinn flæddi upp að bakkanum. Til að geta hleypt kúnum í gegnum hliðið þurfti ég að fara úr buxum, skóm og sokkum og vaða út í sjóinn til að opna hliðið.

Á skerjunum út af Suðurnesi var selur. Ef veðrið var gott mátti sjá hann synda fyrir utan og mér fannst hann vera að skoða mig og kýrnar, hann kafaði og stakk höfðinu upp úr sjónum á víxl. Mér hafði verið sagt að selur væri forvitinn og væri sérstaklega gefinn fyrir liti. Ég var stundum hræddur um að selirnir myndu kafa að mér og bíta í fætuna á mér. En það kom aldrei fyrir. Ég opnaði bara hliðið og óð til baka og rak kýrnar út í sjóinn og óð á eftir þeim. Freyja fór upp með bökkunum undir girðingarnar og þurfti ekki að væta sig.

Svo, þegar allar kýrnar voru komnar í gegn, lokaði ég hliðinu og fór upp á bakkann og hvíldi mig og þurrkaði fætuna í sólinni.

Þinn elskandi afi.



Nú er fjósið, kýrnar, allt horfið.

Þetta eru nú samt leifarnar fa brunninum og tröðunum upp að Nesi. Kannski er silungurinn enn á borni brunnsins.

Það var hérna sem Palli var baðaður eins og ég segi frá.

KÝRNAR REKNAR OG ÞEIM VATNAÐ

Ég var búinn að segja þér frá því þegar ég var að reka kýrnar og var blautur eftir að hafa vaðið út í sjó. Slíkt kom nú ekki oft fyrir, því stórstraumur er bara einu sinni í mánuði eða svo, fáa daga í senn, og er sá stærsti kallaður Höfuðdagsstraumur 30. ágúst.

Stundum þegar ég var búinn að reka kýrnar í haggann vorum við Freyja, tíkin mín, ósköp löt og lágum í grasinu og létum okkur líða vel góða stund. Ef verið var að vinna í heyinu var ekki byrjað fyrr en undir hádegisd þegar næturdöggin var þornuð á grasinu. Þá var gjarnan byrjað á því að breiða úr heyinu sem sett hafði verið upp í drýli kvöldið áður.

En við máttum ekki slóra lengi því ég þurfti að fara í Dalinn, sem var í miðjum hagganum, til að dæla vatni handa kúnum. Ég var búinn að segja þér hvernig það væri gert. Dælan var ósköp stór fyrir mig og þung. Ég tók dollu og hellti í dæluna svo hún læki ekki vatni. Og byrjaði svo að dæla í ógnarstóran, ryðgaðan stamp. Kýrnar drukku mikið. Stampurinn var boltaður á hornunum. Á þeim gat ég séð hvað kýrnar höfðu drukkið mikið á hverjum degi. Ég varð að dæla og dæla þangað til ég var orðinn dauðuppgefinn. Ekki mátti hætta fyrr en flæddi út úr. Ef ég gerði það ekki þurfti að dæla enn meira næsta dag. Nei, ég varð að gera eins og mér var sagt. Þegar rigning var þurfti minna því þá fengu kýrnar vökva með grasinu sem þær bitu. Kýrnar voru ósköp góðar. Kýr verða ekki hendar að fólki eins og hundar, kettir og hestar. Þó maður hitti þær á hverjum degi í margar vikur og mánuði virtust þær ekki þekkja mann. Jú þær vita alveg hver mjólkjar þær, og eiga það til að sparka eða vera órólegar ef ókunnugir gera það. Þess vegna var nauðsynlegt að hefta þær. Það er að binda afturfætturna saman.

Kálfarnir eru betri. Þeir mega ekki sjúga mömmurnar sínar, en fá mjólkurbland í flösku sem þeir drekka af ógurlegri áfergu. Þegar þeir voru búnir að drekka úr flöskunni vildu þeir halda áfram að sjúga, t.d. puttana á mér.

Kýr bíta ekki og meiða, því þær hafa bara tennur í neðri gómi. Þar sem þær eru með mjög grófa og stama tungu nota þær hana og tennurnar til að slíta grasið. Um hádegisd leggjast þær svo niður og jórtra. Þá þurfa þær að tyggja grasið sem þær voru að borða aftur. Einhvern tímann þegar þú sérð kýr eða kindur liggjandi um hádegisleytið þá skaltu taka eftir því að þær eru alltaf að tyggja og renna niður. Það sést á hálsinum á þeim þegar nýr biti kemur upp sem þær þurfa að tyggja betur.

Ég verð nú að gera játningu. Eitt sumarið gerðist það að bæði var heitt og þurrt og kýrnar drukku óvenjulega mikið. Þá gerði ég nokkuð af mér. Ég sveikst um að fylla stampinn til fulls af vatni. Þegar ég kom næsta dag var ansi mikið sem vantaði upp á og ég hafði alls ekki orku; entist ekki til að fylla einu sinni upp að að járnboltanum sem ég fyllti að áður. Þannig gekk á birgðirnar. Ég var alveg voðalega áhyggjufullur út af þessu og vissi ekkert hvern ég ætti að biðja um að hjálpa mér. Loks gerðist það að stampurinn tæmdist. Þegar kýrnar voru reknar heim hlupu þær hver í kapp við aðra inn í fjós. Vakti þetta athygli og Óli frændi sagði við kvöldmatinn að hann hefði aldrei séð svo fótfrár

kýr. Þá var ég aldeilis hræddur, fannst ég vera á heljarþröm. Ég sneri mér til vinnumannsins Alfreðs og bað hann um að koma með mér og dæla í stampinn. Það gerði hann og var fljótur að. Ég lærði mína lexíu og kom þetta aldrei fyrir aftur.

Þegar ég var búinn að dæla hélt ég heim aftur. Ekki var ég nú alltaf fljótur á leiðinni. Stundum gekk ég eftir Grandanum við sjóinn. Þar var margvíslegt drasl í fjörunni sem þurfti að kanna og skoða vel. Timbur þurfti að bera upp úr fjörunni svo það flyti ekki út á flóðinu. Svo voru það flöskurnar. Þá var engin endurvinnsla. Ég tók flöskurnar, flestar voru óhreinar og ljótar, stillti þeim upp á stein og kastaði í þær til að *stúta* þeim eins og kallað var. Stundum lét ég þær fljóta á sjónum og reyndi að sökkva þeim með steinkasti þar sem þær ráku undan vindi frá landi.

Ef ég var lengi að hangsa svona vissi ég að amma mín yrði hrædd um mig. Ef mikill vindur var og stórar öldur var hún hrædd um að ég myndi detta í sjóinn og drukkna. Hún tók þá kík og skimaði eftir mér. Hún sá hvítan kollinn á mér á grandanum. Svo fór ég í hvarf, kannski lengi. Þá var hún hrædd um að dagar mínir væru taldir og sendi einhvern eftir mér.

Ömmu þótti undur vænt um mig og ég reyndi að gera hana ekki aftur leiða með því að haga mér leiðinlega.

Þinn elskandi afi.



Teikning eftir Jóhannes Örn.

NÝSLEGINN TÚSKILDINGUR - Í ELDHÚSINU

Ég var öll sumur í sveitinni úti á Nesi. Mamma var oft á ferðalagi þegar ég átti afmæli. Einu sinni sendi hún mér skeyti frá Setbergi á Snæfellsnesi. Í annað sinn sendi hún það frá Brjánslæk og í þriðja sinn sendi hún það frá Reykholti í Biskupstungum.

Það var gaman að fá bréf og afmælisgjöf á afmælinu sínu og skrifað utan á umslagið: *Herra yngispiltur Eggert Ólafur, Nesi v. Seltjörn*. Það var mikilsvert í gamla daga að skrifa einhvern titil á bréf. Þegar ég var kominn í Gagnfræðaskóla Reykvíkinga fékk ég bréf með utanáskrift: *Hr. stud. art. Eggert Ólafur Ásgeirsson*. Var ég upp með mér af því.

Stundum var mér send bók í afmælisgjöf og rjómaterta frá Björnsbakarí til að allir heimilismenn í Nesi gætu notið afmælisins með mér. Tertan var borðuð í kaffitímanum og allir óskuðu mér til hamingju og báðu mig að skila kveðju til mömmu. Ég var ósköp feiminn af öllu þessu tilstandi með mig. En það var gaman samt því allir voru góðir.

Mér fannst eldhúsið í Nesi stórt þangað til ég kom inn í húsið þegar ég var orðinn stór. Þá var eins og það hefði minnkað. Ástæðan var sú að þá var ég orðinn stór og hafði séð mörg stór hús og var ekkert hissa lengur, fannst mér. Svo varð eldhúsið að læknaminjasafni og minnkaði enn! Síðast var læknaminjasafnið lagt niður og þá stækkaði eldhúsið aftur.

Það var oft mjög skemmtilegt í eldhúsinu. Kristín amma mín sat við gluggann við vesturenda borðsins en ég við hinn endann. Svo röðuðu sér allir kringum borðið, vinnumennirnir og konurnar. Stúlkurnar voru alltaf að búa til mat, og stóðu við vaskinn og eldavélina. Eygló sat í horninu á moðkassa, því hún var veik, það er að segja eftir að Fía, fóstur pabba, dó, en hún sat þar alltaf áður og þóttist lesa Moggann, en hafði aldrei lært að lesa.

Eldavélin var stór og svört og hituð upp með kolum eða mó, þangað til keypt var hvít Sóló eldavél frá Jóhanni Kristjánssyni, sem bjó í húsinu með grasþakinu á horninu á Fjólugötu og Njarðargötu. Guðrún Guðmundsdóttir mamma hennar Siggu Jakk var úr Borgarfirðinum og allan daginn frá því snemma á morgnana og þangað til seint á kvöldin að segja sögur úr Þverárhlíð og Stafholtstungum. Var mikið hlegið að sögunum hennar. Þá þótti ekki verra að segja sömu sögurnar oft, þá mundu menn þær og gátu hlegið enn meira en áður.

Eitt sumarið fékk ég lungnabólgu og var lagður á spítala. Ég segi þér frá því seinna. En þegar ég fór af spítalanum sagði læknirinn að ég þyrfti að boða egg til að ná góðri heilsu aftur og verða hraustur og sterkur.

Allir vildu að mér batnaði vel. Þess vegna var á hverju kvöldi spælt fyrir mig, eða stöku sinnum soðið, eitt egg sem ég var látinn borða. Ég var mjög feiminn og vildi ekki láta gera neitt sérstakt fyrir mig, eins og ég væri öðruvísi en allir aðrir. En eitt egg skyldi það vera og á hverjum degi var sagt: *Hér kemur eggð þitt, Eggert Ólafur!* Mér þótti þetta hræðilega leiðinlegt. Alla tíð síðan rifjast þetta upp fyrir mér þegar ég fæ egg. Enn er ég

ekki hrifinn af eggjum. Ég borða þau ef ég þarf. Mér var líka gefið salat með fíflablöðum, njóla og skyrósú. Ég hef aldrei verið spenntur fyrir svoleiðis mat heldur. Einu sinni var ég að selja Vísi fyrir utan Áfengið neðst í Vesturgötunni. Þar hitti ég frænda minn sem spurði mig: „*Hvernig hefur þú það, Eggert Ólafur*“? Ég svaraði: „*Ágætt*“. Þá sagði kallinn: „*Þú ert bara alveg eins og nýsleginn túskildingur með gati*“. Þetta hafði ég aldrei heyrt fyrr.

Einu sinni spurði amma Kristín þegar við sátum við kvöldmatarborðið:

Hvernig líður þér, Eggert Ólafur minn?

Alveg eins og nýsleginn túskildingur með gati sagði ég þá. Allir þögnuðu við borðið, horfðu á mig og sögðu í einu hljóði:

Þetta er nú meiri strákurinn, að geta sagt þetta, ja hvílikur orðaforði. Hvar lærðir þú þetta?

Ég hitti frænda minn á Vesturgötunni og hann sagði þetta við mig.

Þá sagði Óli frændi: *Jaja þá, fyrir utan Áfengið. Drekkur hann enn?* Nú var ég kominn í klípu, hafði aldrei heyrt neitt slíkt um neinn nema róna. Ég svaraði og bjargaði mér útúr vandræðunum og sagði: *Hann er þættur að drekka!*

Jaja það er aldeilis gott, svörðuðu karlarnir og málið féll niður. Ég lærði tvennt af þessu: Að tala ekki af mér og fór líka að taka eftir því að kallinn drakk enn. Meira að segja tók ég nú eftir að fleiri drukku af þeim sem ég þekkti.

Ég var svo feiminn að mig hefði helst langað til að skríða undir borðið. Lengi passaði ég mig á að segja ekk neitt svona aftur eða að vekja athygli. En smám saman hætti ég að vera feiminn og fór að taka þátt í umræðum enda sagði mamma mér alltaf að maður ætti að vera duglegur að *konversera*, tala við alla um heima og geima.

Heima hjá mér þökkðu allir fyrir matinn. En í Nesi gerði það enginn. Menn gengu bara út eftir hádegismat og lögðu sig eða fóru inn í stofu til að hlusta á fréttirnar eftir kvöldmatinn. Meira að segja ég, sem var alveg ógurlega vel alinn upp, stikaði framhjá ömmu, þakkaði ekki fyrir mig og leit ekki á hana, var sami durturinn og allir hinir. Og hef séð eftir þessu alla ævi síðan.

Þá var ekkert sjónvarp og útvarpið byrjaði alltaf klukkan átta og allir sátu og hlustuðu á fréttirnar og ýmislega skemmtilega dagskrá.

Þinn elskandi afi.

SKEMMA OG HESTHÚS

Ég hef sagt þér frá því þegar ég var úti í góða veðrinu. En eins og ég sagði var nú ekki alltaf gott veður. Hvað voru allir að gera þá? Auðvitað þurfti að mjólka tvisvar á dag, alla daga, reka kýrnar og sækja. Þegar rigning var klæddi ég mig í regnkápu og gúmmístígvél og fór út í fjós til að reka kýrnar í hagann. Síðan var kannski farið að sækja hesta.

Regnkápan var óþægileg, svört, hörð olíukápa sem særði mig á úlnliðunum þegar hún var ný. Ég óx fljótt upp úr henni og þannig náði hún ekki nema niður á framhandlegg. Hún hélt meira að segja illa vatni. Þá var ekki búið að finna upp vatnshelt *goretex* og plast. Svo var ég með sjóhatt, sem var úr eins efni og kápan. Inni í honum var blóðblettur sem hafði komið einu sinni þegar ég datt á vegg við Ásvallagötu.

Sjóhatturinn, sem Óli frændi kallaði *sudvest*, var þægilegur. Það er víst komið úr frönsku. Vatnið rann út af breiðum börðunum, en ekki niður í hálsmálið og niður á bakið.

Svona útbúinn fór ég til að reka kýrnar. Á eftir var ýmislegt gert, teknar upp kartöflur og rabarbari, borið á túnið eða unnið við að laga gaddavírsgirðingar.

Nesstofa, íbúðarhúsið okkar, stóð uppi á hól. Þegar komið var út á hlað blasti Faxaflóinn við. Til vinstri, þegar komið var út úr skúrdyrnum, var gengið niður traðir og komið að fjósinu á hægri hönd. Á móti því var kamarinn og þvottahúsið. Þar voru þvegnir þvottar, mjólkin kæld og slátur soðið.

Ef maður beygði til vinstri þegar komið var niður traðirnar var farið framhjá kamrinum og komið að skemmunni, með stórrí grænni hurð og voru tvö þrep niður.

Mest gaman var þegar allir voru að vinna í skemmunni, Bragi og Óli frændi að smíða. Stundum komu einhverjir skemmtilegir í heimsókn.

Í skemmunni var skrýtin lykt enda var allt geymt þar, fóðurbætir, áburður, málning, kalk, blásteinn, timbur, reipi og allt mögulegt.

Þar við hliðina á hesthúsinu var hænsnahúsið með mörgum púddum. Þær gengu um ánægðar með sig, með hanann í broddi fylkingar og litu inn í skemmuna til okkar. Þær áttu von á því að ef við værum í góðu skapi myndum við kasta til þeirra maískorni eða mjöli sem var geymt þar. Svo galaði haninn svo heyrðist út um allt.

Uppi undir lofti voru geymdar hrífur og orf. Hrífurnar voru notaðar til að raka með heyið á túninu og orfin til að slá grasið þar sem þýft var eða svo óslétt að ekki var hægt að nota hestasláttuvél. Ljair voru vafðir inn í olíublauta strigapoka svo þeir ryðguðu ekki. Reipi voru notuð til að binda hey í bagga og hala í talíu upp á hlöðuloftið fyrir ofan fjósið. Þarna voru aktýgi sem lögð voru á bak hestanna til að þeir gætu dregið vagna. Beislin voru sett upp í hestana. Þarna var allskonar drasl sem var gaman að skoða. T.d. voru til ósköp af gömlum nöglum sem krakkar voru látnir rétta svo hægt væri að nota þá aftur.

Mest var gaman þegar Bragi, ungi vinnumaðurinn, vinur minn, og Óli frændi voru að smíða og dytta að ýmsu. Það þurfti að huga að amboðum sem notuð voru við heyskapinn, setja tinda í skörðóttar hrífur, festa lausa hausa á hrífusköftin. Ein hrífan var elst og með trétinda. Til var rauðaviðarkubbur sem tindar voru flísaðir úr og tálgaðir til, bara fyrir þessa einu hrífu. Nýrri hrífur voru með járntindum og sú nýjasta með alúminíumtindum. Allir voru á móti þeim, því ef tindarnir bognuðu var ómögulegt að rétta þá því þá brotnuðu þeir. Sjálfur var ég alltaf að tálga eitthvað eða látinn rétta nagla eða sópa gólfid.

Einu sinni smíðuðu þeir lítið orf handa mér og settu á það lítinn Eylandsljá, svo ég gæti farið út á tún með hinum þegar farið var að slá. Mikið var ég stoltur af orfinu mínu og grunaði ekki annað en allt myndi ganga vel.

Það gekk nú ágætlega nema að ég var örvhentur og enginn gat kennt mér að brýna ljáinn þannig að hann biti. Þegar einhver var örvhentur í gamla daga var eins og allir legðu árar í bát og lögðu ekki í að kenna okkur handtökin. Fyrst og fremst gat ég ekki brýnt með hægri hendinni. Ef ég notaði vinstri hendina sneri ljárin öfugur. Þannig mátti ekki brýna, sögðu menn. Ég komst að því þegar ég var orðinn fullorðinn að það var allt í lagi með að brýna þannig. En kallarnir vildu að allt yrði gert nákvæmlega eins og alltaf hafði verið gert. En mikið var ég nú samt stoltur af að eiga orf.

Í skemmuni var stór og þungur steðji. Á honum voru smíðaðar og réttar skeifur sem settar voru á hófa hestanna. En ég var alltaf að rétta nagla á steðjanum. Það var mjög erfitt að fá nagla í búðum og auk þess voru þeir dýrir. Þegar slegið var með hamri í steðjann söng hátt í honum. Hann var geysilega þungur þannig að ég gat aldrei bifað honum. Ég var ekki eins sterkur og Stjáni Wendel, sem stundum kom í heimsókn. Hann batt reipi í augað á steðjann og lyfti honum með tönnunum. Mikið var gaman að standa þarna og rétta naglana, passa sig að slá ekki á fingurna á sér og hlusta á karlana tala saman.

Í horni stóð vigt sem einhvern tímann var notuð til að vigta hey eða fisk. Henni fylgdu mörg lóð, sum létt og önnur þung. Það þyngsta var 100 pund eða 50 kíló. Í mörg ár var ég að reyna hvort ég gæti loftað lóðinu. Loksins gat ég það! Ég var svo hrifinn af sjálfum mér að vera loksins orðinn stór og sterkur.

Þakið á skemmuni var úr bárujárni. Þegar rigning var mátti heyra hana bylja á þakinu. Inni var hlýtt og þurrt og hlýlegt þótt engin upphitun væri.

Þarna var margt skemmtilegt sagt. Karlarnir höfðu verið til sjós, verið í réttunum, farið á böll, verið í Hvanneyrarskóla og lent í slagsmálum. Allt sem þeir sögðu var skemmtilegt. Sumir þeirra reyktu. Þegar þeir köstuðu frá sér stubbum, laumaðist ég til að ná í þá og reyndi að reykja. Það var ekki gott. Það þótti fínt að reykja, halda sígarettu milli fingranna og púa. Við krakkarnir skárum tágar úr fiskikörfum og reyndum að reykja þær. Það gekk, en ekki var það betra.

Stundum var fullorðna fólkið annars staðar, úti eða inni. Þá sátum við í skemmuni krakkarnir í Nesi. Oft bættust í hópinn krakkar úr sumarbústöðunum á Melnum, Haukur sonur Nielsens fjósamanns, Klaus Kroner, Ómar bróðir Ragga Bjarna, Sigga,

Nanna og Gunna í Litlabæ. Við vorum að tala saman og höfðum ekki síður margt að segja en fullorðna fólkið. Töluðum um alla heima og geyma.

Við hliðina á skemmunni var hesthúsið. Þar var stóri boli geymdur, sem aldrei fékk að fara út nema þegar komið var með kýr sem áttu að eignast kálfa. Þá varð hann glaður. En þess á milli baulaði hann mikið. Stundum varð hann reiður og bölvandi, eins og kallað er.

Þar við hliðina var hæsnahúsið með mörgum púddum. Þær gengu um spekingsslegar og ánægðar með sig, með hanann í broddi fylkingar, og litu inn í skemmuna til okkar. Svo galaði haninn svo heyrðist um allt og hanaungarnir hermdu efir rámir og raddlausir.

Ekki voru allir hrifnir af því að við værum lengi úti í skemmu að gera ekki neitt. Þá leit einhver til okkar og skipaði okkur að fara að vinna eitthvað, að sækja hestana, mala kaffi, berja fisk eða gera eitthvað annað misjafnlega skemmtilegt. Svona var ýmislegt að sýsla og alltaf eitthvað skemmtilegt á seyði.

Þinn elskandi afi.



Mósi, Gráni og Rauður hjá Litlabæ.

GRÁNI, MÓSI OG RAUÐUR

Hestarnir voru hafði í girðingu utan um tún sem kallað var *Hestastykki*. Rauður var yngstur, ósköp þægur en óglæsilegur. Hann hengdi hausinn. Þegar hann hljóp með mig á baki var alltaf hætt við að ég rynni fram af honum, sérstaklega þegar hann stoppaði skyndilega eða hljóp út undan sér, því hann var hræddur við margt, t.d. vír í götunni.

Gráni var elstur og virðulegastur. Hann var óþægur og vildi ekki láta ná sér. Var haft langt band um hálsinn á honum sem hægt var að ná í, þar sem hann dró það á eftir sér. Ekki gekk það samt vel. Stundum þurfti að króa hann af og þá slapp hann ekki. Ef við vorum lengi að elta við hann varð hann stundum svo leiður á öllu saman að hann lét ná sér. Hann taldi virðingu sinni misboðið að vera sóttur fyrstur. En Sigga Jakk og hann voru vinir. Hún gat alltaf náð honum.

Gráni var sterkasti hesturinn á bænum. Stundum náðum við bara í Mósa, sem var fallegastur, en ekki góður. Allir voru varaðir við að ganga aftan við hann því sagt var að hann væri slægur. Við vorum alltaf hrædd við hann og gættum okkar á honum. Aldrei man ég samt eftir að neitt kæmi fyrir. En ekki var hættandi á neitt enda gengu sögur um að hann hefði slasað fólk.

Mósi og Gráni voru hafðir fyrir sláttuvélina. Þeir kunnu að ganga í takt, beygja og bakka. Þeir kunnu að slá jafn vel og Óli frændi.

Stundum þegar ég sótti kýrna fékk ég mér hest til reiðar og notaði beisli úr skemmunni. Ef ég hitti hest úti í haga skrapp ég stundum á bak og notaði snæri sem ég var alltaf með í vasanum fyrir beisli.

Það var eins gott að fara varlega og detta ekki af baki. Óli frændi sagði alltaf að þá fyrst fengi ég að fara í réttirnar á hesti ef ég dytti ekki af baki allt sumarið. Ég fór aldrei í okkar réttir á hestbaki. Hann þurfti endilega að komast að því hvert einasta skipti sem ég datt af baki. Eina skiptið sem ég fór á hestbaki í réttirnar var frá Móum þegar farið var í Kollafjarðarrétt.

Þinn elskandi afi.



Norskur hestur eftir Jóhannes Örn Dagsson.

KARTÖFLUR Í HESTVAGNI

Eins og þú veist var ég alltaf í Nesi á sumrin og kom sjaldan í heimsókn í bæinn þótt ekki væri nema klukkutíma gangur á milli og hægt að fara í strætó.

Einu sinni þegar ég var 10 ára var mjög gott veður allt sumarið. Þegar ég kom í heimsókn í Tjarnargötuna leist mömmu ekki á mig. Hún vissi að ekki var til neitt það í sveitinni og grunaði að ég væri óhreinn og sagði mér að fara í það. Þar var ég skrúbbaður hátt og lágt en ég var alltaf jafn brúnn. Það kom sem sé í ljós að ég var kolbrúnn af sól. Var mikið hlegið að þessu.

Einu sinni var ég sendur í bæinn til að fara með kartöflur og rabarbara á Hótel Ísland og gefa mömmu nýjar kartöflur. Ég var á hestvagni með Grána fyrir vagninum. Ég sat eins og herforingi á þverfjöl í vagninum, stóð stundum upp, og hottaði á hestinn - það var flottast. Nú væri það bannað. En þá hugsaði enginn um slys og öryggisbelti voru ekki til.

Þegar ég var að keyra frá hótelinu eftir Aðalstræti slitnaði taumurinn öðrum megin og Gráni hélt að þegar tekið var í tauminn öðrum megin að ég vildi beygja og snerist í hring á götunni. Öll umferðin stoppaði og fólk horfði hissa á. Ég var fljótur að stökkva ofan af vagninum, taka í beislið á Grána, leiða hann inn á rétta braut og hnýta tauminum vel í beislishringinn.

Eftir þetta óhapp fór ég í Tjarnargötuna, var ekki með lykla og hringdi á dyrabjölluna. Til dyra kom ung stúlka, sem hjálpaði mömmu í húsinu þá um sumarið, og ég hafði aldrei séð. Mér varð alveg orðfall og vissi ekki hvað ég átti að segja en spurði: „*Er Fríða heima?*“ Hún kallaði til mömmu: "*Fríða, það er einhver sveitrastrákur að spyrja eftir þér, hann er á bestvagni - með tvo hunda*". Mikið var ég nú glaður þegar mamma kom og ég fann að hún bjó þar enn og ég í réttu húsi.

Eftir að hafa fengið eitthvað gott að borða og skilað af mér kartöflunum fór ég heim í Nes og hesturinn fór á stökki, því hann var heimfús, eins og margir hestar, feginn að komast heim aftur.

Mér fannst ég alltaf vera hálf ókunnugur heima þegar ég var í sveitinni. Ég var allt öðru vísi klæddur en allir bæjarkrakkar, kolbrúnn, í skítugum *overol* og með fjósalykt.

Ég vissi alveg að ömmu og Dídí þótti sú lykt ekki vel góð því þegar Óli frændi eða vinnumennirnir í Nesi eða fólkið í Móum kom í heimsókn var rokið í að lofta út strax og það var farið. Sérstaklega var kvartað yfir súrheyslykt.

Ég vissi að mömmu leið illa yfir hvernig þær Dídí og amma létu. En hún tók vel á móti öllum og þótti vænt um fólkið. Það var líka skrítið að koma í heimsókn og að sjá alla í sparifötum, sitjandi í sólinni úti í garði.

Svona rifjast ýmislegt upp frá æskunni.

Þinn elskandi afi.



Kría á steini.

KRÍUR OG UNGAR

Ljómandi er gaman að setjast niður til að skrifa þér. Mér finnst þú vera hjá mér og að ég sé að segja þér frá því sem ég hélt ég væri búinn að gleyma.

Í Nesi var mikið af kríu. Þú hefur áreiðanlega einhvern tímann séð þennan hvíta fugl, með rauða fætur, sundfit á milli tánna og svarta hettu á höfðinu. Jú, þegar við fórum á Snæfellsnesið og komum í Skógarnes, fundum við kríuunga í fjörunni. Hann var reiður og vildi kroppa í þig. Þá varstu nú hræddur, enda lítill þá.

Krían er lítill og léttur fugl, með langa og mjóa vængi, sérstaklega góð að fljúga og stinga sér eftir síli. Hún er duglegri að fljúga en flestallir aðrir fuglar. Krían flýgur á haustin frá Íslandi alveg til Suðurheimskautslandsins. Á vorin snýr hún þaðan til Íslands. Lengra er varla hægt að fljúga á þessari jörð.

Krían lendir í mörgum ævintýrum á þessu langa flugi sínu. Ég ætla ekki að segja þér frá þeim, heldur þeim ævintýrum sem ég lenti í. Krían kom á hverju vori um 14. maí. Þá fór hún strax að finna sér stað fyrir hreiðrið. Um leið og hún var búin að því varð hún mjög adsópsmikil og reið ef einhver kom nálægt, sérstaklega þegar eggjin voru komin í hreiðrið eða ungarnir úr eggjunum.

Þegar gengið var um varpið þurfti að passa að stíga ekki á eggjin. Þegar maður var þar, komu allar kríurnar og görguðu *keri-keri-keri* og *gane-gane-gane*. Þær svifu yfir höfðinu á manni og steypu sér niður og gogguðu stundum í höfuðið. Þá var gott að hafa spýtu og halda henni yfir höfðinu.

Mér þótti nú samt skömm að því að sýna að ég væri hræddur og reyndi að láta ekki á neinu bera, gekk uppréttur og setti kannski eitthvað hart inn í húfuna mína. Enn skammast ég mín fyrir ef ég beygi mig og sýni óttamerki þegar ég geng um kríuvarp.

Verst var þegar við vorum að slá túnin úti í Suðurnesi, þar sem nú er golfvöllur. Þá var nauðsynlegt að ganga á undan vélinni til að passa að ungar væru ekki fyrir. En það gekk ekki alltaf vel. Sumir höfðu falið sig í grasinu, urðu fyrir sláttuvélinni og dóu. Ef þeir voru illa meiddir þurfti að snúa þá úr hálsliðnum svo þeir myndu ekki þjást.

Það var margt gott við kríurnar. Þær voru fallegar og yfirleitt glaðar. Þær ráku hrafna og máfa burt þegar þeir komu til að stela ungum og eggjum. Þess vegna voru hinir varpfuglarnir í Nesi vinir þeirra. Þær voru líka duglegar að veiða síli handa ungum sínum sem uxu mjög hratt.

Vegna þess hve ungarnir og kríurnar átu mikið skitu þær mikið. Kríuskíturinn er mjög góður áburður og því óx grasið í varpinu vel og var gott og hollt fyrir kýrnar sem átu það á veturna.

Svo verptu þær eggjum sem voru góð á bragðið þegar þau voru mátulega soðin. Þegar eggjin voru tekin ný verptu kríurnar aftur.

Ungarnir voru óskaplega hræddir þegar ég kom nærri. Þeir hlupu eins og þeir gátu og flýðu út á sjó eða tjörn til að sleppa. Mér þótti mjög gaman að leika mér að þeim. Þá vildu þeir bíta mig í fingurna, ansi fast og vildu ekki sleppa.

Svo var gaman að fylgjast með þegar ungarnir voru að læra að fljúga. Þeir voru klaufar fyrst en voru alltaf að æfa sig og þegar að hausti kom gátu þeir flogið alla leið hinum megin á hnöttinn.

Þannig var nú með kríurnar sem mér þykir alltaf vænt um síðan. Þær eru líka á Reykjavíkurtjörn þar sem hægt er að fylgjast vel með þeim. En þeim hefur fækkað, því miður.

Þinn elskandi afi.



Mynd tekin frá Suðurgötu. Lengst til vinstri er Tjarnargata 22, hús Klemensar Jónssonar, Klemmukassinn. Næst er Tjarnargata 24, húsið hennar ömmu, þar sem ég bjó. Lengst til hægri er Biskupshúsið, Tjarnargata 26. Barnaskólinn sést hinum megin við Tjörnina.

BÍLLINN HANS PABBA

Gaman var að tala við þig í gær og heyra um að pabbi þinn skuli hafa keypt rauðan og fallegan bíl. Þegar ég var lítill voru fáir sem áttu bíla. Í Tjarnargötu voru til dæmis engir bílar, enda var gatan svo mjó að enginn hefði getað stoppað á götunni. Það var stöku sinnum að litlir sendibílar komu. En þeir stóðu stutt við. Þá kom fyrir að leigubílar kæmu í húsið með viðskiptavini mömmu, en þeir fóru strax aftur og stöðvuðu því ekki umferðina, enda var eiginlega engin bílaumferð. En gatan þurfti að vera greið því slökkvistöð var í Tjarnargötu 12 og þurftu slökkviliðs- og sjúkrabílar að komast leiðar sinnar.

Þegar ég var nýorðinn sex ára keypti pabbi minn finan Fordbíl með vini sínum Sigurði Jónassyni. Ég var, eins og þú ert nú, spenntur þegar við sóttum bílinn. Hann var í nýju húsi Egils Vilhjálmssonar við Laugaveg. Húsið var þá tvær hæðir sem nú er búið að byggja ofan á. Egill Vilhjálmsson notaði áróðursorðin: Allt á sama stað, eins og sést á myndinni.



Við sóttum bílinn upp á aðra hæð. Það var mikið skemmtilegt þegar við keyrðum eftir skábraut niður á fyrstu hæð. Slíkt hafði ég ekki gert áður og hef ég aldrei gleymt hvað það var spennandi. Einnig þótti mér merkilegt að skoða bílinn. Hann var svo finn, meira að segja hægt að skrúfa rúðurnar niður. Svo fór hann strax í gang, án þess að það þyrfti að nota sveif eins og á eldri bílum. Þegar það var gert þurfti að sækja sveifina inn í bílinn, stinga henni inn í gegnum stuðarann og inn í móturhúsið. Þegar hún var orðin vel föst þurfti að beita öllu afli til að snúa henni. Svona sveifar voru lengi á bílum, meira að segja á fyrsta bílnum sem ég keypti mér tuttugu árum síðar. Flestir voru hálfhræddir við að snúa sveifinni því sögur gengu um að hún gæti snúist aftur á bak og handleggsbrotið þann sem sneri. Aldrei sá ég nein dæmi um slíkt.

Ekki man ég meira eftir bílnum, því þegar pabbi dó nokkrum dögum seinna, þá eignaðist Sigurður bílinn. Annars átti enginn bíl sem ég þekkti.

Einu sinni fór sendiferðabíll út af Suðurgötunni og á ská niður Tjarnarbrekkuna og út í rabarbarabeð á Tjarnargötu 20. Þetta var sendibíll *SÍF* fyrir niðursuðuvörur sem á var

málað: *Opnið eina dós og draumurinn kemur í ljós.* Var grínast með þetta orðtæki og spurt hvort draumar væru í dósunum.

Einu sinni var Oddur Ólafsson í Iðnó að keyra niður Kirkjugarðsstíginn beint fyrir ofan húsið okkar. Hann missti stjórn á bílnum, keyrði í gegnum girðinguna og hékk á gaddavírnum efst í brekkunni. Héðinn Valdimarsson átti mikið fínan bíl og náði skítbrettið niður á mitt hjól. Einu sinni var hann að keyra eftir Tjarnargötunni og lenti úti í Tjörn.

Þinn elskandi afi.

Þorláksmessa 2014.

Í gær var ég í afmæli Hrefnu. Þar hitti ég Pétur Pétursson, bekkjarbróður Palla. Við rifjuðum upp sögur úr hverfinu. Hann bjó í Suðurgötu 20, sem stendur ofar húsaröðinni í Suðurgötunni, þar sem heitir Hólavöllur. Hann var einn þeirra sem stytta sér leið um brekkuna og fór hjá Tjarnargötu 20, húsi Sigurðar Briem. Þetta athæfi fór í taugarnar á Sigurði svo hann lét gera girðingu til að torvela ferðir krakkanna en gerði það þannig að auðveldara var en áður að klifra yfir. Jókst ónæðið því.

Þegar ég sagði Sæunni frænku þinni þetta sagði hún að þegar ís væri á Tjörninni stytta hún sér leið þegar hún væri að heimsækja vinkonu sína í Suðurgötu 24. Hún færi þá yfir Tjörnina og upp brekkuna hjá Tjarnargötu 26, húsinu hans Sveins Einarssonar leikhússtjóra. Húsið væri oft dimmt og enginn bíll í innkeyrslunni og því líklegra að þar væri enginn heima.

Þá var Pétur eitt sinn að horfa út um gluggann og sá reyk upp úr þakinu á Tjarnargötu 20. Hann flýtti sér niður brekkuna til að láta vita. Þegar hann kom að húsinu mætti hann brunaliðinu. Þá hafði Ólafur Thors, sem lengi var ráðherra og bjó í Garðastræti, líka litið út um gluggann, séð reykinn, brá við og hringdi á brunaliðið sem slökkti eld í risinu.

HESTHÚS – FLÓR - BOLI

Ég hef sagt þér frá honum stóra bola í Nesi sem stóð bundinn á básnum sínum í hesthúsinu með hring í nefinu til að hægt væri að teyma hann þegar hann fór út. Hann var með svo sveran háls að það var varla hægt að treysta því að keðja héldist föst um hálsinn á honum þar sem hann var ekki með horn, bara litla hnífla, smá vísi að hornum. Ég var mjög stoltur yfir því embætti sem ég fékk að leiða bola út þegar komið var með kýr til hans. Hélt ég þá í band sem var fest í hringinn í nefinu á honum, Hann var þægur við mig og ég óhræddur við hann. Yfirleitt var komið með kýrnar í kringum kvöldmat þegar allir voru inni að borða. Kannski nenntu ekki aðrir að fara út til að leysa nautið.

Ég held að ekki hafi verið önnur þarfanaut á Nesinu. Það var þarfanaut hjá Sóolveigu í Nesi en ég man ekki eftir því að margir notuðu það. Til okkar var komið með kýr frá Eiði, Bakka, Mýrarhúsum, Bollagörðum og Rádagerði.

Í hesthúsinu voru á veturna hestarnir Gráni, Rauður og Mósi. Stóra bola þótti þeir leiðinlegir. Á sumrin voru hestarnir úti í haga og enginn kom til bola í hesthúsið nema þeir sem gáfu honum hey og mokuðu flórin.

Ég hafði það mikilvæga embætti að moka flórin á hverjum degi og kynntist bola vel. Ég reyndi að vera góður við hann, klappaði honum og klóraði á bak við eyrun, en sérstaklega á loðnu og breiðu enninu og við rótina á halanum. Einnig við hnýflana á hausnum á honum. Aldrei urðum við neinir vinir og ég veit ekki hvort hann þekkti mig. Ég vorkenndi honum mikið og fannst hann eiga bág. Allan daginn mátti heyra hann baula og bölvá, eins og það var kallað, sem sýndi að hann var ekki í góðu skapi.

Einu sinni þegar ég var ekki heima kom kýr sem vildi eignast kálf með stóra bola. Ég man ekki hver var fenginn til að far út með bola. En hvað heldurðu? Hann missti tauminn á bolanum svo hann slapp út á tún. Allir voru dauðhræddir því bolar eru stundum mannýgir, vilja stanga fólk. Kýrnar eru ekki mannýgar, bara bolarnir, og það bara bolar sem eru í vondu skapi. Boli hljóp nú út um allt tún og stangaði heyvagn sem stóð þar. Hann hljóp á heysátur, felldi þær um koll og þyrtaði heyinu kringum sig. Fólkíð var dauðhrætt þar sem það horfði á bola, hélt að hann myndi hlaupa á girðinguna og komast út á veg og heim að húsinu. Ekkert virtist vera hægt að gera, boli hljóp um allt tún og stangaði hvað sem fyrir varð og rótaði í flögum.

Loks sá Alfreð vinnumaður að eitthvað yrði að gera, hann fór út á tún með stóran lurk og atlaði að reyna að ná stjórn á bola og koma honum heim. Þegar hann kom til hans var boli orðinn bæði móður og þreyttur. Hann gat því tekið í tauminn í nefhringnum og teymt hann heim. Boli rölti ósköp rólegur á eftir honum og inn í hesthús.

Í nokkra daga lá boli inni í hesthúsi og stundi. Stóri sterki boli, sem aldrei fékk að fara út var svo veikburða af hreyfingarleysi að hann lá lengi stynjandi, með harðsperrur. En Alfreð varð frægur um Framnesið: Maðurinn sem réði við stærsta bola sem nokkur hafði séð - algjör nautabani!

Þetta var nú ein sagan af honum stóra bola í Nesi, þabba allra fallegu kálfanna og góðu mjólkurkúnna. Besti boli í heimi sem átti einn vin - mig.
Þinn elskandi afi.



Þetta eru hænsn af kyni sem er kallað *landsnámbænsn*. Sjálfsagt ekki eins og hænsnin í Nesi, en þau voru eins og þessi, allavega lit.

HÆNSNAHÚSIÐ

Ég hef sagt þér frá hænsnunum sem voru að spóka sig hjá skemmunni til að sníkja korn. Þau bjuggu í hænsnahúsinu fyrir austan hesthúsið þar sem boli var í innsta básnum.

Þetta var ósköp lítið hænsnahús með bara 20 hænum. Neðst á hurðinni inn í hænsnahúsið var lítið op sem hægt var að renna loku fyrir. Um það gátu hænsnin farið út og inn án þess að það yrði mjög kalt inni. Á gólfinu voru spænir, sem ég sótti á hestvagni í Trésmiðjuna Völund við Skúlagötu. Ég fékk tvo stóra tunnupoka í einu og reyndi að troða eins miklu í þá og ég gat. Það kostaði ekkert.

Spæninir voru settir á gólfið svo þar væri hlýtt og þurrt. Eftir hænsnakofanum endilöngum var pallur og fyrir ofan hann tvö prik. Á þeim sváfu hænsnin. Þeim þykir gott að sofa á prikum. Var líka hlýrra upp við loft í kofanum. Á veggnum á mótí voru varpkassarnir. Þangað fóru hænurnar inn til að verpa. Úr þeim þurfti að safna eggjunum tvisvar á dag. Reyndar áttu sumar hænurnar það til að verpa víðar, t.d. í tómar jötur úti í fjósi eða hesthúsi eða á pokunum í geymslunni. Þær vildu fela eggin til að geta ungað þeim út.

Í hænsnahúsinu var stór hani og glæsilegur, með marglitar fjaðrir, langar stélfjaðrir og glæsilegt stél. Hann var ósköp merkilegur með sig, teygði sig og reigði, galaði mikið, sérstaklega á morgnana og þóttist ráða yfir öllum hænunum. Stundum hljóp hann í kringum hænu, sem hann var ástfanginn af, með annan vænginn alveg niður við jörð. Það var kallað *að stíga í vænginn* og er líka notað um fólk. Hann var alltaf að leita að korni úti, því hænurnar fóru um allt. Hann gaf frá sér sérstakt hljóð þegar hann þóttist hafa fundið korn. Þá komu þær hlaupandi en fundu sjaldan neitt. Annaðhvort var hann búinn að éta kornið sjálfur, eða var bara að monta sig. Hænsnin voru allan daginn að róta og leita að æti.

Það var heil ósköp sem hænurnar skitu. Tvisvar á hverju sumri vorum við Óskar látnir fara í hænsnahúsið og skafa skítskánina af pallinum og moka spænina út og fara með þetta í haug sem notaður var sem áburður í gulrótna-, rabarbara- og rófugarð rétt hjá.

Ég hef ekki sagt þér frá Óskari. Hann var þrem árum eldri en ég og átti heima á Grímsstaðaholtinu. Hann var nokkur sumur í Nesi. Ég held að honum hafi leiðst. Hann var mjög niðurdreginn þegar hann kom fyrst og strauk aftur heim til sín. Nanna systir hans var vinnustúlka hjá okkur. Hún var seinna prestsfrú í Breiðholti.

Einhver var sendur tvisvar á dag til hænsnanna með matarafgangi sem hrært var saman við korn. Þá komu þau öll hlaupandi mjög hrifin.

Það var alveg nóg af eggjum fyrir allan mat og í bakstur þótt Nesheimilið væri stórt.

Sumar hænurnar vildu endilega liggja á eggjunum og unga út sjálfar. Það fengu þær stundum að gera. Var þá búið um þær í lausum bási í hesthúsinu og þar lágu þær á eggjunum til að halda þeim volgum. Eftir nokkurn tíma fóru ungarnir að kroppa gat á

skurninn og komu út til að skoða veröldina. Þá fór hænann með þá alla út að ganga og var þá heldur en ekki ánægð með sig. Ungahænur eru eins og allar mæður hræddar um ungana sína og passa þá vel. Sérstaklega eru þær illskeyttar þegar ungarnir eru nýkomnir út. Ef einhver kemur nærri þeim ýfa þær sig og gagga illilega. Stundum réðust þær á mig svo ég varð rosalega hræddur og hljóp í burtu eins og fætur toguðu. Þær eltu mig spölkorn og urðu fljótt þreyttar, sneru sér svo sigri hrósandi til unganna sinna.

Á næturnar eða þegar kalt var fóru allir ungarnir undir þær og földu sig í fiðrinu og undir vængjunum til að komast í hitann. Var spaugilegt að sjá þegar þeir kíktu út til að skoða heiminn í kring. Ósköp leið þeim þar vel.

Ég gleymdi að segja þér að hænurnar voru allar brúnar með skrautlegum fjöðrum, sumum bláum. Sérstaklega var haninn skrautlegur, með hátt og langt stél, rauðan stóran kamb og svo stóð hann á öðrum fæti þegar hann galaði. Þá hreykti hann sér hátt á þúfu eða kassa.

Seinna komu aðrar hænur og voru allar hvítar og kallaðar hvítir Ítalir. Þær þóttu verpa betur og voru einhvern veginn finni og í meira áliti en gömlu hænsnin. Það vissi enginn hvað þær hétu en allir vissu hvað hinar hétu. Fólk sagði: *Jaja, þið eruð komin með hvíta Ítali*, og við jánkudum og voru góð með okkur.

Þetta er nú sagan af hænsnunum.

Þinn elskandi afi.



Móar á Kjalarnesi.

Hér eru konur af Nesinu í heimsókn að Móum á Kjalarnesi. Mamma í för með þeim. Tilefnið var að Guðrún Guðmundsdóttir Bergström, Svíþjóð og Anna Gunnsteinsdóttir frá Nesi, sem bjó í Grimsby á Englandi, voru í heimsókn á Íslandi.

Frá vinstri : Guðrún Bergström, Anna Gunnsteinsdóttir, Sólveg Jónsdóttir, Nesi (austur), Eygló Kristinsdóttir, uppeldisdóttir ömmu, Kristín Teitsdóttir, Móum, Valgerður Guðmundsdóttir, Mýrahúsum, Anna Guðmundsdóttir, Kristín Ólafsdóttir í Nesi og mamma.

RÉTTIR - MÓAR

Nú er ég búinn að segja þér svo margt frá Nesi að ég má til með að segja þér frá því að stundum fór ég í ferðalög, ekki bara til Reykjavíkur heldur miklu lengra. Einhver skemmtilegasta ferðin var upp að Móum. Og þó var hún ekki bara skemmtileg.

Palli bróðir minn var í sveit í Móum hjá Guðmundi föðurbróður mínum og Kristínu. Guðmundur hafði verið skipstjóri á togara og bjó þá í Litlabæ, sem við notuðum seinna sem sumarbústað. Þegar Guðmundur hætti sem skipstjóri gerðist hann bóndi á Kjalarnesi. Bærinn blasti við af hlaðinu í Nesi, hvítur og fallegur með Esjuna í baksýn.

Kristín og Guðmundur áttu skemmtileg börn sem hétu og voru kölluð Rúna, Stína (Kristín), Kútur (Guðmundur) og Teitur. Það var alltaf mikil gleði í kringum þau, þau hlógu mikið, voru hraust og falleg.

En það var ekki alltaf skemmtilegt hjá þeim þar sem fólkið á heimilinu var stríðið. Það er kallað að vera stríðinn þegar gert er grín eða atast í fólki og það gert hlægilegt. Við Palli þekktum ekki stríðni heima í Tjarnargötu og það var enginn sem stríddi mér í Nesi. Því þótti mér leiðinlegt að koma að Móum þar sem allir voru að stríða Palla. Honum þótti það líka leiðinlegt og fór því eins fíjött og hann gat aftur heim úr sveitinni til mömmu í Tjarnargötu. Enginn vissi af hverju hann var leiður í sveitinni, héldu bara og sögðu að hann væri mömmustrákur og svo mikill Reykvíkingur að sveitin ætti ekki við hann.

En ég fór að Móum til að fara með í réttirnar og svaf þar eina nótt. Mér þótti það ekkert sérstaklega gott því að sængurföt voru saumuð úr hveitipokum, hörð og óþægileg. Maturi var heldur ekki góður. Ég fékk *avintýragraut*, sem var mjólkurvellingur með rófum út í og einhverju fleiru skrýtnu. En ég borðaði það nú samt.

Eftir sauðburð á vorin eru lömbin mörkuð í eyrun til þess að eigandinn geti þekkt þau og fundið þegar þau koma af fjalli. Á haustin eru leitir. Það er það kallað þegar verið er að safna sauðfénu eftir að það hefur verið á fjöllum allt sumarið. Svo er því smalað í réttir. Þangað sækja bændurnir sitt fé og þekkja það af eyrnamörkunum.

Réttirnar, sem fólkið í Móum á Kjalarnesi sótti féð sitt í, hétu Kollafjarðarréttir.

Ég hafði komið með Júlla rútubílstjóra að Móum. Morguninn eftir voru hestarnir sóttir og lagðir á þá hnakkar eða *pútur* - sem kallað var. Það voru einhvers konar gerfihnakkar, stundum gæruskinn eða poki sem settur var á bakið á hestunum til þess að reiðmaðurinn fengi ekki rasssæri. Ég var á ljósum hesti. Við þeystum sem harðast við gátum inn allt Kjalarnesið og í réttirnar. Féð var komið þangað og byrjað að draga. Það er kallað þegar leitað er að fé, ám, lömbum og hrútum, kindum sem bóndinn á og þær dregnar á hornunum í dilkana sem eru allt í kringum almenninginn. Hver bóndi, eða nokkrir bændur saman, höfðu sinn dilk.

Við krakkarnir og hundarnir sátum á réttarveggnum og fylgdumst með því þegar verið var að draga féð. Stærri krakkarnir gátu hjálpað við að finna féð og draga. Þegar það er

búið og ekkert er eftir af fé er því hleypt út úr dilknum og rekið heim. Í réttunum eru mikil læti og hávaði. Allir eru æstir og spenntir og sumir drukku brennivín. Og hundarnir slógust, geltu og góluðu.

Dálítinn tíma tekur fyrir kindurnar að finna lömbin sín eftir öll lætin í réttunum. Er þá mikið jarmað. Þegar ró komst yfir hópinn var lagt af stað heim á bæ. Sumar kindur eru þægar. Aðrar rása burtu og reyna að sleppa. Þeim finnst skemmtilegra að vera á fjöllum en heima. Þær finna ekki allar á sér að vetur er í nánd. Mér fannst ég vera mikill maður, sitjandi hátt á hestbaki. Ég var mjög stoltur af því að sitja á gæruskinni. Ég var vanur því frá Nesi að ríða bara berbakt. Ferðin gekk vel og allir þreyttir þegar heim kom.

Um kvöldið sátu allir í hlýju eldhúsinu í Móum. Var þar spjallað og hlegið. Þá varð ég var við það að Palla var strítt. Það var sérstaklega Krúsi vinnumaður sem gerði mikið af því og tók Palla í bóndabeygju og hélt honum föstum. Virtust allir fylgjast með og hlæja að meðferðinni og stríðninni. Ég horfði á þetta steinhissa en gat ekkert gert í málinu.

Ég skildi ekki hvað var að gerast fyrr en löngu síðar. Það var þegar ég hitti Guðmund frænda í Túngötunni. Hann fór að tala við mig og spyrja um hvað ég væri að gera. Ég sagðist vera að reyna að komast í Menntaskólann. Spurði hann mig hvort ég héldi, í raun og veru, að mér tækist það. Hló hann mikið. Þá rann það upp fyrir mér hvers vegna Palli vildi helst ekki vera í sveit hjá honum.

Mér var stundum strítt í barnaskólanum. Það var sérstaklega vegna þess að ég var mjög langur. Krakkar beygðu sig niður og skyggndu fyrir augun og spurðu: *Er kalt þarna uppi?* Nú er svona kallað einelti, en ég tók því aldrei alvarlega og var alveg sama.

Þinn elskandi afi.



Bréfspjald: Charles og Anne Morrow Lindbergh koma til Reykjavíkur.

LINDBERGH OG BALBO

Þegar ég fór fyrst að Nesi var ég bara fimm ára. Það var meðan mamma og pabbi voru í útlöndum. Á meðan var Palli bróðir í Ráðagerði, næsta bæ. Krakkarnir á Nesinu tóku okkur vel og vildu passa okkur, sérstaklega Palla, sem var nýorðinn þriggja ára. Ekki fór það nú allt vel - og ætla ég að segja þér frá því seinna. Í Ráðagerði hjá Önnu föðursystur okkar og Kristni voru engin börn og þar var sérstaklega vel hugsað um Palla. Hann mátti gera næstum allt sem hann vildi.

Einu sinni var Palli úti á túni með fólkinu og var Kristinn í Ráðagerði að slá. Þegar verið er að slá gras með orfi og ljá þarf alltaf að vera að brýna ljáinn og er notað til þess mjótt steinbrýni. Palli náði einu sinni í brýni og fór að leika sér að því. Þá fór svo illa að brýnið brotnaði. Nú var ekki gott í efni. En Palli fór með brýnið til Kristins og sagði stoltur og glaður: *Nú á Kristinn frændi tvö brýn!*

Þetta þótti öllum á bænum voða skemmtilegt og gjarnan þegar við komum að Ráðagerði síðar á ævinni sögðu Kristinn, Anna og Gauja okkur þessa sögu og var alltaf mikið hlegið. Reyndar sögðu þau líka aðra sögu sem ég man sjálfur því ég var á hlaðinu í Ráðagerði þegar hún gerðist.

Þannig var að á þessum árum voru til fáar flugvélar. Mig minnir að Íslendingar ættu eina flugvél. Þegar hún flaug yfir hrópuðu allir krakkar og veifuðu til flugvélarinnar: *Húrra fyrir kónginum!* Þá var nefnilega kóngur yfir Íslendingum, ekki forseti eins og nú.

En sumarið sem Palli var í Ráðagerði og ég í Nesi urðu tveir merkilegir viðburðir. Til landsins komu flugkappinn Charles Lindbergh og konan hans Anne. Það var ekkert smá afrek hjá þeim að fljúga hingað yfir hafið. Lindbergh var frægasti flugmaður í heimi, því hann hafði löngu áður verið fyrsti maðurinn sem flaug einn í eins hreyfils vél yfir Atlantshafið frá Bandaríkjunum til Parísar. Þetta var hár, geðugur og glæsilegur maður sem allur heimurinn var hrifinn af.

Þegar von var á Lindbergh voru allir spenntir og spurðu: *Skýldi hann fljúga svo nálægt að við sjáum hann og flugvélin?*

Og viti menn. Allir í Ráðagerði voru úti við og við skimuðum eftir vélinni. Allt í einu birtist hún sem lítill depill í vestri yfir Faxaflóanum. Flugvélin kom nær og nær, flaug lágt yfir Gróttu og beint yfir okkur þannig að við sáu þau hjónin greinilega. Allir hrópuðu *húrra* þegar vélin flaug yfir og veifuðu hrifunum. Svo hvarf vélin til austurs og lenti í Vatnagörðum hjá Viðey.

Þegar við vorum að tala um vélina á eftir vildi Palli ekki vera minni en aðrir og sagði svo allir máttu heyra: *Ég sá konuna hans Lindbergs. Hún sat á stýrinu!*

Við dáðumst að Lindbergh og öllum flugmönnum. Margir krakkar voru með flughúfur því allir vildu vera eins og flugmenn, helst í skinnjökkum og með vindgleraugu. Það var sérstaklega gott að vera þannig útbúinn á hjóli! Ég man þetta allt eins og þetta hefði

verið í gær. Þú getur gert þér í hugarlund að það var merkilegur atburður í lífinu, að fá að sjá flugvél þessa fræga kappa.

Ekki var hópflug Ítala síðri viðburður. Þá kom floti herflugvéla til landsins undir stjórn herforingjans Italo Balbo, hvorki meira né minna en 24 flugvélar. Þá var ekki síður einkennileg tilviljun að allar þessar flugvélar skyldu koma úr vestri og fljúga yfir Seltjarnarnesið og að ég skyldi vera þar staddur. Hópflugið kom úr vestri og vélarnar flugu, eftir því sem ég þykist muna, sunnan við Litlabæ, síðla dags, þar sem við stóðum fyrir utan og dáðumst að þessum mikla fjölda flugvéla. Kannski hefði þessi viðburður gleymst hefði Halldór Laxness ekki skrifað skemmtilega smásögu um þetta: *Ósigur ítalska flugflotans í Reykjavík*. Það vona ég að þú fáiir tækifæri til að lesa.

En það sem var merkilegast við allt þetta var að allt í einu varð Ísland heimsfrægt, allir vissu um það og eftir það gerðu menn sér grein fyrir að hægt væri að fljúga með farþega yfir Atlantshaf. Það væri gott að millilenda á Íslandi og fylla tankinn með bensíni. En það komst fyrst skriður á málið nokkrum árum seinna, þegar stríðið byrjaði. En það er önnur saga.

Þinn elskandi afi.



Ekki er víst að þetta sé „Hópflug Ítala“ - en gæti verið að vélarnar væru hér á Íslandi.

TJÖRNIN

Þegar ég var lítill átti ég heima við Tjörnina. Pabbi minn dó þegar ég var sex ára og þá flutti mamma með okkur Palla til ömmu í Tjarnargötu. Mamma skipti á íbúð við Eggert frænda, bróður sinn, en Sigga konan hans og amma voru alltaf að rífast.

Það var alltaf spennandi þegar fyrsti ísinn kom á Tjörnina. Hann var svo hreinn og gljáandi. Við krakkarnir tókum smásteina og kepptumst við að fleygja þeim út á ísinn. Sá sigraði sem gat látið þá renna sem lengst. Þá var líka gaman að kasta þeim beint upp í loftið og láta þá skjótast gegnum ísinn. Með steinum komu loftbólur sem settust undir ísinn og frusu þar fastar og mátti fylgjast með þeim lengi. En ísinn var ekki hreinn nema fáa daga því það var kolakynding í bænum og ísinn varð fljótt óhreinn. Við fundum fyrir því þegar við vorum á skautum. Ef maður datt á mikilli ferð rann maður langt og varð alveg óskaplega óhreinn á rassinum.

En svo var líka gaman að fylgjast með fuglunum. Þeir voru alltaf jafn hissa þegar ísinn kom. Þeir voru klaufalegir þegar þeir gengu á ísnum, runnu og duttu. Þegar ísinn var þunnur, pompudu þeir niður um hann og áttu í erfiðleikum með að komast aftur upp á skörina því ísinn brotnaði þegar þeir reyndu. Þegar þeim var gefið brauð gátu þeir ekki hlaupið á eftir því og þeir töpuðu kapphlaupinu sem duttu á rasinn. Þegar þeir komu fljúgandi til að setjast á ísinn, runnu þeir langt og kútveltust. Svona var nú ýmislegt að skoða þegar ísinn kom á Tjörnina.

Þegar ís var, fór ég á hverjum einasta degi á skauta, stundum oft á dag. Þegar ísinn var nýr og þunnur, reyndi ég líka að fara út á hann. Stundum brakaði svo í honum að ég þorði ekki að fara lengra. En stundum brakaði lítið í honum. Þá þorði ég að fara lengra, en samt brotnaði ísinn stundum og ég datt í Tjörnina, varð ósköp kalt og þurfti að fara heim til að fá þurr föt.

En það er spennandi og gaman að leika sér á ís sem brakar í, þá stappaði ég á ísinn til að gá hvort brakaði vel. Stundum fórum við margir strákar saman, hlupum hlið við hlið í langri röð og dúuðum á ísnum. Þá brakaði vel, jafnvel í þykkum ís, ef við vorum margir saman. Þannig fórum við margar ferðir fram og aftur og alltaf komu fleiri og fleiri brestir í ísinn þangað til að sprungurnar í ísnum orðu eins og smáriðið net að sjá. Þá brotnaði gjarna undan einum fæti og vök kom og stundum gátu margir dottið í Tjörnina í einu.

Mamma var hrædd þegar við vorum alltaf úti á ísnum að dúa. Sérstaklega var hún hrædd þegar vorið kom og ísinn að bráðna. Þá brotnaði hann og mynduðust jakar sem hægt var að sigla á og við tókum prik og ýttum okkur áfram á vatninu. Við urðum að passa okkur á að fara ekki langt frá landi. Þegar margir jakar voru saman á vök gátum við farið í jakahlaup, hlaupið á milli jaka og reynt að komast yfir. Ef jakarnir voru litlir varð að stíga létt á þá en fara hratt. En ef við stoppuðum á jaka og hann var ekki nógu stór, sökk hann undan okkur og við duttum í vatnið. Annars var þetta ekki hættulegt því Tjörninn var grunn. Eru engar sögur um að menn hafi drukknað í Tjörninni, nema

einn fyrir tvö hundruð árum. Samt vorum við alltaf hrædd, sérstaklega þó mömmur okkar og pabbar. En ef við fórum á kaf í Tjörninni botnuðum við í leðju og urðum voðalega óhreinir.



Ístaka á Tjörninni. Ekki búið að reisa íshúsið, sem nú er Listasafn Íslands.

Þegar mikið frost var, komu verkakallar með hesta sem spennir voru fyrir stóra sleða. Þeir tóku til við að höggva ísinn með stórum öxum í ferkantaða klumpa, hlóðu þeim á sleða og fóru með þá í Nordalsíshús. Þar var ísinn notaður til að kæla matvörur, fisk og kjöt, sem hægt var að nota allt árið þótt skepnunum væri ekki slátrað nema á haustin. Það var mikið gaman að sjá kallana með sínar stóru axir höggvandi ísinn. Svo tóku þeir ístengur og drógu klakastykkinn upp á ísinn, settu þau upp á sleðana. Eftir varð stór vök á miðri Tjörn sem þótti hættuleg þangað til að mannheldur ís var aftur kominn.

En þegar ég var 10 ára kom frystihús, Sænska frystihúsið, og þar var hægt að búa til ís og þurfti ekki lengur að safna ís af Tjörninni. Frystihús er eins konar stór frystiskápur. Þá voru frysti- eða kælskápar ekki til nema á örfáum heimilum.

Þegar átti að búa til ís á jólnum var ég sendur með poka á hjólinu mínu í Sænska frystihúsið til að fá ís til að hægt væri að frysta jólaísinn. Kallarnir þar voru nú ekki alltaf ánægðir með það, en gáfu mér samt alltaf ís ef ég bað þá vel. Áður en frystihúsið kom varð að notast við snjó, krap og salt til að búa veisluísinn til.

Þinn elskandi afi.

JÓL

Jólaundirbúningurinn byrjaði með laufabrauðsbakstri. Það var reyndar aldrei gert heima hjá mér. Við fórum alltaf til Hildu frænku minnar því þau kunnu að baka og skera út laufabrauð. Theódór og Sigríður Methúsalemsdóttir, mamma hans, voru að norðan og vön laufabrauðsgerð.

Allt sem gert var á því heimili var mikið ævintýri. Líka það að gera laufabrauð. Þau notuðu uppskrift sem var svo seig að það varð að fletja deigið út í kjallaranum með mikilli *taurullu* og stórri. Þar stóð Theódór preyttur og sveittur og bölsótaðist yfir deiginu. Þegar kökurnar voru loks útflattar var komið með þær upp í stofu og þá var nú skorið út af mikilli list og fjöri. Allir í þeirri fjölskyldu voru orðheppnir og margt merkilegt fólk tók þátt í þessum jólaundirbúningi.

Það var ekki fyrr en mamma og við fórum að búa sjálf til laufabrauð heima í Tjarnargötu að hún fann út auðvelda leið til að fletja laufabrauðsdeig léttilega út. En það var vegna þess að mamma hafði svo mikla vinnu að hún fann sér margar leiðir til að létta verkin og gera hlutina auðveldari. Stundum gekk hún svo langt að ég dauðskammaðist mín fyrir frumlegheitin. En í þetta sinn var lausnin mjög einföld. Hún velgdi deigið með því að bæta í það sjóðheitri mjólk. Það var allt og sumt.

Á Þorláksmessu fór ég út í íshús og fékk ís hjá köllunum svo hægt væri að búa til rjómaís. Þegar snjór var og frost þurfti ekki að gera það. Þá var hægt að nota snjó og salt til að frysta ísinn. Þegar ég var 15 ára fengum við ísskáp og eftir það þurfti aldrei að fá ís úr frystihúsi. Áður voru matarafgangar og annað geymt í köldu kompunni undir kjallarastiganum. Þurfti alltaf að fara þangað til að sækja mat sem geymdur var frá fyrri máltíð. Maður var alltaf hálf hræddur við að fara þangað, því kjallarinn var svo dimmur og stundum músagangur í honum. Þegar ég var kominn í síðar buxur batt ég fyrir skálmarnar, því ég var svo hræddur um að mýsnar hlypu upp leggina.

Þegar ég var lítill mátti ekki flytja inn ávexti nema fyrir jól. Það var vegna þess að þjóðin var svo fátæk og átti enga peninga til að kaupa ávexti fyrir, en þá var líka gaman. Lyktin af appelsínunum og eplum barst frá höfninni, þar sem verið var að skipa þeim upp og lagðist yfir bæinn. Allir vissu þá að nú væru jólin alveg að koma og hlökkuðu enn meira til en áður. Þá þurfti nú aldeilis að fara í biðraðir eða nota klíkuskap.

Fyrir jólin fengum við Palli ný föt. Þá fór mamma í búðir og reyndi að fá fataefni. Það fékkst bara í Gefjun og var frá Akureyri. Ekki hefði það þótt fallett núna, en það var það eina sem til var og því vorum við ánægð með það. Þá var Steinunn saumakona fengin til að sauma á okkur. Hún kom heim og sat í stofunni og saumaði og saumaði og mátaði og mátaði. Við Palli þurftum að standa uppi á stól og svo var mælt og settir tituprjónar í efnið. Ég var dauðhræddur um að prjónarnir styngjust í mig.

Loksins voru fötin svo tilbúin. Þau voru sett inn í skáp og við fengum ekki að fara í þau fyrr en á jólnum. Svo notuðum við fötin lengi, þangað til þau voru orðin svo þröng á okkur að við gátum ekki komist í þau. Efnið var þykkt og stíft og stakk mig ef ég var

ekki í síðum nærbuxum. Fyrir jólin var ég líka sendur til rakara og fékk herraklippingu. Hann setti brílljantín í hárið, þannig að ég var vellyktandi og alveg eins finn og krakkar sem mynd var af í útlendum myndablöðum.

Það var mikið gaman þegar jólin nálgudust. Þá var svolítill hátíð í bekknum og lesin upp jólakvæði og sögur. Einu sinni var ég beðinn um að lesa upp jólasálm og var ósköp feiminn að gera það svo allir heyrðu.

Þegar ég var kominn í Gaggó var ég beðinn um að lesa upphátt einhverja sögu sem mér þætti skemmtileg. Ég valdi söguna *Ósigur ítalska loftflotans*, eftir Kiljan, um það þegar Balbó flugkappi var í Reykjavík. Þetta var saga sem mér þótti skemmtilegust allra. Hún var myndin og ég hló svo mikið sjálfur að ég kom varla upp einu einasta orði. Ég held að enginn hafi skilið það sem ég var að lesa. Ég skammaðist mín dálítið fyrir þetta, en kennarinn sagði að ég hefði valið bestu og skemmtilegustu sögu sem skrifuð hefði verið á íslensku. Það þótti mér alveg stórmerkilegt og var nokkuð stoltur. Því miður mundi kennarinn ekki eftir hvað ég var ágætur þegar hann gaf mér einkunn á vorprófinu.

Síðan veit ég að þegar maður er beðinn um að lesa upp eða skemmta fólki á maður fyrst og fremst að velja það sem manni finnst sjálfum skemmtilegt.

Í barnaskólanum var föndrað og búnir til jólapokar úr marglitum og gljáandi pappír. Ég mátti eiga þá og hengja á jólatréð heima.

Með ávöxtunum fyrir jól komu líka jólatré frá útlöndum því þá uxu engin jólatré á Íslandi. Þau voru skreytt á Þorláksmessu með kertum og alls konar skrauti sem við höfðum búið til fyrir jólin.

Þinn elskandi afi.

JÓLIN - ENN

Já, hvernig voru nú jólin mín í gamla daga? Eiginlega byrjar jólahátíðin á Þorláksmessu, svo kemur aðfangadagur, aðalhátiðisdagurinn, svo kemur jóladagur og loks annar í jólum.

Á Þorláksmessu var ekki gert neitt sérstakt annað en að taka jólatréð inn í kjallara og koma því fyrir á fæti. Jólatrésfóturinn var ansi slæmur. Hann var trékross með gati í miðjunni. Í þetta gat varð að koma stofninum á jólatrénu. Það var ekki auðvelt verk. Sem betur fer voru jólatrén alltaf lítil hjá okkur og því þurfti ekki mikið að tálga stofninn til að koma honum í gatið og festa. Samt var það mikið verk og erfitt að fá tréð til að standa rétt. Mamma fékk Jón smið til að gera þetta, meðan ég var lítill. Þegar ég varð eldri fór ég að geta gert þetta sjálfur. Litlu seinna kom svo betri jólatrésfótur og allt varð auðveldara.

Svo var byrjað að skreyta tréð. Við áttum lítið af skrauti. Því notuðum við mest heimagerða jólapoka og marglitan pappír, sem hægt var að vefja um tréð. Loks voru stjappar á klemmum og vaxkerti sett í þá. Það var mesti vandinn því að kertin urðu að vera stöðug, snúa beint upp, til að ekki lækni af þeim vaxið. Mest þurfti að passa að ekkert kerti væri nálægt neinni grein til að ekki kviknaði í þurru jólatrénu.

Við Palli vorum stranglega varaðir við og sagt að passa okkur og sögð saga um Jón Borgifðing, afa gamla í næsta húsi. Þar kviknaði í jólatrénu. Hann tók tréð, sem hafði kviknað í, og hljóp með það út. Allt fór vel en skeggið og hárið brann af gamla manninum. Þetta þótti ógnvænlegt að heyra og pössuðum við okkur vel, enda bjuggum við í timburhúsi. Ekki vildum við að það brynni.

Eftir að búið var að skreyta tréð fórum við að pakka inn gjöfum handa hvor öðrum og mömmu. Var það laumuspil og vandi, því ekki mátti sá vita af sem gjöfina fékk. Þess vegna fórum við upp á loft til ömmu til að gera það. Hún var þá að undirbúa jólin líka. Ekki hafði hún tré en gerði margt annað til hátíðabrigða.

Við vorum mikið uppi á lofti því þar svaf ég í litlu herbergi, sem var svo lítið að það var eiginlega stór skápur. En ég var ánægður og þótti gott að hafa eigið herbergi.

Næsta morgun byrjaði aðalundirbúningurinn. Safna þurfti saman öllum gjöfum og skipuleggja hvert ætti að fara með þær. Auðvitað komu líka aðrir til okkar með sína pakka. Þegar ég var orðinn eldri fór ég að sjá um þetta sjálfur með Palla. Við fórum saman með allar gjafirnar og sóttum þær sem voru til okkar. Þá fengum við alls staðar *gott í munninn*, eins og nú er sagt, sennilega smákökur.

Að Nesi fór ég í strætó. Þangað fór gjöf til ömmu og Glóu fóstursystur pabba sem var sjúklingur. Var tekið vel á móti okkur og okkur gefin mjólk og alveg einstaklega góð kaka með rabarbarasultutau í. Sérstaklega var hundurinn minn, hún Freyja, glöð að sjá mig. Þó fékk hún enga gjöf sjálf.

Í Nesi fannst mér alltaf jólalegt á veturna, þó var þar aldrei jólatré og ekkert gert nema að komið var saman og sungnir jólasálmur og borðaður *breyttur* matur eins og hann var kallaður.

Unna, fóstursystir hans pabba, gifti sig og bjó á Bakka. Þangað þurfti að fara með gjafir handa litlu stelpunum hennar. Þar var gaman því þar hlógu allir. Unna, Kjartan, Guðmundur pabbi hans, Jóna systir hans og stelpurnar litlu hlógu að öllu sem ég sagði og öllum þótti við Palli vera skemmtilegir.

Þess vegna þótti mér ég vera bæði stór, fallegur og skemmtilegur þegar ég var á Bakka. Ég var aldeilis hissa að líta í kringum mig að sjá öll þessi glöðu hlæjandi andlit sem horfðu á mig. Ég hef aldrei átt svo góða hlustendur og aðdáendur. Þau voru fátæk en glöð. Þannig voru þau alla tíð og eru enn, sem eftir eru.

Næst fórum við að Ólafsdal við Kaplaskjólsvæg, sem var eiginlega inni í bænum, en samt úti í sveit. Þar bjó Ásta frænka og Kalli, maðurinn hennar. Þau áttu engin börn og voru glöð að fá heimsókn því mjög fáir heimsóttu þau. Ég kom oft til þeirra, fékk kökur sem Ásta sótti neðan úr kjallara. Sérstaklega voru hálfmánarnir góðir. Þeir voru með seigu og góðu sveskusultutau innan í sem festist í tönnunum.

Eftir þetta kom ég heim. Þá var komið að hádegismat sem var allt öðru vísi en hjá öllum öðrum, mikil veisla, allt tilbúið til jólanna. Með okkur á neðri hæðinni voru amma og Dídí og Guðrún gamla, húshjálpin. Ég ætla ekki að segja þér frá matnum, því hann er alveg eins hjá okkur núna, og hefur verið alla tíð.

Eftir hádegið fórum við af stað aftur, nú upp á Bergstaðastræti til Hildu frænku. Þar var allt í drasli því aldrei var búið að taka til fyrr en um kvöldið. Samt var gaman að koma þangað. Palli, Siggí, Alfa og Bergljót voru frændsystkinin mín sem ég þekkti best af öllum. Það voru aðallega litlar gjafir og bréf frá ömmu sem ég þurfti að fara með þangað en einnig gjafir frá mömmu og Dídí frænku til Hildu. Hilda var alltaf í góðu skapi, sagði skemmtilega frá, þótt heimilið væri allt í drasli þangað til hátíðin hófst. Þannig var það líka þegar hún hélt veislur. En þegar veislurnar byrjuðu, ja það voru nú almennilegar samkomur, fallegar og skemmtilegar.

Að lokum fórum við upp á Leifsgötu 12 til Jónu fóstursystur mömmu og Óla Vestmann meðan þau bjuggu þar en hingað á Bergstaðastrætið í sömu íbúðina og ég nú er í, eftir að þau fluttu hingað.

Ég var stundum dálítið þreyttur þegar ég kom heim aftur. En samt þurfti ég að fara fyrir ömmu með gjafir til fátæks fólks, sem hún vildi vera góð við, sérstaklega á jölunum. Það var Hólmsfríður Daníelsdóttir, sem bjó í húsinu hans Benedikts Gröndal, Vesturgötu 16B, mamma hennar Sigríður Skarphéðinsdóttir² og gömul kona sem bjó í kjallaranum á móti skósmiðnum í kjallaranum í Uppsölum í Aðalstræti. Hún var ósköp fátæk en góð. Hafði annast þvotta á heimilum í bænum. Hjá henni var voða vond lykt af því að kjallarin var rakur og óhreinn. Hún vildi gefa mér eitthvað „*gott í munninn*“. Þá var það

² Hólmsfríður Daníelsdóttir (1896-1969). Hún átti fjölda barna. Sigríður Skarphéðinsdóttir (1858-1941) sem verið hafði húsfreyja á Viðborði í Skatafellsýslu.

ekki síst Fríða frá Herru³ (Herríðarhóli) Það þótti mér ekki gott og sagðist vera svo saddur. Þá pakkaði hún því inn í bréf eða og lét mig fara með það með mér. Líka fór ég með gjafir til Fríðu Helgadóttur sem bjó

Þegar heim kom aftur var komið eftirmiðdagskaffi. Þá fórum við mamma og Palli upp á loft til Dídíar og ömmu, til að fá heitt súkkulaði og kökur. Það var nú allt of mikið og allir svo saddir á eftir að loksins var hætt við það. Ekki voru þær nú ánægðar með það. Dídí frænka mín hélt að við vildum sniðganga hana. En við gátum ekki borðað svo mikið rétt fyrir jólamáltíðina.

Nú er ég búinn að segja frá svo mörgu að ég verð að geyma frásögnina af jólunum þar til í næsta bréfi.

Þinn elskandi afi.

³ Fríða Helgadóttir (1904-1999) frá Herríðarhóli (Herru) í Holtum. Hún var vesnuð ömmu og líka fjölskyldu Sirrjár úr Holtunum. Við höfum leikið okkur að þeirri hugmynd að við hefðum hist þar fyrst, en hún var líka send af fjölskyldu hennar með jólaglaðning til hennar á Grettisgötuna.



Mamma þaut alla daga úr skrifstofunni kl. 12, fram í eldhús til að taka til matinn. Þá var borðaður tvíréttaður hádegisverður. Guðrún gamla hafði tekið eitthvað til, t.d. soðið kartöflur. Amma reyndi lengi að leggja á borð. Svo settumst við til borðs, hlustuðum á síðasta lag fyrir fréttir, fréttirnar og ræddum saman. Svo ruku þær fram á skrifstofuna, mamma og Dídí, og hófu á ný að hamast við vélritun, fjölrítun og afgreiðslu. Þetta má segja að væri reglan hjá mömmu í 45 ár þó fólkinu sem hún sá um hafi fækkað. Svo má tæta við sögum um allar veislurnar því húsið í Tjarnargötu var miðdepill ættartengslanna. Ekki síst um jólin.

JÓLIN - ENN OG AFTUR

Þakka þér fyrir, Jóhannes Örn. að þú skyldir hringja til okkar í dag. Mér þykir alltaf skemmtilegt að tala við þig og hlakka til að hitta þig fyrir jólin. Þá ætlum við að skera út og steikja laufabrauð en það höfum við beðið með til þess að þið getið verið með. Nú er jólasnjórinn farinn og hitinn orðinn eins og á vordegi og rigningin dynur á gluggarúðunum. En við höfum það gott hérna, því inni er hlýtt og notalegt og við farin að hlakka til jóllanna.

Ég sagði þér frá aðfangadeginum í Tjarnargötunni og endaði þar sem við vorum í jólasúkkulaðinu uppi á lofti hjá ömmu og Dídi. Strax á eftir fórum við öll upp í kirkjugarð með jólatrésgreinar til að setja á leiðin þar sem svo margir skyldir okkur eru jarðaðir. Ég man alltaf hvað allt var kyrrt í borginni, hvernig snjórinn marraði undir skónum í frostinu og hvað við vorum í hátíðlegu skapi. Stundum gat mamma ekki komið með, því hún var að búa til matinn. Þegar amma Álfheiður var orðin gömul komst hún heldur ekki nema þegar veðrið var gott.

Það er svo gott að standa með grenigreinarar skreyttar með silkiböndum við leiðin. Það er svo gott að hugsa til allra þeirra sem dánir eru. Þeir voru svo góðir og það er svo margs að minnast. Ég vona að þú viljir koma með í kirkjugarðinn á jölunum. Þá skal ég sýna þér hann, því þar er allt næstum því eins og var þegar ég var lítill. Bara trén eru stærri og eldri en áður og ný nöfn á legsteinunum. Húsin í Suðurgötu og Tjarnargötu eru eins og áður.

Þegar heim var komið fórum við í jólafötin. Rétt fyrir kl. 6 var farið í kirkju. Dómkirkjan er enn sú sama. Hún var troðfull af fólki. Við krakkarnir vorum látin sitja í kórtröppunum svo prestarnir, séra Friðrik eða séra Bjarni, þurftu að stikla á milli okkar. Þegar ég var orðinn stærri sat ég í biskupsstúkunni uppi á lofti. Þá var þetta eina kirkjan í bænum fyrir utan Fríkirkjuna (við Fríkirkjuveg - auðvita!) og Aðventistakirkjuna við Ingólfsstræti.

Jón biskup var ömmubróðir minn og hafði sérstakan stað uppi á lofti. Þar sátum við saman frændfólkið úr húsunum nr. 26 og 24 í Tjarnargötu. Það var ósköp gaman að sitja þarna. Beint á móti var ráðherrastúkan. Hún var alltaf tóm þangað til Bjarni Ben fór að koma í kirkju.

Úr biskupsstúkunni var hægt að fylgjast með öllu. Predikunarstóllinn var alveg upp við stúkuna.

Við urðum að fylgjast vel með því sem sagt var, því þegar heim var komið var alltaf spurt: *Hvað sagði presturinn?* Á jölunum var það betra því þá var *jólagnúðspjallið* lesið. Það segir frá því þegar Jesús fæddist. Pabbi hans og mamma voru mjög fátæk og gátu ekki fengið neinn stað til að gista á nema í fjárhúsi þar sem Jesús fæddist. Þá kom stjarna á himininn og allir vissu að eitthvað mikið hefði gerst.

Á venjulegum sunnudegi var hinsvegar verra að segja frá því hvað presturinn hafði sagt. Sérstaklega séra Bjarni.

Eftir messuna var farið heim. Heima hjá okkur vorum við alltaf sex; við Palli, mamma, amma, Dídí og Guðrún sem var ósköp gömul *stúlka í húsinu* eins og sagt var í útlöndum. Hún fór svo alltaf til Jóns bróður síns hjá Símsen eftir matinn.

Við borðuðum oft rjúpur, eins og við ætlum að gera á jölunum núna. Mest gaman var þó að borða hrísgrjónagrautinn. Í grautinn var sett mandla. Þeir sem fengu möndluna fengu möndlugjöf. Það var um að gera að passa sig að tyggja hana ekki eða gleypa.

Þegar búið var að borða, var kveikt á kertunum á jólatrénu, en þau voru með logandi ljósum og sjaldan kveikt nema einu sinni á trénu af því að það var svo mikil hætta á að kviknaði í. Þá voru sunginn sálmur og á eftir opnaðar jólagjafir. Þegar búið var að opna, var farið að lesa úr jólabókum eða í jólaspilleiki með jólaspilum, sem við fengum oft gefin.

En alveg var bannað að spila með venjulegum spilum á jólanóttina. Milli jóla og nýárs spiluðum við *trekort*, gamalt íslenskt spil sem amma kunni. Þannig voru nú jólin heima hjá mér í gamla daga, og voru þau ósköp lík því sem þau eru núna og verða vonandi á jölunum hjá okkur núna. Þó var svolítið minna um að vera þá.

Þinn elskandi afi.



Landakotstúnið með Landakotsspítalanum gamla fyrir miðri mynd, þar sem ég lá veikur. En þá var búið að byggja Landakotskirkju og gera fleir breytingar. Spítalinn var eins.

HÁLSKIRTLAR - LUNGNABÓLGA

Mikið þótti mér tómlegt í húsineftir jólin þegar þið voruð farin. Það var svo skrítið að sitja við tölvuna snemma á morgnana og heyra ekkert hljóð úr kjallaranum, ekkert fótatak upp stigann, heyra hurðina ekki opnast. Og heyra engann hrópa: *AF!!* - og koma hlaupandi hingað inn til mín. Nú er ekkert svona. Ég sit hér einn því amma þín er á spítala. Ég fer í vinnuna eftir stutta stund en ætla að skrifa þér áður.

--

Þegar ég var að verða ellefu ára kom fyrir atvik, sem ég man alltaf eftir. Þá var stríð í heiminum, Þjóðverjar voru búnir að hernema Noreg og Bretar Ísland. Þetta vor var mér stöðugt illt í hálsinum. Loks var ákveðið að Jens Jóhannesson háls-, nef- og eyrnalæknir tæki úr mér hálskirtlana. Þeir voru alltaf bólgnir og ég talaði fram í nefið eins og tóbakskarlar og séra Árni Þórarinnsson frændi okkar.

Loks um vorið, rétt eftir að ég var kominn í sveitina, var hringt til mín frá Landakotsspítala og mér sagt að koma sem fyrst. Ég var kvefaður, en það átti ekki að gera neitt til.

Ég þekkti mig vel á spítalanum, því ég hafði komið oft þangað þegar ég var veikur í fætinum og þar hafði verið sett á mig gífs. Læknarnir voru strangir á svipinn, sérstaklega Matthías Einarsson, strunsuðu um gangana og nunnurnar dönsuði allt í kringum þá. Þær voru í mjög skrítnum nunnufötum, síðklæddar og með hvíta, stóra hatta á höfðinu. Lyktin á spítalanum var óviðkunnanleg, sennilega sóthreinsunarlykt.

Alltaf man ég þegar ég var á skurðstofunni. Mér fannst hendurnar á læknum alltof stórar til að þær gætu komist upp í mig sem var svo mjór og með lítinn munn þó ég væri að verða 11 ára. Út úr mér sá ég standa allskyns tengur sem festar voru upp í mig. Allt þetta þótti mér taka langan tíma en virtist takast vel. Að minnsta kosti hefur mér eiginlega aldrei verið illt í hálsinum síðan og tala lítið fram í nefið.

Nema hvað. Á eftir varð ég mikið veikur og fékk lungnabólgu, sem var hættulegur sjúkdómur þá, því það voru ekki til nein lyf við sjúkdómnum eins og nú. En þá vildi svo heppilega til að nýbúið var að finna upp *súlfalyf* og voru fyrstu skammtarnir einmitt að koma til landsins. Kannski með breska hernum. Það varð að taka súlfalyfin inn á fjögurra klukkustunda fresti og var alltaf verið að vekja mig til þess. Svo varð mér mjög illt í maganum og þurfti að láta mig drekka mikið sóðavatn til að bæta líðanina.

Ég lá lengi í rúminu, fyrst á spítalanum, og svo heima. Ég kem að því seinna! Þinn elskandi afi.



Tjarnargata 24.

Hér má sjá húsið eins og það var eftir að við bjuggum þar. Það má sjá á gluggunum og garðtröppunum. Meðan við bjuggum þar var viðbyggingin komin aftan við húsið, en hún var byggð fyrir okkur Palla. Árið 1949 datt amma Álfheiður í stiga og þurfti að flytjast niður og við Palli fluttum upp og bjuggum þar ásam Dídi sem bjó í herbergjum með þrem gluggum á suðurhlíð efri hæðar, það er til vinstri á myndinni. Palli bjó í herbergi með tveim gluggum sem snúa út að Tjörn. Ég bjó í herbergi norðanmegin og sést glugginn á því ekki.

Efst var háaloft, en þar var geymt ýmiskonar munir, einnig drasl frá gömlum tíma.

Neðri hæðin: Lengst til vinstri sés í viðbygginguna. Svo var garðútgangur með þrískiptum glugga. Þar var fjölskrifstofan.

Út að Tjörn snéri borðstofa með hornlugganum til vinstri og dagstofa með öðrum hornlugga til hægri.

Í kjallara voru geymslur fyrir pappír, þvottahús og matargeymsla.

SPÍTALI - HERMENN

Ég held áfram að segja þér frá því þegar ég var á Landakotsspítalanum. Þetta var gamall spítali sem stóð á sömu lóð og nýi spítalinn, sem langömmusystir þín var á þegar þið heimsóttuð hana. Inni í spítalanum var skritin lykt, hjúkrunarkonurnar voru kaþólskar nunnur sem allar voru eins klæddar, í þykkum og víðum pílsum og með hvítan höfuðbúnað. Læknarnir voru eins og hermenn, sérstaklega Matthías. Hann var strangur, talaði hratt og alltaf að flýta sér.

Ég hafði oft komið inn á spítalann af því að ég var veikur í fætinum þegar ég var lítill og hægri fóturinn settur í gips frá tá og upp á mjöðm. En af því að ég óx svo hratt þurfti alltaf að vera að setja nýtt gips á mig. Ég lá tvo klukkutíma alveg kyrr meðan gipsið var að harðna og fékk alveg óskaplega vonða mjólk sem kom úr spítalafjósinu hjá Haga, þar sem nú eru kallað Melar.

En að þessu sinni var ég lagður inn á spítalann af því það var verið að taka kirtlana úr hálsinum á mér, eins og ég sagði í síðasta bréfi. Ég var settur inn á sex manna stofu og lá þar lengi mikið veikur af lungnabólgu. Ég fékk nýja lyfið súlfa, og var sagt að það hefði bjargað lífi mínu.

Mamma kom oft í heimsókn og las fyrir mig úr skemmtilegum bókum og svo voru karlar á stofunni sem höfðu margt að segja. Í næsta rúmi við mig var Frikki Tómm. Ég þekkti hann frá höfninni, þar sem hann vann á eyrinni, oft fullur, brúnn eins og hann væri alltaf í sólbaði og með skyrtuna flakandi frá sér, þannig að sást á bringuna á honum í hvaða veðri sem var. Frikki var glaður og átti marga vini. Sagt er að hann hefði bjargað Thor Jensen þegar skip, sem þeir voru á, strandaði við Skotland í fyrra stríði og hefðu Thorsararnir, synir hans alltaf saðið vörð um Friikka. Ekki veit ég hvers vegna hann var á spítalanum. Hann fór alltaf út í bæ yfir daginn og kom aftur seinni partinn og hafði frá mörgu að segja. Sérstaklega sagði hann margt frá hernáminu.

Einu sinni þegar mamma sat hjá mér kom hann inn og sagði heldur en ekki fréttirnar: Nú væri herinn að gera fallbyssuvirki á Valhúsahæðinni, en hana þekkti ég vel, því byssurnar voru reistar í landi ömmu í Nesi, ofan við kartöflugarðinn okkar. Þegar búið væri, sagði hann; að koma fallbyssunum fyrir ætti að byrja að æfa. Þá lægi beint við að nota Landakotsspítala sem skotmark, hann væri sérstaklega heppilegur, því þar lægi hvort sem er bara gagnslaut og dauðvona fólk.

Þegar Frikki var að segja þetta, reyndi mamma að halda athygli minni við ævintýrið sem hún var að lesa, en allt kom fyrir ekki. Ég var ekkert nema eyru og augu því svo merkileg var frásögn Friikka.

Það var margt sem gerðist þennan tíma sem ég var á spítalanum. Ungur maður, sonur Theódórs Magnússonar bakara á Frakkastíg, seinna vinar míns og samstarfsmanns, var mikið veikur og dó. Fylgdist ég með þegar líkið var flutt burt.

Þegar ég kom heim var ég lengi að ná mér af því að ég hafði fengið svo sterk meðul. Þá var ég látinn liggja í rúmi, sem komið var fyrir við hornklugga í borðstofunni. Þar gat ég legið og horft út um gluggann þegar ég vildi. Það var svo margt að gerast í bænum um þetta leyti. Margir hermenn voru komnir til landsins í hernáminu, með stóra bíla með sér og keyrðu mikið eftir Tjarnargötunni. Þá var byrjað að gera flugvöll í Vatnsmýrinn, við enda litlu Tjarnarinnar, og hermannakampur var byggður fyrir sunnan Háskólann. Allt breyttist í bænum og flugvélar fóru að sjást æ oftari. Seinna hrapaði meira að segja stór flugvél. Hún kom fljúgandi í ljósum logum yfir Tjörnina og datt niður á flugvöllinn og brann.

Á sunnudögum fóru hermennirnir í Dómkirkjuna. Þeir gengu í fylkingu eftir Tjarnargötunni, því að hún var malbikuð og slétt, æfðu sig að ganga í takt og spilaði sekkjapípuhljómsveit í skoskum pílsum fyrir göngunni, sem bendir til þess að hermennirnir sem hingað komu hefðu verið skoskir.

Sekkjapípur eru skrýtin hljóðfæri, belgur sem blásinn er út og heldur hljóðfæraleikarinn belgnum undir handleggnum og þrýstir lofti, sem myndar hljóð, út úr belgnum í gegnum hljóðpípu. Tónlistin var mjög skemmtileg.

Skrýtið þótti okkur að fylgjast með foringjanum. Hann gekk við hliðina á hópnum og öskraði til allra hvað þeir ættu að gera, hvenær þeir ættu að stoppa og hvernig þeir ættu að bera byssurnar. Eiginlega skildi maður ekki hvers vegna maðurinn var svona reiður. Eða var hann kannski ekki neitt reiður? Allir litlir strákar í bænum vildu fylgjast með þessu og fengu sér prik og gengu með þau á öxlinni, í takt eins og hermennirnir, og öskruðu eins og foringjarnir.

Smám saman hresstist ég og gat farið út að leika mér og leita nýrra ævintýra á Nesinu. En ég var slappur allt sumarið.

Þinn elskandi afi.



Hér er tíkin Sallí.



- og þetta er Héppi!

HÉPPI RÆÐST Á SALLÍ

Já, ég var lengi að ná mér eftir lungnabólguna. Ég man hvað það var skrítið að fara út úr húsi. Ég var svo linur í fótunum að mér fannst ég myndi kikna í hnjáliðunum. Jörðin virtist rugga. Svo varð ég fljótt þreyttur og þurfti að fara inn. Lítið mátti koma fyrir, þá fór ég að gráta. En smám saman hjarnaði ég við.

Svo var það sunnudag einn að við mamma ákváðum að fara í göngutúr út að Nesi. Doris, ensk kona Helga frænda, slóst með í för. Hún var feit og allt öðru vísi en allir aðrir í klæðaburði og fasi. Þar að auki átti hún mjög skríttinn hund af Pekingkyni, sem hét Sallí, lítil og loðin tók með lafandi eyru, snúna, upprétta rófu og nef sem var uppbrett og flatt, þannig að sást beint inn í nasirnar. Hún var gulleit og með stutta fætur. Sallí var óþekk. Aldrei var hægt að skilja hana eftir eina, þá fór hún að væla og var fljót að reiðast og átti til að glefsa í fólk. Hún skildi engar skipanir. Doris talaði við hana eins og Kári við Lappa í sögunni hans Stefáns Jónssonar sem væri hún hugsandi maður. Annars var hún skemmtileg. Annað eins dýr og hana hafði enginn séð á Íslandi.

Við fórum nú gangandi sem leið liggur út á Nes og komum að Nesi, fórum ekki eftir heimreiðinni heldur upp traðirnar sunnan við fjósið. Þegar við nálguðumst útihúsin, brá heimilishundinum Héppa heldur en ekki í brún. Hann tók gestum vel og líka núna, nema hvað hann var mikið hissa á að sjá Sallí. Hann gekk að henni og hnusaði. Allt í einu brást hann illur við, reis upp á afturfæturna, galti og urraði og réðst á tikina. Doris sá hvað verða vildi og greip í hálsbandið á honum og vildi halda honum föstum.

En hún var ekki nógu sterk; þannig að Héppi, sem var stór sveitahundur, náði að bíta í hálsinn á Sallí og hrista hana til eins og hann var vanur þegar hann náði í og drap rottur, eins og var hans skylda.

Þarna urðu nú aldeilis mikil læti. Mamma og Doris urðu báðar æstar, hrópuðu og kölluðu og sögðu mér að fara og sækja hjálp. Ég var aumingi, engu betri en þær, hljóp heim, eftir ganginum og inn í eldhús, þar sem allir heimilismenn sátu og voru að drekka sunnudagskaffið - og hrópaði: *Komið, hann Héppi er að drepa hana Sallí.*

Nú varð uppi fótur og fit. Ekki leist mönnum á fréttirnar, því enginn þekkti Sallí, héldu kannski að það væri kona sem Héppi væri að gera út af við. Komu allir hlaupandi út á eftir mér og sáu þá Dorisi sem hélt á þessu líka undarlega hundspotti.

Mikið þótti mér þetta leiðinlegt. Ég skammaðist mín alveg óskaplega fyrir að hafa misst glóruna og verða svona æstur. Þessu hafa allir gleymt nema ég! Og aldrei heyrði ég á þetta minnst síðar. Ég kenndi því um að ég hefði ekki verið kominn til fullrar heilsu og ekki mátt við miklu. Hvað heldur þú?

Það kom svo í ljós að það blæddi úr hálsinum á Sallí og þurfti að fara með tikina til dýralæknis. Þá tók ekki betra við. Henni var svo illa við lækinn að hún bæði urraði á hann og beit. Þannig varð sjálfur Ásgeir Einarsson dýralæknir dauðhræddur við þessa skepnu og þorði ekkert að gera. Hann var sjálfsagt óvanur öllu öðru en búsmala. Í þá

daga var nú ekki verið að splæsa í dýralækna vegna hunda. Hann hefur sjálfsagt aldrei séð svona skrýttinn hund.

Svo fórum við heim og allt fór vel.

Mér batnaði smám saman eftir lungnabólguna, fór aftur í sveitina, rak kýrnar eins og sumarið áður og þótti lífið bæði gott og skemmtilegt. Enda var ég látinn borða meira af eggjum en ég vildi. Það var gert mér til góðs, því allir vildu að Eggert Ólafur næði fullri heilsu. En ég hef áður sagt þér hvernig ég fékk óbeit á eggjum. Hefur það loðað við mig alla tíð síðan. Þegar ég var búinn að borða egg á hverjum einasta degi allt sumarið 1940 var mér farið að þykja egg vond, var orðinn fullsaddur á þeim.

Á vorin voru kríuegg tínd í Suðurnesi. Þau eru pínulítill en alveg sérstaklega góð. Hvítan í þeim er bláleit og skurnin grænblá með litlum svörtum dröfnum. Þegar við fengum kríuegg, máttum við borða eins mörg og hver vildi. Ó! – þau voru svo góð og allt öðru vísi á bragðið en ótætis hænueggjin. Eg hef aldrei síðan fengið kríuegg að borða.

Stundum fengum við líka æðaregg. Það er skrýtið með fugla. Ef egg eru tekin frá þeim, geta þeir verpt öðrum eggjum í staðinn, þannig að fuglarnir geta eignast marga unga þótt eitthvað sé tekið af eggjum frá þeim.

Eins og þú veist er ekki gott að fara inn í kríuvarp og tína egg því kríurnar steypa sér niður og reyna að höggva mann í kollinn með nefinu. Þær eru svo duglegar að verja ungana sína og eggjin.

Þinn elskandi afi.



Þetta er mynd af gömlu slökkvistöðin í Tjarnargötu 12.

Glæsilegt hús þar til byggt var yfir það og því breytt til að koma Rafmagnsveitu Reykjavíkur þar fyrir. Fjórar innkeyrslur fyrir bruna- og sjúkrabíla. Turninn gerður til að hægt væri að hengja brunaslöngur upp til þerris. Nú er þetta orðið að vandræðalegri, margbreyttri *menningarstofnun* borgarinnar sem hefur þar aðsetur. **Farið með myndina og skoðið muninn!**

VEIKUR ÍS - HÚFA Á TJÖRNINNI

Þegar vetur var kaldur varð ísinn á Tjörninni þykkur og botnfraus. Lyftist hann þá upp, fyrst við bakkana og síðan um alla Tjörn. Komu stórar sprungur í hann, en ekki hættulegt að vera á honum. Hestamenn æfðu sig á ísnum og stundum keyrðu menn meira að segja bíla út á ísinn og. Þótti mönnum gaman að láta bílana spóla og snúast í hringi. Ísinn var svo sleipur að ekki var hægt að hafa stjórn á bílunum nema þeir færu mjög hægt.

Strax og ísinn kom var gaman að brjóta hann. Ég settist á stein og barði hælunum í ísinn. Svo var hægt að taka litla ísmola upp, svo þunna að þeir voru eins og glerrúða, og hægt að sjá í gegnum þá. En ísmolinn hélst ekki lengi þannig, ég varð leiður á honum og fleygði honum svo hann brotnaði í þúsund mola.

Svo þegar ísinn þykknaði var hægt að reyna að fara út á hann. Fyrst brotnaði hann undan mér upp við land. Ef ég var í vaðstígvélum blotnaði ég ekki. En ef ísinn var þykkari fór ég lengra út á hann. Var gaman að heyra brakið og þá kom fyrir að ísinn brotnaði alveg undan mér og ég datt í Tjörnina og blotnaði. Þá þýddi nú ekki að vera í gúmmístígvélum því ég rennblotnaði upp á læri, jafnvel upp í mitti. Eitt sinn náði vatnið mér alveg upp að öxlum. En alltaf kraflaði ég mig upp. Það merkilega er að ég man ekki eftir að vatnið væri kalt, enda var ég í góðum og hlýjum fötum.

Ég var alltaf smeykur við að fara heim þegar ég var orðinn svona blautur, skammaðist mín fyrir klaufaskapinn.

Ansi var ég nú aumingjalegur sitjandi á steini, haugblautur. Þá fór ég úr stígvélunum, hellti úr þeim, fór úr sokkunum, vatt þá og sló vatnið úr þeim á steini. En aldrei þýddi það neitt. Alltaf endaði það svo að ég þurfti að hypja mig heim, kaldur og vandræðalegur, varð að segja mömmu hvað hafði komið fyrir. Þá stóð hún upp frá vinnu sinni, eða gerði hlé á píanókennslunni, og tindi fram handa mér ný og þurr föt svo ég gæti farið aftur út. Kannski datt ég þá aftur í Tjörnina. Mér þótti ekkert skemmtilegra en Tjörninn. Lífið snerist um hana. En hún var grunn og ekki hættuleg. En það vissi ég ekki þá.

Ég gerði mér heldur ekki grein fyrir því þá að mamma var mjög hrædd um Palla og mig, og hélt að við gætum farið okkur að voða. Sérstaklega var hún hrædd um mig - því ég var óþekktari en Palli og fljótur að gleyma því sem mér var sagt að gera eða mætti ekki gera. Mamma var alltaf að vinna, hún var að vélrita og fjölrita og stundum var hún með nemendur í píanótímum. Hún vann fyrir heimilinu og ekki bara því: Amma Álfheiður og Þórdís systir hennar bjuggu í skjóli hennar.

Einu sinni leit mamma út um horngluggann, sem sneri í norð-austur. Sá hún múg og margmenn á Tjarnarbakkanum. Ísinn var tekinn að bráðna, orðinn þunnur og vakir á honum.

Brunaverðir voru við bakkann með stiga sem þeir lögðu út á ísinn og ýttu honum að vökinni. Svo fór einn slökkviliðsmaður út á stigann og skreið eftir honum að vökinni. Þá sá mamma að á vökinni flaut húfa. Hún mundi eftir því að Palli hafði verið með húfu þegar hann fór út að leika sér. Nú varð hún heldur en ekki hrædd, viss um að eitthvað hefði komið fyrir okkur, kannski hefðum við dottið í vökina og værum drukknadír.

Svona er það með mömmur og pabba. Þau eru alltaf að hugsa um börnin sín og með sífelldar áhyggjur um að eitthvað gæti komið fyrir þau. Sama er ekki hægt að segja um börnin!

Langamma þín hljóp út á götu og inn í hópinn á bakkanum. Mikið varð hún fegin þegar hún fann okkur í þar sem við skemmtum okkur konunglega við að fylgjast með slökkviliðsmönnum eins og þeir eru kallaðir nú. Það var rok þennan dag.

Slökkviliðsmaður hafði misst af sér húfu í vindhviðu og flaut hún nú þarna á vökinni.

En hvers vegna voru slökkviliðsmennirnir þarna. Jú, það var þannig að í Tjarnarögu 12, sex húsum frá okkur, var Brunastöðin. Þar unnu margir brunaverðir. Þeir voru alltaf að bíða eftir útkalli bæði vegna bruna og sjúkraflutninga.

Af og til voru þeir að æfa sig eða sátu á steinum fyrir utan stöðina, töluðu saman og virtu þá fyrir sér sem áttu leið framhjá. Stundum kom útkall og þá hlupu þeir af stað, en nú höfðu þeir fengið tækifæri til að æfa sig.

Þinn elskandi afi.

BRUNALIÐ - BRUNAR

Ég var að segja þér frá brunavörðunum. Sem betur fer höfðu þeir ekki mikið að gera. Þeir voru glaðir þegar þeir voru að sinna verkefnum eins og að bjarga húfum úr Tjörninni. Stundum voru þeir líka að hjálpa köttum af húspökum. Þetta voru góðir karlar sem vildu allt fyrir okkur gera. Ef rafmagnið bilaði, komu þeir til okkar og hjálpuðu við að koma því í lag. Það var vel þegið. Heima hjá mér voru eintómar konur og þær skildu ekki rafmagn.

Svo voru það sjúkraflutningarnir. Ég fór með þeim í bílnum þegar ég fékk botnlangabólguna og þegar verið var að skipta um gífs á fætinum á mér, þegar ég var veikur í mjöðminni.

En aðallega voru þeir að slökkva eld þegar kviknaði í húsum. Í gamla daga þurfti að hita hús upp með því að brenna kolum í miðstöð sem oftast var í kjöllurum. Mest voru það timburhús sem kviknaði í. Ég var alveg óskaplega hræddur um að slíkt gæti gerst hjá okkur en við bjuggum í timburhúsi í Tjarnargötu.

Á morgnana þurfti að leggja í miðstöðina, eins og hún var kölluð. Það var gert með því að setja pappír, spýtur og kol í miðstöðina og kveikja í, stundum með því að setja olíu með. Þannig var hægt að kveikja í kolum, sem geymd voru í kjallarastíu. Svo þurfti að bæta á eldinn yfir daginn þannig að hlýtt væri í húsinu. Næsta morgun var aska hreinsuð úr miðstöðinni og sett í tunnu. Þá voru sorphreinsunarmenn nefndir öskukallar. Þeir mokuðu ösku úr tunnunni í bala sem þeir báru með á milli sín út að vörubíl, klifruðu upp tvo stiga hjá bílnum og hvolfdi úr honum í kassa á pallinum, þannig að öskurykið þyrlandist. Þá lokuðu þeir hlerum á kassanum og héldu áfram. Það var mikið fyrir þessu haft. Enginn annar úrgangur, því öllu var brennt eða gefið köttum!!

Kolin komu frá *Kolum* og *salti* eða *Kolasölunni* í pokum á bílpalli. Kolakarlarnir, aumingja karlarnir, voru alveg kolsvartir, báru þá á baknu inn í kjallara og helltu úr þeim í stíu. Þyrlandist kolarykið upp svo að ekki var alltaf hreinlegt í kjöllurinum hjá fólki.

Þar við bættist að reglulega komu sótarar í hús til að hreinsa sót úr strompum. Ef það var ekki gert trekkstu miðstöðvarnar ekki. Þá hitnaði illa og hætt við að kviknaði í sótinu. Sótararnir voru líka kolsvartir, þannig að ég hef aldrei séð annað eins. Á reykháfunum voru sötúlúgur og þurfti að fara í þær jafnvel á öllum hæðum. Voru stundum dökk spor eftir sótarana upp stigana, en enginn gerði sér rellu út af því, enda gólf og hús ekki nærri eins hrein og nú. Þegar hitaveitan kom breyttist allt. Sótararnir gengu í brunaliðið.

Ég man eftir þegar kviknaði í húsi á Lokastíg. Sást eldur hátt á lofti þegar þakið á húsinu brann. Ég þekkti ekki fólkið sem þar átti heima, en man hvað ég vorkenndi mikið börnunum í húsinu sem misstu allt sem þau áttu í brunanum og þurftu að flytjast í annað hverfi.

Eitt hús brann í Tjarnargötunni. Þar bjó stór fjölskylda. Ég þekkti yngsta soninn, Pétur Auðunsson, og fann sárt til þess sem fyrir fólkið kom, enda þótti mér vænt um þann

góða vin minn. En það bjargaðist samt allt vel, systkinin voru dugleg og urðu bræðurnir skipsstjórar, eins og pabbi þeirra, nema Pétur sem varð veikur og dó ungur.

En þegar hringt var í slökkviliðið, var mikill hávaði á götunni. Brunabílarirnir voru gamlir og varð að pumpa flautuna sem sagði: *Ba-bú*. Þannig hljómaði hún allt öðru vísi en brunaliðsflautur nú. Elsti bíllinn var á gúmmíhjólum, ekki uppblásin eins og dekk eru nú. Þegar sá bíll ók eftir Tjarnargötunni hristist gatan og húsið okkar. En við í Tjarnargötunni vorum bið brunaliðinu svo vön að við vöknuðum ekki þótt stórbrunar yrðu um nætur og *ba-bú*-hljóðið heyrðist um allan bæ. Til dæmis þegar Hótel Íslands brann. Þá frétti ég af því um morguninn í Gaggó.

Í einu húsi var alltaf að kvikna í. Það var Sjóklæðagerðin í Skerjafirði á flugvellinum sem síðar kom. Sjóföt og regnkápur voru olíubornar, því þá var ekki til plast. Olían sem borin var á fötin var eldfim og þess vegna kviknaði hvað eftir annað í verksmiðjunni. En fyrirtækið dafnaði og heitir nú *66°Norður* og eigendurnir urðu ríkir listavekasafnarar.

Alvarlegasta atvikið sem ég man eftir var þegar ég var orðinn stór og var á leið að heiman í bæinn. Þá var liðið að æfa sig og einn maðurinn klifraði í háum brunastiga; síga úr honum í bandi. Stoppaði ég og fór að horfa á. Þá varð það hræðilega slys að bandið slitnaði og maðurinn, gamall kunningi minn, datt niður á stéttina og slasaðist illa. Varð hann aldrei heill heilsu eftir það. Þannig getur ýmislegt slæmt komið fyrir ekki síst fyrir þá sem ráðnir eru í hættuleg björgunarstörf.

Það var eftirsótt að komast í sumar- og afleysingavinnu í slökkviliðinu. Það var mikið letistarf og gaman fyrir suma að sitja á steini fyrir utan Slökkvistöðina langtímum saman og virða fyrir sér stelpurnar sem leið áttu framhjá.

Ég öfundaði Birgi Finnson og Björn Önundarson þá af þeirra ágætu vinnu. Ég átti eftir að kynnst þeim vel. Annar varð forstöðumaður barnaheimilis fyrir fatlaða og hinn tryggingayfirlæknir, báðir latir.

Sumir voru veikir í að fylgjast með brunum. Í næsta húsi var dönsk fjölskylda. Þegar kviknaði einhvers staðar í bænum pantaði fjölskyldan leigubíl til að elta brunaliðið.

Þinn elskandi afi.



Á þríhjóli á ganstéttinni hér fyrir utan á Bergtaðastræti.



Á hjóli úti í Ólafsdal við Kaplaskjólsvæg hjá Ástu frænkú.



Nú er ferðingahjólið komið á elliheimilið fyrir utan eldhúsgluggann okkar ömmu þinnar.

HJÓLIN MÍN OG RAUÐI BÍLLINN

Hvað á ég nú að segja þér? Kannski ég segi þér frá bílnum mínum, þríhjólinu, litla hjólinu og stóra hjólinu.

Langafi þinn og langamma fóru stundum til útlanda þegar ég var lítill. Þeim þótti ofurvænt um okkur bræðurna og voru alltaf að hugsa um hvað þau gætu gefið okkur þegar heim kæmi, alveg eins og pabbi þinn og mamma. Þá keyptu þau ýmislegt í útlöndum sem ekki var hægt að fá í verslunum á Íslandi.

Fyrst var það rauður, fótstíginn barnabíll, sem ég átti hér lítill á Bergstaðastrætinu. Þessi rauði bíll vakti mikla athygli í götunni, því enginn hafði séð svona fallegan barnabíl. Sérstaklega var það liturinn sem var finnr, en það þótti samt ekki öllum, því einhver spurði þegar ég var að leika mér í bílnum: *Ertu bolsi*, en það vissi ég ekkert um, enda skildi ég orðið ekki. Vissi seinna að Héðinn Valdimarsson, vinur pabba, væri víst aðalbolssinn. Seinna fékk Palli bíllinn og lék sér að honum meðan bíllinn entist.

Seinna fékk ég þríhjól. Það var áreiðanlega fínasta þríhjól sem til var á landinu. Það var ekkert venjulegt, var með keðju, og hægt að kana rosalega á því. Þetta hjól fékk Palli líka eftir að ég var orðinn of stór fyrir það. Einu sinni, þegar ég var í sveitinni, frétti ég að hjólið hefði verið selt frænda okkar, Þorsteini í Þorsteinsbúð. Sá ég það aldrei framar en hef alltaf litið vinsamlega á yngstu syni hans, því líklega notuðu þeir hjólið mitt!

En svo var það litla tvíhjólið sem sést á myndinni. Þegar pabbi og mamma keyptu hjólið var ég of lítill fyrir það. Fyrst var það geymt hér í kjallaranum á Bergstaðastræti. Þegar pabbi dó fluttum við í Tjarnargötuna og tókum hjólið auðvitað með okkur. Þar var það hengt upp við loft í kjallaranum og geymt þangað til ég var orðinn nógu stór fyrir það, líklega sjö ára. Ég var alltaf að fara niður í kjallara til að skoða það, en það hékk uppi undir lofti á tveim krókum, gljáandi og fínt. Þá var það tekið niður og Olga, norsk stúlka sem var hjá okkur lengi og bjó í Bryne í Noregi, fór með mig út á götu og kenndi mér að hjóla. (*Olga dó í desember 2014 níutíu og þriggja ára*). Fyrst var ég óskapar klaufi. Eftir það var ég alltaf hjólandi og er enn!

Í fyrstu löngu ferðinni minni fór ég niður að höfn og hjólaði þar um, sæll, ánægður og áhyggjulaus. Ég man nákvæmlega staðinn þar sem ég var á, rétt ofan við bátabryggjuna, neðan við verbúðirnar, vestan við Hafnarbúðir. Ekki var margt fólk á ferli þegar ég kom hjólandi niður Ægisgötuna og beygði til austurs í átt að Sprengisandi, stóru bryggjunni. Þá sé ég fullan kall koma gangandi. Kannski vissi ég ekki þá að ég ætti að víkja til vinstri (áður en farið var að víkja til hægri, löngu síðar).

Þegar ég kem að kallinum ruglaðist ég alveg hvorum megin við hann ég ætti að hjóla. Kannski hefur hann líka slagað. Sennilega hef ég orðið hræddur og misst stjórn á hjólinu. Vill nú ekki betur né verr til en svo að ég keyri beint á milli fótanna á honum. Ég hjólaði ósköp hægt og meiddi hann ekkert. En hann varð reiður, öskraði á mig og skammaði mig harðlega fyrir hegðunina.

Það voru kallar að vinna í bátunum við bryggjuna. Þeir litu upp og fóru að fylgjast með hvað væri að gerast.

Ég varð dauðskelkaður. Ekki fór ég nú samt að gráta fyrr en kallinn segir: *Það væri réttast að fleygja mér og hjólinu í sjóinn*. Þá varð ég skíthræddur. Kallinn var illa til reika, sóðalegur og lélega klæddur. Ég var sannfærður um að hann myndi gera alvöru úr hótun sinni og kasta mér og hjólinu beint út í sjó. Þá fór ég að háorga. Þá varð fulli kallinn líka hræddur og sjómennirnir komu upp bryggjuna og fóru að tala við hann og hugga mig. Mikið var ég nú feginn þegar þeir komu og gat farið heim, snöktandi. Ég var fljótur að jafna mig og hætti að gráta og sagði mömmu farir mínar ekki sléttar. Ekki veit ég hvort hún trúði mér, eða hvort þú trúir mér, en ég átti það til að segja ósatt.

Þetta var eins og með séra Pál Þorleifsson á Skinnastað, pabba hans Sigurðar Pálssonar rithöfundar, sem leigði í Tjarnargötunni. Hann lærði á hjóli þegar hann var í guðfræðideildinni og fór sína fyrstu ferð í hádeginu niður í Austurstræti. Þar var aðeins einn maður á ferli því allir fóru heim til sín í mat. Var nú Páll svo óheppinn að hjóla beint á þennan aumingja mann sem var þar á gangi í sakleysi sínu.

Eftir þessar ófarir hélt ég áfram að hjóla um allan bæ á þessu fína, stóra hjóli, sem varð alltaf minna og minna fyrir mig eftir því sem ég stækkaði. Oft fór ég út að Ólafsdal til Ástu frænku og einu sinni inn að Tungu, með sítrón í flösku og kex í poka. Það var ævintýri að fara út fyrir bæinn. Nú er Tunga horfin og þar sem hún stóð er Sjónvarpshúsið (sjónvarpið er flutt úr því núna).

Ekki man ég eftir hjóli sem ég fékk þegar ég var tíu ára. Það entist stutt og ég þurfti þessvegna stundum að fá lánuð hjól. Síðast fékk ég hjól í fremingargjöf. Það stendur enn hér í kjallaranum svo stórt að óskiljanlegt er að ég skuli hafa getað notað það. En ég var orðinn svo stór eftir aldri að allir litu upp til mín í bókstaflegri merkingu. Það var keypt gamalt og uppgert. Kannski er það forngripur. Þetta hjól notaði ég alla tíð, var rukkari og sendisveinn og hjólaði á því í vinnuna á sumrin. Nú er langt síðan ég hef notað þetta hjól, veit eiginlega ekki hvað ég á við það að gera.

Ég var sem sé alltaf hjólandi og er enn. Þá voru götur ekki malbikaðar og mól á götunum. Þess vegna var ég alltaf dettandi. Þá voru strákar í stuttbuxum með ber hnén á sumrin. Þegar ég datt á hjólinu hruflaðist ég á hnjánum og var það stundum lengi að gróa því það kom sandur í sárin. Ég er enn með ör á hnjánum eftir öll óhöppin.

Þinn elskandi afi.



Mynd tekin til vesturs í Austurstræti um 1940. Í Aðalstræti, fyrir endann, er verslun Manchester og bókabúð Eimreidarinnar. Vinstramegin í Austurstræti sést næst tóbaksvörubúð og Thorvaldsens basar. Fjarst, þeim megin, er Hótel Ísland sem brann síðar og nefnt í bréfunum. Á móti Hótel Íslandi er Veltan, húsið sem amma í Nesi átti og var rífið. Bókaverslun var niðri og Guðni A. Jónsson gullsmiður. Þar var mikil menningarstofnun. Lögfræðistofa Lárusar Fjeldsted uppi á lofti. Á horninu nær er verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar. Í húsinu á móti, til hægri, handan Veltusunds var Leðurverslun Jóns Brynjólfssonar og Sigurður Jónsson úrsmiður.



Ef marka má fót stúlnanna og konunnar með sjalið er myndin tekin um 1935. Hægra megin á neðstu hæð Hótel Íslands er Vöruhúsið, fata/vefnaðarvörubúð. Næst, vinstra megin á myndinni, er Veltan, hús ömmu. Þar var Guðni úrsmiður og þar sem söltjaldið er var Bókabúð Eggerts P. Briem, móðurbróður míns og lögfræðiskrifstofa pabba og Stefáns Jóh. Stefánssonar uppi.

ÞEGAR ÉG TÝNDIST

Þegar ég var rúmlega eins árs og Palli ekki fæddur, 1. des. 1930, fluttu pabbi, mamma og ég hingað á Bergstaðastrætið.

Pabbi hafði skrifstofu við Austurstræti, í húsi sem amma í Nesi átti. Húsið hét Veltan og var löngu síðar rífið. Þarna heitir núna Ingólfstorg þar sem brettastrákar leika sér alla daga. Á móti húsinu var Hótel Ísland sem er brunnið. Þar sat Guðmundur afi í Nesi einu sinni og var á fundi að skemmta sér. Þá heyrði hann einhver læti fyrir utan. Hann bað þjóninn um að athuga hvað væri að gerast. Jú, hann komst að því að uppboð væri á Veltunni. *Viltu kaupa hana fyrir mig*, sagði afi og það varð.

Ég heimsótti pabba stundum á skrifstofuna og þótti það skemmtilegt. Ég man líka ofur vel þegar pabbi var að fara í vinnuna. Hann sneri sér alltaf við á leiðinni út eftir götunni og vinkaði. Þetta gerum við líka, amma þín og ég, og höfum alltaf gert.

Þegar pabbi þinn var lítill og við fórum í ferðalög á sumrin, litum við alltaf til baka að húsinu. Ef enginn var heima þá vinkuðum við samt og sögðum í kór: *Bless Bergstaðastræti*. Oftast var langamma þín í glugganum og þá var vinkað til hennar og krakkarnir kölluðu: *Bless - amma!* Líka þegar við kvöddum tjaldstæði sem við höfðum gist á var sagt: *Bless* og bætt við staðarnafninu, *Skaftafell, Höfn, Reyðarfjörður* eða öðru sem við átti.

En við vorum að tala um þegar ég var lítill. Þegar von var á pabba heim úr vinnunni var ég alltaf úti eða í glugganum að bíða eftir honum, eða úti við hlið sem þá var hér á háum veggjum.

Ég saknaði pabba mikið og gat ekki beðið eftir honum heim í hádeginu, fannst tíminn lengi að líða. Ég hugsaði allt með sjálfum mér, því ég fór seint að tala. En þegar ég byrjaði kom það í einni bunu, eins og þú þekkir. Þar sem ég beið fór ég að hugsa um hvernig ég gæti fundið hann.

Og eitt sinn lagði ég af stað gangandi út í stóra heiminn.

Ég gat ekki talað við mömmu eða neinn annan. Kannski vissi ég að hún myndi aldrei gefa mér leyfi til að fara einum út að ganga - þess vegna lagði ég bara af stað.

Á þessum tíma voru mjög fáir bílar í borginni, og þar af leiðandi ekki mikil slysaætta vegna umferðar. Hinsvegar voru margir hestar og hestvagnar á götunum. Svo voru líka skurðir í Vatnsmýrinni, Tjörnin og Höfnin hættuleg. Þótt lítill hætta væri af Tjörninni var aldrei að vita hvernig færi ef mjög litlir krakkar dyttu í hana. Enginn veit hvaða leið ég fór.

Ég sem sé týndist, en enginn saknaði mín heima af því að allir héldu að ég væri úti í rauða bílnum mínum eða að leika mér eða í garðinum. Allt í einu hringir síminn hennar mömmu. Kona í símanum sagðist hafa fundið mig í Aðalstræti og ég hefði ekkert getað sagt hvert ég vildi fara. Hafði hún verið inni í búðinni hjá Silla og Valda, þar sem nú er *Fógetinn*, leit út um gluggann, þekkti mig og sá að ég var einn.

Mamma varð nú heldur en ekki hrædd. Hún hringdi strax í pabba á skrifstofuna hans sem var á horninu á Aðalstræti og Austurstræti og bað hann í öllum bænum að sækja mig strax. Hann sótti mig og við gengum svo heim í rólegheitum. Tilgangi mínum var náð.

Nú skemmti ég mér betur en nokkru sinni: Ég hafði fundið pabba minn. Þegar heim kom var velt fyrir sér hvað ætti að gera við þennan strokuþrák - sem alltaf vildi fara niður í bæ til að finna pabba sinn.

Hvað heldurðu að þau hafi gert? Þau skrifuðu á spjald sem þau festu aftan á peysuna mína: *Eggert á heima á Bergstaðastræti 69, sími 2250.*

Ég held að ég hafi lært af þessu, þó ég væri lítill: Ég strauk aldrei aftur og týndist heldur ekki.

Þetta var nú sagan af því þegar ég týndist.

Þinn elskandi afi.



Ólafur Stephensen barnalæknir.
1934-1980.

ÓLI STELST YFIR TÚNIÐ

Ég hef ekki sagt þér mikið frá Ráðagerði, Önnu frænku, sem var systir pabba, Kristni og Gauju. Ég bíð með það, en segi þér frá Óla Stef.

Óli Stef, hét fullu nafni Ólafur Stephensen. Hann var skemmtilegur strákur sem ég þekkti alla tíð. Hann varð barnalæknir, en veiktist fyrir nokkrum árum og dó. Þegar Óli Stef var lítill var hann eins og svo margir sendur í sveit til að kynnst dýrunum og nýju fólki. Hann var svo heppinn að komast í sveit í Ráðagerði en þar voru allir bæði góðir og skemmtilegir. Nú hlæja menn að hugsuninni um að nokkur fari í sveit út á Nes. En þar var nú aldeilis skemmtilegt þótt ekki væri langt að fara.

Einn daginn var Ól sendur upp að Nesi. Það var ekki hægt að fara beina leið. Bæði *Nýjabæjartúnið* og *Hinumeigintúnið* voru á milli og þurfti að fara krók sem var stór fyrir stutta fætur.

Þú þekkir þessa leið því við gengum hana saman upp að Nesi þegar við gengum saman frá Ráðagerði upp að Nesi og kíktum inn um gluggana á Nesstofusafninu.

Bændurnir voru sérstaklega á móti því að gengið væri yfir slægjur. Slægja var það kallað þegar grasið var orðið fullvaxið og kominn tími til að slá. Ef gengið var yfir túnið þá, sérstaklega þegar blautt var, bældist grasið og var ekki vel gott að slá það.

Þegar við erum lítill og vöxum hratt, erum við flest úthaldslítill og þreytumst fljótt, finnst allar vegalengdir hræðilega langar. Óli stóð nú við girðinguna við hliðið hjá Ráðagerði og horfði á *Nýjabæjargirðingarnar* og *Hinummegingirðinguna* og *Nesgirðinguna*. Meðfram girðingunni voru traðir og gangstígur frá Litlabæ að Nesi. Máttu allir fara þá leið.

Óli var ósköp hræddur við að fara yfir túnið. Allir krakkar voru dauðhræddir við Guðmund í Nýjabæ sem myndi koma og flengja krakkana sem færu yfir. Það var flökkusaga að hann hefði gert það, sennilega röng, enda var hann, held ég, dáiinn þegar saga þessi gerðist.

En Óli hugsaði að þó það væri varasamt borgaði það sig betur að hlaupa yfir en að fara krókinn. Svo hann fór yfir og hljóp eins og fætur toguðu yfir Nýjabæjartúnið, undir girðinguna, og yfir Hinumeigintúnið til að troða sér undir girðinguna við Nestúnið okkar.

En hvað heldurðu? Hann festi peysuna sína í gaddavírsgirðingunni og gat ekki losað sig. Hann var lengi að reyna og endaði með því að smokra sér úr peysunni og ætlaði að losa hana á eftir.

Hann var þarna á fjórum fótum og sér þá tærnar á svörtum vaðstígvélum. Hann hugsar með sér: *Nú er öllu lokið - Nonni sonur hennar Sólvegar kominn til að taka mig og flengja.*

Hann renndi augunum upp eftir gúmmístígvélunum. Þau voru brett niður efst. Hann hélt áfram að líta upp og sá að fyrir ofan var brúnn semfestingur, þá tók við belti, og sex hnappar. Hann hélt að nú væri öllu lokið! Og hann leit herra. Mikið ósköp var þessi maður langur - ætlaði þetta engan endi að taka.

Hvað sá hann þá? Hann sá brosandi andlitið á mér. Ég hafði komið gangandi og ætlaði að hjálpa Óla, því ég sá að hann var í vandræðum.

Mörgum árum seinna sagði Óli mér frá þessu og sagðist aldrei hafa orðið fegnari á æfi sinni en að sjá mig. Honum fannst ég svo góðlegur og að nú væru öll vandræði úr sögunni.

Ég var fimm árum eldri en Óli - sennilega fjórtán ára og hann níu ára. Hann var stuttur, varð aldrei hávaxinn. Ég var hinsvegar algjör hengilmæna og himnastigi. Sumir krakkar kölluðu mig slöngu. En ég tók því bara vel og var alveg sama. Ég hlykkjaðist áfram, ósköp linur, varð fljótt þreyttur, enda óx ég hratt. En það breyttist. Ég varð bara stekur og fljótur að hlaupa. En enginn íþróttamaður varð ég.

Þinn elskandi afi.



Töðugjaldaferð til Þingvalla og að Ljósafossi. F.v. Óli frændi, Kiddi í Bollagörðum, mamma, amma Ervin hinn norski, pabbi, ég, dóttir Ellu, Eygló Kristinsdóttir, Palli, Else-Mari Vennerström, Jóna Einarsdóttir, Unna Óladóttir, Sigrún Sigfinnsdóttir.

BÍLTÚRAR - LJÓSAFOSS

Þegar ég var lítill voru fáir bílar. Göturnar í borginni voru slæmar og enn verri úti á landi. Þegar ég var þriggja ára, var Bergstaðastrætið malbikað. Það er fyrsta minningin mín að sjá þjöppuna, sem kölluð var *Briet*. Þjöppunni var stjórnað af pínulitlum kalli með Hitlersskegg sem spilaði í Lúðrasveitinni.

Mér tókst komast í tjöruna og klína mig út og varð að hreinsa hana úr hárinu með smjöri inni hjá Hildu frænku á Bergstaðastræti 76, þar sem ég var í fóstri um tíma. Þegar ég flutti í Tjarnargötuna, nýorðinn sex ára, var líka búið að malbika þá götu og hafði víst verið gert fyrir mörkum árum.

Vegirnir út úr bænum voru slæmir. Við bjuggum í miðbænum, þaðan sem var hægt að ganga eða fara á hjóli flest sem þurfti að fara. Fólk burðaðist með hluti um allan bæ, reiddi þá á hjólum og hafði í kerrum, notaði hjólbörur og tvíhjóla vagna. Nokkrir tóku að sér að flytja hluti fyrir fólk. Þeir voru kallaðir ökumenn. Þegar flytja þurfti búslóðir og eitthvað meira voru fengnir vörubílar sem enn voru veikbyggðir og með litlum pöllum.

En mikið ósköp hafði fólk samt gaman af að létta sér upp og fara út úr bænum. Það gerðist stundum og ætla ég að segja þér frá því. Það var helst að við færum og týndum ber.

Fyrsta minningin um ferð upp í sveit var þegar pabbi leigði hópferðabíl og bauð fjölskyldunni og öllum í Nesi að Þingvöllum og Ljósafossi í töðugjaldaferð. Það var heldur en ekki viðburður og öðru vísi en þekktist.

Í sveitinni er sá siður að halda upp á þegar fyrri slætti er lokið og taðan komin í hús. Sums staðar var boðið upp á kaffi eða kókó og kökur. Annars staðar var drukkið brennivín. Pabbi vildi breyta til og bauð upp á ferð upp í sveit, sem nú myndi vera kölluð *lautarferð* en þá líklega *hystiúr*. Ég man nú ekki mikið eftir ferðinni, nema hvað við komum til Þingvalla og sátum við Ljósafoss og drukkum eftirmiðdagskaffi. Þetta var eina skiptið sem ég sá Ljósafoss þar sem hann var virkjaður árið 1936 og þar með eyðilagður.

Ég átti einu sinni merkilega mynd þar sem við sátum við fossinn sem nú er horfinn. Í staðinn fengum við nóg rafmagn til Reykjavíkur. En þess vegna man ég þessa ferð svona vel að í Nesi var alltaf verið að minnast á ferðina og gleðjast yfir þeim hvenær sem tækifæri gafst. Þetta var á þeim tíma þegar fólk sagði sömu sögurnar aftur og aftur án þess að verða leitt á þeim. Eins og segir í vísunni:

*Segðu mér söguna aftur,
söguna frá í gær,
um litlu stúlku hjúfu,
með ljósu fléttunum tvær. -*

Einu sinni fékk mamma bíl með fjölskylduna og bauð í ber austur í Grafning. Nokkrum sinnum bauð Helga Ólafs frænka mín í berjaferð, en Stefán Jóhann maðurinn hennar átti um tíma bíl eða fékk ráðherrabílinn lánaðan.

Ásta og Kalli í Ólafsdal fengu stundum að fara í bíltúr í borgarstjórabílnum, en Kalli vann hjá bænum og hét bílstjórinn Kristján. Árið 1945 bauð Kalli okkur Gauju í Ráðagerði, Glóu í Nesi og mér og átti að fara að Ásólfstöðum. Þegar kom að Ölfusárbrú hafði hún slitnað niður um morguninn, mjólkurbíll, sem hafði verið á brúnni, lá á hliðinni úti í miðri á. Komumst við ekki austur. Var áætluninni breytt og farið í Laugardal í Biskupstungum. Þar tíndum við ber. Gauja og Kristján voru saman að tína og komu sigri hrósandi og höfðu tínt mest. Þá kom í ljós að það voru ekki krækiber, bláber eða hrútaber heldur lúsamurlingar sem þau voru með, en þeir munu vera óætir. Skömmuðust þau sín fyrir og vildu að við myndum ekki segja frá þessu.

Einu sinni var farið með Hildu og Theódóri Líndal og fjölskyldunni til að sjá gos í Geysi. Var það mjög skemmtilegt enda tókst þetta 60 metra gosið svo vel að í minnum var haft.

Elstu bílarnir voru heldur lélegir og drifu illa upp brekkur. Sjálfsagt voru þeir vel hlaðnir. Þá tróðst fólk inn í þá eins og það gat með krakkana í fanginu. Engin bílbelti og engar reglur. Kannski hafa bílarnir ekki þolað það vel. Bæði í brekkunni hjá Lögbergi og í Kömbum vildu bílmótarnir hita sig svo kælivatnið fór að sjóða, eða hreinlega drifu ekki upp brekkurnar. Þá þurftu allir að fara út og bíða meðan þeir kólnuðu eða að ýta á eftir þeim upp hallann.

Fólk var illa klætt í svona ferðalögum. Þá átti enginn það sem kalla mætti íþróttar- eða útivistarföt. Við vorum bara í venjulegum gömlum fötum, krakkarnir eins og litlir herrar og frúr, eins og sést á myndinni frá Þingvöllum þar sem Kiddi er í matrósafötum, konurnar í fínum kápum og karlarnir með hálsbindi.

Effir langan akstur á krókóttum og slæmum vegum var komið í áfangastað. Þá var farið að skoða sig um, eða að tína ber. Ég var óduglegur við að tína ber, þótti það ganga hægt og borðaði eiginlega öll berin sjálfur. En krakkarnir fóru í leiki, skoðuðu umhverfið, leituðu að skordýrum, skoðuðu blómin, klifruðu í klettum og borðuðu nesti.

Aðalskemmtunin var auðvitað að borða og láta taka af sér myndir, enda voru ekki margar myndavélar til, eða kannski notaði fólk þær ekki mikið. Einu vélarnar sem ég þekkti voru kassavélar. Ekki veit ég hvað kostaði að framkalla myndir, en sennilega hefur það verið dýrt miðað við efnahag fólks. Þegar myndir voru teknar þurfti að láta sjást hvað verið væri að gera. Héldu allir matnum á loft, voru með opinn munn.

Svo var komið heim og hægt að byrja að gæða sér á berjunum sem tínd höfðu verið. Það var góður endir á skemmtilegum ferðum.

Þinn elskandi afi.

GENGIÐ Á GRJÓTVEGGJUM

Mig langar til að segja þér frá leik krakkanna á Bergstaðastrætinu.

Eins og þú kannski manst eru allar lóðir afmakaðar hér með grjótgörðum. Leikurinn var sá að ganga á gördunum um allt hverfið. Máttum við hvorki detta niður af gördunum né koma við jörðina. Þá vorum við búin að tapa. Þetta var stundum erfitt þegar við komum að göngustígum eða innkeyrslum, og hliðum. Þurftum við þá að klifra yfir hliðgrindina eða stökkva til að komast leiðar okkar. Ef við gátum það ekki þurftum við að fara langa króka til að komast þangað sem hinir biðu, og var þá fyrst hægt að halda ferðinni áfram. Sérstaklega var þetta erfitt þegar hús voru byggð út í götu eða bílskúrar á lóðunum. Þá þurftum við að klifra utan á húsinu til að halda ferðinni áfram. Einhvers staðar endaði ferðin með því að við komumst ekki lengra og duttum, snertum jörðina. Pabbi þinn og Ásgeir voru duglegir í slíkum leikjum líka.

Þetta var skemmtilegur leikur sem við karlarnir, sem vorum þá strákar, erum stundum að rifja upp þegar við hittumst í götunni. Ég var alveg búinn að gleyma þessu þar til ég hitti Guðmund Norðdahl tónlistarmann um daginn. Hann bjó einu sinni í timburhúsinu hér á móti. Fórum við að tala um gamla daga. Hann sagði mér að hann kæmi stundum hingað bara til að rifja upp allt það skemmtilega sem gerðist hér.

Þá voru allar íbúðir mjög þröngar fyrir þær stóru fjölskyldur sem í húsum bjuggu og því nauðsynlegt að vara úti við. Ekki var þá hægt að hanga yfir sjónvarpi eða vera í tölvuleikjum.

Ég rakst ekki fyrir löngu á manntal Reykjavíkur og þá kom í ljós að þá bjuggu í húsinu 32. Þá var þrögn á þingi. Við amma þín vorum tvö í húsinu og tveir leigjendur. Alls fjórir!

Ég segi þér seinna frá öðrum leikjum, kúlubolta, fallinni spýtu, saltbrauðsleik, yfir og dönskum.

Þinn elskandi afi.



Ekki er þetta nú páfagaukurinn sem ég er að tala um.
En hér er eyða, því ekki að nota hana.

PÁFAGAU KAR

Eins og þú manst átti ég heima hér á Bergstaðastræti þegar ég var lítill. Þegar pabbi dó, fluttum við til ömmu Álfheiðar í Tjarnargötuna og leigðum húsið okkar. Á efstu hæðinni hér bjuggu krakkarnir Einar, Magga og Óttar.

Hér á neðstu hæðinni leigði fyrst Eggert frændi minn og síðan Þjóðverji, giftur íslenskri konu. Mömmu þótti alltaf heldur óskemmtilegt að koma þar inn fyrir dyr, því þar á vegg var mynd af Hitler, sem var vondur stríðsmaður og einræðisherra. Seinna bjó þar Jóna uppeldissystir mömmu, Óli maðurinn hennar og dæturnar þrjár.

Á miðhæðinni bjó Guðmundur Jóhannesson, kona hans og börn. Það er frá þeim sem ég ætla að segja þér.

Einhvern tímann báðu þau hjónin mömmu um að koma til að líta á íbúðina, því sennilega hefur þurft að gera við eitthvað sem var í ólagi.

Við Palli vorum litlir, kannski 6-8 ára. Okkur var öllum boðið inn í fína stofu, fengum mjólk og kökur með, því þetta var gestrisið fólk.

Í stofunni sátu tveir páfagaukar á gardínustöng uppi við loftið. Voru þeir hræddir við okkur, gestina. Fullorðna fólkið talaði og talaði um húsið og ýmislegt fleira sem við Palli höfðum engan áhuga á. Við fylgdumst því meira með páfagaukunum, en slíka fugla höfðum við ekki séð áður, nema kannski í búi. Þeir voru grafkyrrir en flugu einu sinni milli gardínustangar og myndaramma.

Okkur Palla þótti nú ekki gaman til lengdar að horfa á fugla sem hreyfðu sig ekki. Við veltum fyrir okkur hvernig hægt væri að fá þá til að fljúga. Við vorum með pappírsservéttur. Eg tók mína, hnoðaði henni saman og kastaði henni í annan páfagaukinn.

Mamma var að drekka kaffið sitt og uggði ekki að sér. Hún bar bollann upp að munninum, en um leið fældist páfagaukurinn og flaug rétt við andlitið á henni. Hún hrökk svo við að hún skvetti úr kaffibollanum yfir borðið á fína hvíta dúkinn.

Það varð heldur en ekki uppistand. Enginn skammaði okkur, ekki þá og aldrei síðar. En mömmu þótti þetta alveg óskaplega leiðinlegt, kvaddi sem allra fyrst og fór með okkur Palla heim. Hún var ekki vön að skamma okkur. En við gleymdum þessu aldrei, því það var alltaf verið að segja þessa sögu. Allir hlógu mikið að henni. Og í hvert skipti skömmuðumst við okkar fyrir hvað við höfðum verið óþægir og verið langömmu þinni til minnkunnar. Saga páfagaukanna endaði með því að þeir flugu út um gluggann og týndust. Gamla frú Jóhannesson, en svo var konan kölluð, syrgði þá mikið, en fékk sér ekki nýja páfagauka, kannski hrædd um að við Palli kæmum aftur í heimsókn og hræddum fluglana, svo að aftur kynni að vera skvett úr kaffibolla yfir hvítan og fínan dúkinn hennar!

Þinn elskandi afi.



Þetta er mynd frá Hlemmi í Reykjavík, sem áður hét Vatnsþró. Það var steyp þró til að brynna hestum. Stampurinn í Nesi var ekki svona merkilegur, hálfniðurgrafinn járnstampur, sem nú er horfinn.

PALLI BAÐAÐUR

Við krakkarnir á Nesinu skömmuðumst okkar ærlega fyrir atvik sem ég ætla nú að segja þér frá, en það var hálfgerð leyndarmál lengi, því við vorum svo vitlaus og óþekk þennan dag. Þetta er eitt hið fyrsta sem ég man. Ég hef líklega verið fimm ára og Palli bróðir fjögurra ára. Þannig var að pabbi og mamma voru í útlöndum og við Palli í sumarfóstri. Ég var hjá ömmu í Nesi. Palli var hjá Önnu frænku og Kristni í Ráðagerði.

Í Nesi og á næstu bæjum voru margir krakkar sem voru oft að leika sér saman þegar gott var veður. Sérstaklega var gaman á sunnudögum. Þá voru allir í fríi, nema hvað auðvitað þurfti að reka kýrnar í hagann eða sækja þær. Fólkið var ýmist inni við eða að heiman og enginn skipti sér af okkur. Krakkahópurinn hafði nú það mikilvæga verkefni að passa okkur Palla sem vorum minnstir og yngstir. Hópurinn hélt niður traðirnar og ætlaði niður að Kotatjörn til að athuga hvort ekki væri eitthvað skemmtilegt að sjá þar, kannski spýta sem mætti sigla eða korkur sem festa mætti fjöður í og hafa fyrir seglskip.

Hópurinn hélt því sem leið liggur niður með fjósinu og verkfærageymslunni. Neðst í tröðunum var mikið hlið sem erfitt var að opna en hinum megin var brunnurinn. Þar hvíldum við okkur og töludum saman áður en við höldum áfram.

Ég hef sagt þér frá brunninum, en í honum bjó einmana silungur, sem passaði upp á að éta flugur og óhreinið í vatninu. Á brunnþakinu var dæla, sem notuð var til að dæla vatni í stamp sem kúnum var brynnt í.

Dagurinn var heitur, sólin skein í heiði og við sveitt og þreytt. Við fengum okkur að drekka með því að dæla svolitlu vatni í stampinn.

Stampurinn var hálf fullur og einhverjum datt í hug hvort ekki væri hægt að baða sig í honum. En við vorum ekki með sundföt, kunnum eiginlega ekki við að vera að hátta okkur svona saman bæði strákar og stelpur.

Þá var það sem einhverjum datt í hug hvort ekki væri hægt að baða Palla. Hann hefði gott af því og svo væri það skemmtilegt, bæði fyrir hann og hópinn.

Það var ekki beðið boðanna með það. Palli var háttadur og settur í stampinn og hellt yfir hann vatni og hann baðadur eins og elstu stelpurnar kunnu best. Við höfðum samt ekkert handklæði og enga sápu. Svo eftir dálitla stund var Palli tekinn upp úr stampinum.

Sólin skein. Vatnið var því ekki ískalt. En volgt var það ekki. Þegar Palli var tekinn upp úr og fór að þorna tók hann að skjálfa.

Í sama mund ber þar að Unnu. Hún hafði farið út á hlað og séð að eitthvað grunsamlegt var á seyði og hljóp því sem hraðast niður traðirnar því það gat hún, hlaupakonan úr KR.

Sú varð nú aldeilis hissa þegar hún sá hvað við aðhöfðumst og reiddist okkur mjög. Hún hundskammaði okkur krakkana og vafði Palla inn í svuntuna sína og hljóp með hann heim.

Nú rann upp fyrir okkur að við hefðum gert eitthvað hræðilega skammarlegt. Við minnkuðumst okkar óskaplega og fórum að ræða hvað yrði gert við okkur þegar við kæmum heim.

Niðurstaðan var sú að við vorum allan daginn sem eftir var við Kotatjörn. Ekki lékum við okkur, við kviðum því að fara heim og drógum það sem lengst. En svo varð ekki lengur komist hjá því og hópurinn tvístraðist og fór hver heim til sín.

En vorum við skömmuð? Nei! Enginn var skammaður. Reyndar var það svo að þetta var ekki nefnt einu orði þann dag eða næstu daga.

En smám saman var farið að gera grín að okkur. Í mörg ár sagði fólkið á bæjunum söguna af því þegar krakkarnir böðuðu Palla. Og í hvert einasta skipti létu krakkarnir sem minnst á sér bera meðan allir hlógu. Enginn vildi vera bendlaður við þessa hræðilegu baðferð.

Þannig fengum við refsingu sem ekki gleymdist. Palla varð ekki meint af þessu ævintýri. Nú er það sjálfsagt bara ég sem man þetta óþekktar ævintýri sem hlaust af því að krakkarnir höfðu ekkert fyrir stafni, voru bara að *rónapískeast* eins og Óli frændi sagði.

Þetta var nú sagan af baðferðinni.

Þinn elskandi afi.

HAUGHÚSIÐ OG PABBI

Við heimsóttum býlið Glenni á Vermlandi í Svíþjóð fyrir skemmstu. Þetta var búgarður Guðmundar Vennerströms, frænda okkar, sem nú er dáinn. Hann var mikill íþróttamaður og Íslandsvinur og skemmtilegur þar að auki. Guðmundur var mjög góður við pabba þinn og Ásgeir þegar þeir voru litlir og hann var í heimsókn hér á Íslandi. Þá fór hann með þá á frímerkjasýningar og í skemmtilegar gönguferðir.

Þegar Guðmundur var lítill, fór hann í sveit að Nesi og var þar einmitt þegar verið var að reisa fjósið árið 1922, en Óli frændi og Ásgeir langafi þinn unnu við smíðarnar. Nú er fjósið ekki lengur notað fyrir kýr, heldur er þar safn um lækningar, en læknað áttu heima í Nesi fyrir meira en 200 árum.⁴

Fyrir neðan fjósið var haughús og hlandfor. Í haughúsið var safnað mykju úr fjósinu og í hlandforina var hland frá kúnum látið renna. Á vorin var þessu dreift á túnin sem áburður, svo grasið yxi vel. Það var einmitt verkið mitt að moka flórinn og keyra mykjuna í hjólbörum upp á haughúsið og steypa úr þeim niður um op á lágu þaki þess. Ég var alltaf hræddur um að missa börurnar niður um opið. Aldrei kom það samt fyrir.

Þetta voru þungar börur, heimasníðaðar úr tré, og voru aldrei þvegnar eða hreinsaðar. Þannig voru þær orðnar mjög þungar og erfitt fyrir mig að valda þeim. Auðvitað réð ég því hvað mikið væri í börunum og þá um leið hvað þær væru þungar.

En ég man vel hvernig það var. Þegar ég kom út úr fjósinu með börurnar þurfti ég að ná upp góðum hraða, hitta á planku, sem lá upp á húsið. Ég varð að gæta þess að missa ekki hraðann áður en ég hellti úr börunum niður um opið. Annars hefði ég misst jafnvægið á börunum og þær og innihaldið oltið þangað sem það átti ekki að fara.

Nú gætir þú haldið að það væri leiðinlegt að moka flórinn. En það er nú alls ekki svo. Að vísu þykir ýmsum mykjulykt vond. Það þótti mér ekki og sjálfsagt ekki heldur öðrum sem vinna við slík verk. Öllu má venjast. En mykjunni er skemmtilegt að moka. Hún er að vísu þung, en þægileg meðferðar og gaman að fást við að koma henni upp á skóflu og í börurnar. Reyndar er flórinn háll og verður að passa sig að detta ekki í honum. Ég hefði nú heldur kosið að haughúsið hefði verið undir fjósinu eins og hinum megin í Nesi og hægt að ýta mykjunni niður um gat á gólfinu. En gallinn við það var sá að stækjan af mykjunni var meiri í slíku fjósi.

Þegar pabbi var lítill var hann einu sinni að leika sér á haughúsinu. Þá vildi svo illa til að hann datt niður um opið og sökk í mykjuna. Amma, Kristín í Nesi, langalangamma þín, kom þar að og varð ekki um sel. Stökk hún út í hauginn á eftir honum. Hún var í víðu pilsu sem þandist út þegar hún stökk og flaut hún á því þar til einhver kom og bjargaði henni og Geira litla upp úr haughúsinu.

⁴ Enn síðar var fjósið rífið eins öll útihúsin hennar ömmu. Nú er bara eftir fjósið hennar Sólveigar *hinumegin* og er það notað sem skrifstofa og lyfjafræðisafn.

Þessi saga hlýtur að vera sönn, því það var alltaf verið að segja frá þessu í Nesi. Var hún sögð til að sýna fram á hvílik stólpakona Kristín var og um leið til að vara okkur krakkana við að lenda í haughúsinu. Auðvitað var þetta líka merkileg og æsandi saga.

Það er allavega satt að hvorugu varð meint af og lifðu þau við góða heilsu eftir það. En við krakkarnir vorum alltaf hrædd við haughúsið og vildum ekki lenda í því að drukkna í fjóshaug. Fátt getur verið ömurlegra en það.

Þinn elskandi afi.



Kría í Suðurnesi.

KRÍUR OG UNGARNIR ÞEIRRA

Nú er sólin að hækka á lofti, lofthitinn hærri en áður, blómin farin að springa út og lafið komið á trén. Þetta þýðir að sumarið er komið. Sérstaklega er gaman að sjá kríuna koma um miðjan maí. Þær hljóta að vera þreyttar þegar þær koma hingað, því á haustin fljúga þær alveg til Suðurskautsins, eins langt í suður og hægt er að komast á Jörðinni. Ekki nóg með það. Meðan þær eru þar, fljúga þær kringum Suðurskautslandið og leggja svo aftur af stað til Íslands eða Noregs eða annarra landa þar sem þær verpa og ala upp ungana sína á sumrin. Þetta er langt fyrir kríuna að fara. Á sumrin hér hjá okkur verpir krían eggjunum sínum í sand, á melum og á hörðu grasi. Og svo brjótast ungarnir út úr eggjunum. Þá þurfa mamman og pabbinn aldeilis að vera dugleg að veiða síli handa þeim svo þeir verði fleygir, stórir og svo sterkir að þeir geti flogið með þeim suður aftur.

Hvað eru þá kríurnar að gera á Suðurskautslandinu? Þær þurfa að fá mikið að éta. Þær fara úr fjöðrum, geta ekki flogið um tíma, en verða fallegar, silkimjúkar og hvítgráar á kroppinn þegar þær eru búnar að fá nýjar fjaðrir og eru þannig þangað til þær fella fjaðrir á ný.

Þú þarft að taka eftir því þegar þú sérð endur í haust að þær eru ósköp ljótar og rytjulegar. Það er af því að þær eru farnar úr fjöðrum og nýjar ekki komnar í staðinn. Eins er það með kríuungana. Þeir fæðast ósköp mjúkir með gráan dún en ekki fjaðrir. Svo dettur dúnninn af og fjaðrir koma í staðinn. Þá fyrst geta þær farið að æfa sig að fljúga.

Þegar egg er í hreiðrinu, liggur mamman á því og heldur því heitu svo ungarnir geti klakist í egginu, vaxið og komist út úr því. Þá er nú pabbinn duglegur við að verja hreiðrið og ná í síli eins og ég hef áður sagt þér frá. Kríurnar steypa sér yfir alla og kroppa í þá sem nærri koma, stóra fugla, fólk, krakka og dýr. Þegar ungarnir eru komnir út verða þær enn grimmari. Þó ekki svo að maður þurfi að vera hræddur um líf sitt. Þær gera engan skaða, maður aðeins finnur þegar þær kroppa í kollinn á manni.

Þinn elskandi afi.

KÝLÓ OG AÐRIR LEIKIR

Mikið var gaman í Nesi þegar veðrið var gott og við vorum í flekknum að snúa heyinu. Kannski segi ég þér seinna frá heyvinnunni.

Þegar við vorum búin að vinna allan daginn í heyinu, koma kúnum í fjósið og búið var að mjólka, þá var ég nú stundum þreyttur. En svo sagði einhver: Eigum við ekki að koma út að leika? Þá hvarf öll þreyta og eins og nýr dagur væri að renna upp.

Aðalleikurinn sem við fórum í var ”*yfir*“. Við skiptum liði, reyndum að hafa jafnmarga í hvoru liði. Hóparnir skipuðu sér sitt hvorum megin við hæfilega stórt hús sem gott var að hlaupa í kringum og ekki sást hvað væri verið að gera hinum megin við húsið.

Það var vandi að skipta liði. Fyrst voru valdir tveir fyrirliðar. Þá var fundið prik sem kastað var upp og átti annar fyrirliðinn að grípa það og halda því fast með annarri hendi. Þá tók hinn með hendinni um prikið ofan við höndina á hinum og þannig koll af kolli þangað til ekki var lófabreidd eftir. Þá tók sá næsti um prikið með þumalfingri og vísifingri, hélt því og sneri tvo hringi í kringum sig þannig að handleggurinn fór yfir höfuðið. Ef það tókst og hann missti það ekki fékk hann að byrja að velja í liðið. Þá tók hinn við og svo var haldið áfram koll af kolli þangað til allir voru valdir.

Þá var byrjað og bolta kastað yfir húsið. Ef einhverjum tókst að grípa hann, átti sá sem greip að hlaupa kringum húsið og reyna að hitta einhvern úr hinu liðinu með boltanum. Ef það tókst gekk sá, fanginn, í hitt liðið. Ef ekki tókst að grípa var boltanum kastað aftur yfir og hitt liðið fékk tækifæri til að ná í fanga. Þannig gat endað með að allir voru teknir til fanga úr öðru liðinu og það tapaði.

En það voru fleiri boltaleikir. Við fórum stundum í „*kýló*“. Þá skiptum við líka liði og það liðið sem fékk að byrja fékk kылuboltaprikið og boltann og byrjaði heima. Einn úr liðinu gaf upp boltann, og annar sló hann. Var um að gera að slá boltann hátt og langt svo hitt liðið gæti ekki gripið boltann. Ef tókst að grípa, þá skiptu liðin um stað og hitt fór heim. Sá sem sló þurfti að fá tækifæri til að hlaupa út að hornsteininum, jafnvel aftur til baka. Á meðan reyndi útiliðið að ná boltanum og skjóta á þann sem hljóp og taka hann til fanga. Stundum var það svo að krakkar þorðu ekki að hlaupa út, eða heim og þannig var enginn heima til að kýla. Þá var leikurinn tapaður. Líka ef öðru liðinu tókst að skjóta marga og taka til fanga.

Þinn elskandi afi.



Lalla, pabbi og við strákarnir.

LALLA

Ég sagði pabba þínum frá því um daginn að við amma þín hefðum verið í átræðisafmælinu hennar Löllu nýlega. Ég hef verið að hugsa svo mikið um hana síðan, því það er svo margt sem rifjast upp frá því að hún var að passa mig þegar ég var lítill. Ég hef verið að spyrja sjálfan mig og aðra hvað þeir muni frá æsku sinni. Sumt muna menn alveg eins og það hafi verið í gær. Annað rifjast upp hægt og hægt. Annað er bara til í óljósum brotum.

Eitt af því sem ég man best - kannski frá því ég var mjög lítill - er minningin um Löllu. Hún var fengin til að passa mig og Palla. Hún átti heima í kjallaraholu við Njarðargötu. Húsið var kjallari með þaki og hafði ekki verið lokið við það. Mér fannst hún vera mjög fátæk og að hún ætti bágð. En hún sagði mér um daginn að hún hefði ekki verið fátæk og ekki átt bágð. Hins vegar hefði hún verið alin upp á hálfgerðum flækingsi milli fólks. Svo var það að hún fékk vinnu við að passa okkur Palla. Þá breyttist lífið hennar. Hún kynntist fólki sem hafði það gott og sem var gott við hana og tók hana sem eina af fjölskyldunni. Öllum þótti vænt um hana, þótti hún vera góð og falleg, greind og vel gerð.

Í átræðis afmæli Löllu gaf ég henni mynd þar sem hún var með okkur Palla, eins og tveggja ára gömlum. Hún var alvarleg á svipinn á myndinni. Á öðrum myndum, sem ég fann þegar ég kom heim úr veislunni, var hún glöð og falleg og þannig man ég hana. Hún var með okkur fjölskyldunni í öllu sem við gerðum ferðalögum og hátíðum. Henni þótti ósköp vænt um pabba - og fannst hann vera eins og pabbi hennar, enda hét hann Ásgeir, eins og pabbi hennar.

Seinna bjó Lalla lengi í Ameríku og hitti Helga frænda þar og þau urðu vinir aftur. Þegar hún flutti aftur heim til Íslands kom hún með gjafir frá honum og heimsótti okkur í Tjarnargötu. Ég hef sjaldan orðið glaðari en þegar ég sá hana aftur. Mér fannst ég hafa fundið systur sem ég hefði misst. Þá var hún orðin glæsileg, ung stúlka, gift og átti börn. Við tókum upp þráðinn á nýjan leik og höfum hist öðru hverju síðan. Lalla sem var svo fátæk að hún átti ekki neitt þegar hún var lítill varð síðar vel efnum búin.

Hún var og er alltaf jafn góð og hlý við mig. Hún kallar mig aldrei annað en Eggert Ólaf eins og í gamla daga. Og ekkert er betra en að til sé fólk sem finnst maður vera góður og fallegur, gáfaður og skemmtilegur, því manni finnst oft að maður sé það ekki. Það var mikils virði fyrir okkur öll að hún náði aftur góðu sambandi við okkur og mamma og hún urðu aftur bestu vinkonur þótt mikill aldursmunur væri á þeim. Lalla var trygg og reyndist mömmu vel fram í andlátinu.

Ég held að þú sért hissa á þessu bréfi. En ég ætla að biðja þig um að geyma það í tíu ár og lesa það þá með Sólveigu.

Þinn elskandi afi.



Sigurður Gíslason.

SIGGI FOLI

Nú vil ég segja þér frá því þegar lögreglan ætlaði að skrifa mig upp. Við krakkarnir í Reykjavík vorum óskaplega hrædd við lögregluþjóna. Líka ég, sem þekkti þó ýmsa lögregluþjóna sem komu á skrifstofuna til mömmu. Ég fór líka í sendiferðir á lögreglustöðina og hitti þá marga. Allir lögregluþjónarnir sem ég þekkti voru vænir og góðir menn. Sérstaklega Siggí foli, sem var þekktur og vinsæll hestamaður. Kannski var hann kallaður Siggí rauði, því rauðhærður var hann.

Þegar langamma þín fór í sveit í Odda á Rangárvöllum var Sigurður ökumaður póstvagnsins. Þá urðu þau góðir vinir. Hann var góðlegur, kraftalegur maður.

Við krakkarnir höldum að lögreglumenn myndu skamma okkur eða sekta, sérstaklega vorum við hrædd um að þeir myndu skrifa okkur upp. Hvað það þýddi vissum við eiginlega ekki.

Einu sinni vorum við Palli í Aðalstræti. Ég man það eins og það hefði verið í gær. Mjög skrítnin vöruflutningakerra með mótór ók eftir götunni. Framarlega á henni var sæti fyrir ökumanninn. Fremst var vélin og neðan á henni var eitt hjól. Vélin lék í hring eða gjörð og var hægt að snúa henni í hring og þannig láta hana draga kerruna í allar áttir. Aftan í dráttarkerrunni voru vagnar, lágir, með flötum palli. Þegar þeir keyrðu eftir götunni var freistandi að stökkva upp á vagnana og standa á þeim dálítinn spöl. Og það gerðum við.

Svo liðu nokkrir dagar. Þá segir mamma Palla frá því að lögreglan hefði séð til hans og hefði skrifað hann upp. Palli varð alveg óskaplega hræddur við þetta, fór að hágráta.

Loks þegar hann gat stunið upp orði, sagði hann: *Viltu biðja hann Sigga fola um að krassa mig út.* Hann hélt að nafnið sitt stæði í stórrí bók á lögreglustöðinni og yrði þar alltaf síðan, honum til skammar ef ekkert væri gert í málinu.

Báðir lærðum við það sem við þurftum.

Einu sinni sat ég með Palla og einhverjum krökkum á Tjarnarbakkanum fyrir framan húsið okkar og var gott veður. Við vorum að leika okkur við það að kasta grófum sandi og steinum út í Tjörnina. Eins og þú hefur áreiðanlega reynt, er skemmtilegt að sjá steinana dreifast um vatnsflötinn og mynda þar fjölda hringa. Þetta var ósköp saklaust gaman og gerði engum mein. Kemur þá ekki Lalli Sal, lögregluþjónn aðvífandi. Hann segir mjög strangur að þetta sé alveg bannað, *Tjörnin gæti fyllst ef allir gerðu svona.* Hann leit á mig, hugsaði eitthvað, og spurði svo: *Hvar áttu heima?*

Þetta var eina skiptið á æfinni sem ég var fljótur að hugsa. Ég benti, ekki á okkar hús, Tjarnargötu 24, heldur á húsið nr. 22, næsta húsið fyrir norðan. Þar bjó Brúnsfjölskyldan, danskt fólk, og starfaði húsbóndinn í danska sendiráðinu. Þá brá Lalla lögregluþjóni í brún og sagði: „*Allt í lagi*“ og fór sem fljótast á braut.

Á þessum árum var Ísland undir danska kónginum. Íslendingar báru mikla virðingu fyrir Dönum og öllum útlendingum. Lárus hefði aldrei þorað að skrifa upp danska sendiráðskrakka.

Þegar vetur var og ís á Tjörninni stytta krakkarnir á Sólvöllum og úr Verkó sér leið niður brekkuna hjá húsunum okkar og fóru beint yfir Tjörnina í Miðbæjarskólann.

Ekki segi ég að þetta hafi verið skemmtilegt, enda vildi girðingin við Suðurgötuna níðast niður vegna þessa. Þá var líka heilmikill hávaði þegar stálpar strákar, fotboltaskrákar úr Vesturbænum, ruddust niður með húsinu. Ég man þá enn ýmsa með nafni og hitti þá hér og hvar.

En þetta fór sérstaklega í taugarnar á Brún. Dag einn fórum við Palli út í garð til að leika okkur í snjónum. Fórum við upp í brekkuna til að renna okkur. Kemur þá ekki lögregluþjónn! Bannaði okkur það og rak okkur þaðan. Ég skildi ekkert í þessu og sagðist eiga heima í húsinu. Óneitanlega brá honum líka. Hann sagði að Brún hefði beðið lögregluna um að passa að krakkar stykkju ekki yfir lóðina hjá sér og bætti við að gott væri ef lóðin hjá okkur væri líka pössuð.

Ekki varð meira úr þessu máli.

Ég ætla ekki að segja þér fleiri löggusögur að sinni, enda búinn að gleyma öllum nema einni sem ég segi þér seinna.

Þinn elskandi afi.

BORIÐ Á TÚN

Um daginn sagði ég þér frá æfintýrum um haughúsið, þegar langafi þinn datt í hauginn og fleira ískyggilegt.

Til hvers vorum við að vinna svona mikið með mykjuna, þannig að við þurftum að óhreinka okkur og jafnvel komast í hættu. Nú vita allir að hún getur valdið mengun ef ekki er vel með hana farið. Þá, eins og nú, þurfti að losna við mykjuna úr fjósinu. Hitt var mest virði að mykjan var besti áburður sem til var og varð til þess að gras óx vel á túnunum, varð grænt og safaríkt, þannig að kýrnar og öll hin dýrin fengu nóg að éta, fitnuðu, mjólkuðu vel og yrðu sterk.

Snemma á vorin var byrjað að dreifa mykju á túnið. Auðvitað þurftum við að byrja á því að sækja hestana, leggja á þá, sem sé að taka aktýgin sem hengu í skemmunni, leggja þau vel á þá. Síðan voru hestarnir teymdir að vögnunum, þeim bakkað milli kjálkana. Þá þurfti að lyfta kjálkunum svo hægt væri að koma járninu gegnum augað á kjálkanum og setja splitti í svo kjálkarnir festust. Stundum voru hestarnir latir og vildu ekki láta leggja á sig, því þeir vissu vel hvað þeir áttu að gera. En svo var farið út í haughúsið og það opnað.

Vinumennirnir mokuðu á vagnana úr haughúsinu. Svo vorum við strákarnir látnir fara með vagnana út á tún og sturta úr vagnskúffunni með jöfnu millibili. Það var stundum ansi erfitt að ná að losa skúffuna ef mikið var í henni og meiri þyngd að framan en aftan. Þá varð hún erfið að lyfta. Ef mikil þyngd var að aftan var líka erfitt að losa skúffuna, því þá lyftist hún og varð að halda henni niðri meðan járnid næðist úr.

Þetta var stundum mikil vinna og þreytandi. Fljótlega á eftir, áður en mykjan þornaði og fór í köggla, fóru vinnumennirnir út á tún og dreifðu henni og höfðu stráka eins og mig sér til hjálpar. Þeir voru með gaffal og köstuðu mykjunni í kringum sig þannig að vel dreifðist úr henni og hún fór í smátt. Til að vel tækist þurfti að vera vel sterkur. Þannig tókst ekki vel þegar ég reyndi. En ég gafst ekki upp.

Eftir nokkurn tíma vorum við krakkarnir sendir út með hesta og slóða, og látnir slóðadraga allt túnið. Slóði var hálfgerður floti, með keðjum neðst og torfi ofan á til að þyngja flotann. Þetta var gert til að slóðinn fylgdi ójöfnum á túninu. Þegar slóðinn fór yfir hálfþurra mykjuklumpa muldust þeir í smátt, fóru niður í grasrótina og gáfu henni næringu.

Nokkru síðar, áður en grasið fór að spretta, fóru konur og krakkar út á tún til að raka því saman í litlar hrúgur sem ekki hafði mulist smátt og gengið niður í grassvörðinn. Þessar hrúgur voru eins og bólur eða strýtr út um allt tún.

Þá kom enn að okkur krökkunum og við vorum látnir moka þeim upp í vagna og fara með þær út fyrir tún. Þetta var skemmtilegasti hluti verksins enda var mykjan þá orðin létt og þægileg í meðförum. Stundum kveiktum við þar í þurri mykjunni og var mikið

gaman að sjá reykin og glóðina. En ansi var maður stundum óhreinn þegar heim var komið og mikil reykarlykt af okkur.

Með þessu náðist næringin úr mykjunni. Seinna var svo túnið slegið og heyinu rakað saman.

Þegar búið var að hirða af túninu, var farið að dæla upp úr hlandforinni í kassa sem settir voru upp á vagna og farið með út á tún. Aftan á kassanum var stútur, sem kallaður var dreifari. Þegar opnað var fyrir hann kom breið og falleg buna sem skein á í sólinni og sýndist marglit.

Mátti passa sig á að verða ekki fyrir bununni þegar opnað var fyrir. Við leiddum hestana hæfilega hratt, þannig að vel dreifðist úr hlandinu og ekki væru eyður á milli og hvergi dreift tvisvar. Þetta var góður áburður, sérstaklega fyrir hána, en svo kallaðist seinni sláttur sem hófst undir haust. Af túninu kom há sem sett var í súrhey, en það er önnur saga.

Þú sérð af þessu að það er mikil vinna að framleiða eitt mjólkurglas, eða eina pylsu. En allir sem við þetta starfa lifa á því og finnst skemmtilegt að vinna við það.

Fólk úr borgum og bæjum tekur kannski um nefið þegar það finnur mykjulykt. Óli frændi sagði að það væri með *súkkulaðinef* og þótti það hreint ekki merkilegt fólk. Eiginlega finnst mér það ekki heldur og finnst leiðinlegt til þess að vita ef mitt fólk beri sig illa í mykjulykt.

Þinn elskandi afi.

VOR OG SUMARVERK

Ég sagði þér frá því þegar við vorum að bera á túnið. Allt var þetta gert til þess að grasið yxi og nóg hey væri fyrir skepnurnar allan veturinn. Eftir að vorið kom og sumarið, þurfti að bíða eftir að grasið yxi og sláttur gæti byrjað. Þá báru ærnar og litlu lömbin komu í heiminn, ösköp lítil og falleg - *með bláa grön*, sagði Halldór Laxness sagði.

Einn daginn var kallað: „*Eggert, komdu og hjálpaðu mér að smala*“. Þetta var Óli frændi.

Hann sagði mér að koma og safna ánum saman. Það þurfti tvennt að gera. Að rýja ærnar áður en þær færu á afréttinn og marka lömbin. Það var skemmtilegt að hjálpa við rúninginn og safna saman ullinni. Hún var þurrkuð vel og flutt út í þvottahús, þar sem Ella gamla þvoði hana.

Verra þótti mér að halda á lömbunum þegar þau voru mörkuð. Það var gert þannig að skorið var í eyrun á þeim markið hennar ömmu, þannig að lömbin myndu þekkja þegar þau kæmu af fjalli. Það blæddi úr eyrunum á aumingja lömbunum og mér fannst þau hljóta að kenna mikið til. En kannski var það ekki svo. Ungar stúlkur láta setja göt í eyrun á sér og finna varla fyrir því. Kannski var þetta ekki meira. Ósköp vorkenndi ég þeim samt. Svo voru ærnar og lömbin sett upp á bíl og flutt upp í Lækjarbotna þar sem þær gengu um fjöllin til haustsins þegar þeim smalað í Bústaðarétt.

Þá var tíminn líka notaður til að safna dún frá æðarkollunum. Þurfti að fara í æðarvarpið í Suðurnesi á hverjum degi og líta eftir því og passa að engir ókunnugir gengju um það og fældu æðarkollurnar af hreiðrunum. Á hverjum degi var tekinn dálítill dúnn úr hreiðrunum og afgangurinn af honum þegar ungarnir voru komnir út og kollurnar farnar með þá út á sjó. Gaman var að ganga um varpið, því kollurnar voru bæði spakar og góðar. Á þeim var einhver himnskur rölyndis svipur. Það var hægt að fara með hendurnar undir þær og telja egginn sem þær lágu á og héldu heitum þar til ungarnir komu út.

Svo var dúnninn hreinsaður. Það var Ella gamla sem hreinsaði dúnninn, hitaði hann þannig að öll óhreinindi brunnu burt og hreinn dúnninn varð eftir. Indælt var að sjá dúnninn mjúkan og fallegan áður en hann var settur í sængurnar handa litlu börnunum sem komu í heiminn. Amma í Nesi var ákveðin í að öll barnabörnin hennar fengju æðardúnssæng frá henni.

Svo var enn eitt verkið sem vinna þurfti. Að setja saman heyvinnuvélarnar. Þær voru geymdar í verkfærageymslunni. Hún var mjög lítil. Til að vélarnar kæmust inn þurfti að taka þær sundur á haustin og setja aftur saman á vorin. Á haustin var borin olía á allar vélarnar og öll tannhjól. Svo þurfti að hreinsa olíuna af á vorin, taka sundur og yfirfara þegar vélarnar voru settar aftur saman fyrir vorverkin. Loks þurfti að gera við orf og hrífur og öll tæki sem notuð voru við heyskapinn, setja nýja tinda í hrífur og herða skrufur. Svo hófst heyskapurinn.

Þinn elskandi afi.



Óli frændi á sláttuvélinni.



Í flekknum. Nanna í Litlabæ, Sigga í Nesi, Óli frændi. Kalli í Ólafsdal, Ella, Ásta í Ólafsdal, Unna og Ásta frá Gróttur og sem bjó lengi í Litlabæ með fjölskyldu sinni.

VÉLSLÁTTUR

Ég sagði í síðasta bréfi frá ýmsum vorverkum í Nesi. Ég gleymdi að segja þér að það var ekki bara að sett væri mykja á túnið. Það var líka notaður tilbúinn áburður, *noregssaltþétur* og *nitrófoska* sem fluttur var inn frá Noregi. Var honum dreift í breiðum áburðardreifara sem sáldraði áburðarkornunum hæfilega um túnið. Áburðardreifarinn var svo breiður að það þurfti að taka hliðstólpa niður til að koma honum inn á túnið. Þetta var gott áburðarefni og óx grasið vel.

En nú vil ég segja þér frá heyskapnum. Það var Óli frændi sem réð því hvenær slátturinn byrjaði. Páll búnaðarmálastjóri var alltaf að biðja bændur í útvarpinu að byrja snemma að slá því þá yrði heyið svo miklu betra og kýrnar, sem fengu kjarngott og velverkað hey, myndu mjólka betur.

En það var erfitt að segja hvenær rétt væri að slá. Stundum var það svo að það var langt í að grasið væri vel sprottið, þá byrjaði að rigna og stóð lengi og þegar stytta upp var heyið orðið úr sér sprottið og ekki lengur gott sem vetrarfóður.

Við vinnumennirnir og snúningastrákarnir, Óskar Nik og ég, kúasmalinn, eða *kúarektorinn* eins og ég var kallaður, vorum búnir að undirbúa vélarnar. Svo einn morgun byrjaði Óli frændi að slá án þess að neinn vissi. Hann fór á fætur fyrir allar aldir, sótti hestana sjálfur og byrjaði. Þá voru heyyvinnuvélar dregnar af hestum. Enginn mótur var til á bænum nema vatnsdælan. Og svo sló Óli fram að hádegi en það var eiginlega ómögulegt að slá svo vel gengi nema ef næturrakt var. Þetta var mjög spennandi. Óli var búinn að leggja sláttuvélarljána á strax haustið áður og smyrja með smurningsolíu svo þeir væru tilbúnir. Svo fóru vinnumennirnir einnig að tína fram orfin sín og ljána og slá þar sem landið var erfiðara, óslétt, með slæmri grasrót eða meðfram girðingum. Svona byrjaði heyskapurinn. Það voru mörg handtök við hann. Nú ætla ég bara að segja þér frá slættinum.

Sláttuvélin var dregin áfram af tveim hestum. Sláttumaðurinn sat aftast á vélinni og stjórnaði hann bæði hestum og ljá. Ljárinn var hárbeittur, samansettur úr mörgum ljáblöðum, þríhyrndum, og var bitið á tveim hliðum sem sneru fram. Ljárinn var festur í greiðuna. Þegar hestarnir drógu sláttuvélina, knúðust ljáirnir hratt fram og aftur milli greiðutindanna sem skáru grasið þegar vélin fór áfram. Greiðan var lögð niður í grasið með stöng og þaut ljárinn ótt fram og aftur og sló grasið.

Valið var hæfilega stórt ferkantað stykki af túninu og byrjað. Þegar komið var út á enda horn, eða þegar eitthvað varð fyrir, þá var hægt að stíga á fótstig sem lyfti greiðunni með ljánum frá jörðu. Eins var þegar þurfti að snúa vélinni á hornum skákarinnar. En þegar búíð var að slá, og farið lengra, þá var ljárinn, með greiðunni, reistur upp með handfangi á hárri stöng. Var það þungt og gat ég alls ekki valdið því fyrr en síðasta árið þegar ég var í sveitinn, þrettán ára.

Ef mikill mosi var í grasrótinni vildi hann festast á greiðutindana. Þurfti þá að stoppa til að hreinsa hann af. Svo þurfti náttúrlega að leggja ljáinn á til þess að hann biti vel. Það gerði Óli á kvöldin og kom enginn annar nærri því.

Þetta gekk sem sé allt ágætlega og bilaði aldrei neitt, enda var vélunum vel haldið við. Ef túnið var loðið þurfti að ganga á eftir vélinni og raka upp úr skáranum svo það flæktist ekki fyrir í næstu umferð, træðist niður og ylli því að grastoppar yrðu eftir.

Það var hins vegar sorglegt þegar við vorum að slá úti í Suðurnesi. Það var svo mikið kríuvarp þar og ungar að ég þurfti að ganga á eftir sláttuvélinni og reyna að sjá unga sem væru í grasinu og taka þá svo að þeir lentu ekki fyrir ljánum. Þeir vildu samt skriða inn í grasið og fela sig og ekki gott að finna þá. Þeir urðu því margir fyrir ljánum, dóu eða meiddust, þannig að það þurfti að deyða þá með því að snúa þá úr hálsliðnum til að þeir þjádust ekki. Það var leiðinlegt að þurfa að gera þetta, en þannig er náttúran. Fyrst þegar ég þurfti að gera þetta fór ég að gráta, en svo vandist ég því.

Þinn elskandi afi.



Rakstrarvél, Rauður og kannski ég? Veit ekki!.

HEYVINNA OG LEIKIR

Nú ætla ég að segja þér meira af heyskapnum. Ég sagði þér frá því þegar verið var að slá. Ég minntist einu sinni á að stundum var slegið með orfi og ljá. Óli frændi gaf mér lítið orf og stuttan ljá, svo hægt væri að kenna mér. Ég fór með piltunum út á tún og þeir reyndu að kenna mér réttu handtökin við slátt. Það gekk ágætlega um sinn. Eftir stundarkorn við sláttinn fór ljárin, sem er hnífurinn sem festur er framan á orfið, að bíta illa. Sérstaklega gerðist það fljótt þegar kúmen var í grasinu, eða steinar. Kúmen er kryddjurt með mjög hörðum stílki, sem skemmir bitið í ljánum. Líka kom fyrir að steinar voru í grasinu. Þá var um að gera að passa upp á að ljárin lenti ekki á þeim. En eins og allt sem þarf að læra, þarf að reyna aftur og aftur, og smám saman fór þetta allt að ganga betur. Nema með brýninguna.

Allir sláttumenn hafa brýni, langt steinbrýni sem mjókkaði í báða enda og geymt var með því að stinga því í langan og mjóan vasa utanfótar á skálminni sem var á öllum gallabuxum og *overolum*. Svo átti að kenna mér að brýna. Þá fór í verra. Af því að ég var örvhentur réð ég illa við að brýna ljái með vinstri hönd. Ef ég ætlaði að nota hægri hönd, sneri ljárin vitlaust, eða það þótti vinnumönnunum að minnsta kosti. Þeir höfðu enga þolinmæði til að kenna mér. Það var erfitt að slá með ljá, sem beit illa.

Ég hef oft verið að hugsa um það síðar, hvað menn voru latir að kenna börnum og höfðu lítinn skilning á þeim. Menn hættu að sinna mér, en ég barðist við að brýna með minni aðferð, án þess að vera kennt í hverju brýningin væri fólgin. Hægt og hægt fór þó að ganga betur og ég fann mína eigin aðferð þótt ekki væri hún góð. Mikið var ég samt stoltur að standa úti í slægjunni með vinnumönnunum og slá þannig að grasið lagðist í fína garða. Stoppa öðru hverju til að brýna, líta í kringum mig, hvílast dálítið. Brýnið varð að vera rakt eða blautt. Annaðhvort var hægt að bleyta það í dögginni á jörðinni, því best var að slá þegar rakt var á, eða með því að skyrpa á brýnið.

Það þurfti líka að leggja ljáinn oft á og er það gert á hverfisteini. Hverfisteinn er stór kringlóttur, mjúkur sandsteinn sem settur er upp á rönd í eins konar grind sem hægt var að sitja á og snúa með fótstigum sem fest voru með stöngum í króka á hverfisteininum. Hverfisteinninn þurfti, eins og brýnið, að vera blautur. Því var á grindinni vatnsstokkur sem steinninn náði niður í. Þegar steininum var snúið, blotnaði brýningarflöturinn. Gaman var að leggja á ljái, hnífa og önnur bitverkfæri.

Eftir að búið var að slá og nýslegið heyið, sem kölluð var *ljá*, farin að þorna kom fólk með hrífur og breiddi úr heyinu og tætti það til svo loftið léki betur um það og þð gæti þornað. Seinna var komið með hrífurnar, fyrst var ryfjað, þannig að heyið var í gördum, hæfilega stórir afmarkaðir flekkir. Svo gengu allir hver á eftir öðrum í bilinu milli garðanna og sneru. Stundum voru 10 manns í röð og var þá um að gera fyrir okkur krakkana að vera dugleg og tefja ekki. Við þetta verk voru krakkarnir alveg jafngild og þeir fullorðnu. Þetta var nú þegar veðrið var gott, sól og blásandi þurrkur. Mikið var nú

skemmtilegt að ganga þarna um í sólinni, ber að ofan ef veðrið var gott. En það var nú ekki oft sem logn var á Nesinu allan daginn. Þegar leið á daginn fór að kula.

Fullorðnu konurnar voru oft í hvítum sloppum, stundum með skuplur sem brotnar voru þannig að þær náðu langt fram af enninu. Það var gert til þess að þær yrðu ekki brúnar í sólinni. Það þótti hreint ekki fallegt. Nú er það allt öðru vísi. Allar konur og margir karlar vilja vera sólbrún og úttekin. Þannig var það líka með þær yngri. Þær höfðu gert sér fallega, marglita, flegna samfestinga eða önnur falleg fót úr þunnum efnum til að sólin og golan gæti leikið um þær. Karlarnir voru eiginlega alltaf klæddir eins, fóru kannski úr peysunum þegar heitast var.

En þegar leit út fyrir rigningu var þotið út á tún með rakstrarvél og heyinu rakað saman. Ef heyið var nýlega slegið eða rakt, þá var heyið í gördunum tekið saman í hrúgur, litil drýli. Ef það var minna rakt var það sett í svolítið stærri sæti eða enn stærri lanir ef það var næstum þurrt. Þegar heyið var fullþurrt var það sett í galta.

Þannig þurfti heyið að standa meðan rigndi. Þegar þornaði var eftir hádegið farið að dreifa því. Þá tókum við fullt fangið, eða eins mikið og hver réð við, dreifðum því með því að hrista það og losa um það um allt svæðið. Litlu síðar var svo farið að rifja og síðan að snúa nokkrum sinnum yfir daginn. Í Nesi var til snúningsvél fyrir einn hest. Hún var notuð allan daginn, en þótti ekki snúa heyinu vel.

Um kl. 2 var ég sendur af stað til að sækja hest og byrja að raka með rakstrarvél fyrir einn hest. Raksturinn var fólginnt í því að fara fram og aftur um hvern flekk, láta greiðuna á vélinni vera niðri og raka heyið í garða sem væru beinir og í röð eftir flekknum. Það var kuldaverk að sitja kyrr uppi á vélinni. Þegar búið var að raka saman kom vinnumaður með ýtu og hest og ýtti gördunum saman í stórar hrúgur, sem svo voru settar upp í sátur, sæti, lanir eða galta, allt eftir því hve heyið var þurrt. Grænt hey er þannig að ef það er ekki vel þurrt og loft leikur ekki um það, þá hitnar það og myglar. Getur jafnvel kviknað í því í hlöðum ef það er sett inn áður en það hefur staðið um tíma. Þess vegna voru heyin látin standa nokkurn tíma áður en hirt var, eða sett í hlöðu. Þetta breyttist allt þegar súgþurrkun kom nokkrum árum seinna og rúllubaggar enn síðar.

Það var mikið verk að vera alltaf að taka heyið saman og setja það upp. Þurfti að gera það af natni, eins og allt sem maður tekur sér fyrir hendur. Fólkið saxaði heyið með hrífum í hæfilega stór föng sem karlarnir tóku svo upp og settu snyrtileg upp. Ef rigndi síðar var stundum settur hessíanstrigi yfir stærri sátur eða galta, svo vætan færi ekki inn í heyið.

Til að striginn entist var hann lagður í upplausn af blásteini og þurrkaður. Allt var gert til að spara og vinna var heldur ekki spöruð.

Svona gekk þetta nú vel þegar sól var. En svo var ekki alltaf. Stundum komu miklar rigningar og aldrei ætlaði að vera hægt að þurrka heyið og alls konar erfiðleikar. Þannig gulnaði heyið á túnunum langt fram eftir sumri og varð lélegt fóður.

En það var alveg óskaplega gaman að vinna í heyi, grafa sig niður í það, fela sig, liggja í skjóli undir sætunum, horfa upp í himininn, skoða skýin.

Hefurðu reynt að liggja á bakinu og horfa upp í himininn? Það er svo skrítið að skoða skýin þjóta framhjá. Þau eru ýmist eins og bólstrar, eða eins og vel rifjaðir flekkir. Taktu einhvern tímann eftir því að stundum eru bæði ský lágt og hátt og fara í sittthvora áttina. Svo er skrítið að sjá að himinninn er stundum dökkblár og stundum ljósblár og skýin alveg hvít. Stundum sést í gegnum þau eða eru þau mjög dökk. Þá má búast við að fari að rigna.

Já, það var gaman að vera úti á túni í heyinu. Þegar við vorum úti í Suðurnesi var komið með mat til okkar, kaffi, mjólk og kökur. Þá var ég nú svangur. Manni minn!

Þegar við vorum á heimatúninu biðum við spennt eftir matnum. Fáir áttu úr og hinir vissu því ekki hvað tímanum leið. Amma í Nesi fann upp á því að í staðinn fyrir að hrópa eða öskra á fólkið, eins og allir aðrir gerðu, var settur hólkur á staur á hlaðinu og íslenskur, lítill fáni á stöng, settur í hann. Þá vissu allir að matur væri tilbúinn og flýttu sér heim.

Þegar búið var að vinna allan daginn, fórum við krakkarnir í fótbolta eða aðra boltaleiki, „fallin spýtan“, „yfir“ eða „stikk og sto“ eins og það var kallað.

Fyrir kom ef dagurinn var heitur að sumir fóru í sjóinn. Stundum var það ansi kalt, en þægilegt samt eftir vinnu dagsins. Þetta var óvenjulegt og man ég ekki eftir að aðrir gerðu það á Nesinu. Ýmsir úr fjölskyldunni höfðu heimsótt frændfólkið í Svíþjóð og stundað þar sjóböð með því. Það kom líka hingað til lands og átti það til að fara í sjóinn, taldi það sérstaklega heilsusamlegt, þó kalt væri.

Eitt sumarið var ég orðinn svo brúnn að mamma hélt að þetta væru óhreinindi og setti mig í bað þegar ég kom í heimsókn og skrúbaði mig. En ég var alveg jafnbrúnn eftir sem áður!

Svo var líka gaman þegar sólin skein. Þá fór ég í strigaskó, eða *túristaskó*, eins og þeir voru líka kallaðir. Mér þótti þeir svo léttir að ég gæti flogið. Og ég hljóp og hljóp og hljóp, upp og niður hóla og allt um kring. Venjulega var ég í þungum gúmmístígvelum. Í þeim var ekki létt að hlaupa.

Á góðum dögum kom líka fólk í heimsókn, útlendingar og frændfólk sem ég hafði aldrei fyrr séð. Líka sjómenn sem höfðu verið vinnumenn í Nesi og voru oft fullir, drukku brennivín, gáfu öðrum með sér, sungu og sögðu sögur af sjónum. En mikið voru þeir skemmtilegir. Kallarnir sátu uppi langt fram á nótt og töluðu saman á norðurendanum. Ég drakk í mig hvert orð sem þeir sögðu, þóttist sofa en reyndi að halda mér vakandi sem lengst.

Svona var nú margt að gera í sveitinni og ég svo þreyttur á kvöldin að ég fór snemma að sofa. Sólin skein þá stundum inn um gluggann á norðurendanum og fór ég þá út í glugga og söng og söng lögin úr revíunum sem sýndar voru í leikhúsunum. Leikskrárnar voru geymdar þar, allir kunnu lögin.

Þinn elskandi afi.



Heyvinna í Suðurnesi. Kotatjörn í baksýn.
Ásta í Litlabæ, Ella gamla, Óli frændi og Nanna dóttir Ástu.

HEYGRIND – HIRÐING - HLAÐA

Ég var vakinn og sagt að fara að sækja hestana meðan verið var að mjólka. Það tók sjaldnast langan tíma, ekki nema þegar Gráni vildi ekki láta ná sér. Þegar búið var að mjólka fór ég með kýrnar og svo þegar ég kom aftur var allt tilbúið til heyhirðingar. Hlöðudyrnar stóðu opnar og búið að jafna gamla heyinu. Lagt var á hestana og þeir spenntir fyrir heygrindurnar. Heygrindur voru stórir pallar á hjólum, með grindum allt í kring, eingöngu notaðar til þess að hirða hey.

Mest gaman var þegar hirt var af túnunum í Suðurnesi. Þá fór ég upp í grindina og stóð þar og stjórnaði hestinum með löngum taumum og hvatti hann til að hlaupa sem hraðast.

Á botn grindarinnar voru lagðar sliskjur, sem var reipi, sem sett var utan um heyið. Svo var heyinu mokað upp í grindina með heykvíslum. Það var þungt að lyfta heyinu upp yfir grindurnar fyrir stutta menn og krakka. Uppi var einhver sem tók við heyinu, jafnaði því og tróð meðfram til að sem mest kæmist fyrir. Verkfærin voru ekki alltaf sem best fallin til að moka heyi með. Best var heykvísl, tvíforkur. Verri var þríforkur og verstur fjögurraforkur. Að ég nú ekki tali um fimmfork. Þá var heyið svo fast á kvíslinni að það var eiginlega jafnerfitt að ná heyinu af eins og að stinga í það.

Svo var haldið heim á leið. Minnstu krakkarnir fengu að sitja uppi á heyinu en sá sem ”fór á milli” þurfti að ganga. Var það þreytandi, því ferðirnar gátu orðið margar yfir daginn. Þegar kom heim að hlöðunni var grindinni snúið við og bakkað að dyrunum. Svo var sliskjan tekin saman og sett í krók á talíu. Fyrir utan hlöðudyrnar var hestur og maður. Í aktygin var fest grind og taliukaðli fest í hana. Svo var hesturinn teymdur út á tún og um leið dróst heyið inn í hlöðuna og alla leið inn að gaffli. Með þessu var spöruð mikil vinna. Ekki voru aðrir á Nesi sem notuðu svona mikla tækni, eiginlega eina hagræðingartæknin sem menn beittu.

Meðan farin var næsta ferð eða þangað til næsti vagn kom var jafnað til í hlöðunni, sérstaklega passað að moka vel út að hlöðuveggjunum og troða meðfram þeim.

Þegar ég stækkaði var ég hafður við að setja inn heyið, teyma hestinn með taliukaðalinn og jafna heyið. Þegar hlaðan var orðin full þurfti að lempa heyinu undir þakið. Var það mjög þreytandi því þá var svo lítið pláss að maður þurfti að vera hálf boginn við verkið og kvíslarskaftið rakst undir þakið.

Er búið var að setja inn í hlöðuna þurfti að passa vel upp á að ekki hitnaði í heyinu. Það gerðist ef það var nýslegið eða ekki vel þurrt. Þá kom fyrir á sumum bæjum að kviknaði í heyi. Það gerðist aldrei í Nesi. Var Óli frændi alltaf að stinga heyhitamæli í heyið til að fylgjast með hitanum. Heyrðust oft fréttir af hlöðubrunum. Yfir því fustuð allir og sögðu að þetta væri örugglega sjálfskaparviti, sem það kannski var. Nú heyrast varla slíkar fréttir.

Það var gaman að vinna í hlöðunni, liggja og hvíla sig milli ferða og ærslast með krökkunum.

Svo var líka geymt svolítið hey í Litlabæ. Þar þurfti að moka því með kvíslum inn um litla veggjarlúgu.

Þegar heyið var sett á hlöðuloftið var það bundið í bagga.

Þinn elskandi afi.



Hirðing. Óli frændi uppi á heygrindinni sem Rauður dregur. Sigga lætur vel að vini sínum Grána.

BAGGAR OG HLÖÐULOFT

Ég ætla að segja þér meira frá heyvinnunni. Á stóru hlöðunni voru stórar dyr svo hægt var að renna öllu heyhlassinu inn í einu. Yfir fjósinu, á fjósloftinu var önnur hlaða. Hún var minni og dyrnar svo hátt uppi að ekki var eins þægilegt að taka heyið þar inn.

Þar var notuð sama aðferðin og í eldgamla daga, heyið bundið í bagga. Þá var notað reipi með höglum á endanum. Heyið var lagt yfir reipið og það síðan bundið utan um svo úr því myndaðist baggi. Í eldgamla daga voru baggarnir settir upp á hesta, einn hvorum megin. En hjá okkur var þeim hlaðið á heygrindur. Þegar við krakkarnir komum með heyið heim í hlöðu voru baggarnir hífðir í talú, sem fest var í rá yfir hlöðuloftsdyrunum. Svo var böggunum velt inn eftir hlöðugólfinu. En smám saman var þessu hætt og heyinu mokað lausu af heygrindinni upp á loftið. Það þurfti einhver stór og sterkur að gera því að það var svo hátt upp á loftið. Þar tókum við krakkarnir og vinnumennirnir við því og lempuðum heyinu inn eftir gólfinu þannig að hlöðuloftið fylltist fljótt. Í gólfinu var svo lúga og gat og var heyið tekið niður um það, beint í fóðurganginn milli kúnna sem stóðu í tveim röðum.

Þetta var mikil vinna, erfið - en skemmtileg. Þegar heitt var í veðri var maður aldeilis heitur og sveittur. En stundum var líka kalt og oft rok og þá þurfti að klæða sig vel. Það sem mér þykir skemmtilegast að hugsa um frá þessum dögum var góða lyktin sem var af heyinu og hvað var mjúkt að liggja í því og bíða eftir því að komið væri með meira hey. Þá var fólkið að rabba saman, segja sögur, hlæja og hafa það skemmtilegt. Þá var líka skrítið að sjá blómin og jurtirnar sem við höfðum fylgst svo vel með þegar þær höfðu vaxið á túninu. Nú voru þau orðin þurr og ritjuleg; fíflar og sóleyjar.

Um veturinn fylgdist ég svo með því þegar kýrnar voru að éta heyið, hvernig þær hámuðu það í sig, nema sóleyjarnar, sem þær vildu helst ekki éta og jöpluðu einhvern veginn út úr sér aftur. Sóleyjar eru kallaðar brennisóleyjar. Kannski er efni í þeim sem brennir tunguna og kúnum þykir vont á bragðið. Hestarnir fengu ekki eins gott hey og þeir átu allt, líka sóleyjar, jafnvel moð, afganginn frá kúnum sem sópað var upp úr jötunum.

Þá hef ég ekki fleira sem ég get sagt þér frá í sambandi við heyskapinn. Nú er heyskapurinn allt öðru vísi og allt unnið í vélum og varla neitt verk sem hægt er að láta krakka vinna. Það var gaman að fá tækifæri til að vera í sveitinni hjá frændfólkinu og vinna þessi skemtilegu störf.

En næst er það súrheyið! Þegar sumarið var gott fékkst miklu meira hey en komst fyrir í hlöðunum. Þá var gerður stór heygalti fyrir utan hlöðuna þar sem heyið stóð úti um veturinn þar til þurfti að nota það. Yfir það var settur strigi og net til þess að það blotnaði ekki og fyki burt.

Þá var komið að seinni slætti. Það hey var sett í súrhey og segi ég þér seinna frá því. Þinn elskandi afi.



Hér erum við Mósi á leið út í Suðurnes að sækja hey. Haukur Nielsen er farþeginn.

JÓNA - HELGI SÆM

Eg var í gær hjá Þórdísi langömmusystur þinni og við vorum að tala um Jónu systur hennar og ýmislegt sem hafði gerst í gamla daga. Þá kom lítið atvik upp í hugann sem ég hef ekki sagt þér frá fyrr.

Þegar Jóna var tveggja ára kom spænka veikin til Íslands. Urðu margir veikir og dóu sumir. Mamma Jónu dó frá mörgum börnum og gat pabbi hennar ekki hugsað um hana, því hann var fátækur og einn með börnin. Þá kom hann henni fyrir hjá fólki sem hann þekkti og hafði fengið um tína að búa í kjallarann Tjarnargötu.

Strax og hún kom í húsið fór hún að heimsækja fólkið okkar uppi, hændist að öllum á heimilinu og fór að kalla ömmu mömmu sína. Þegar hún átti að fara þaðan vildi hún það ekki og amma og börnin hennar óskuðu þess heitt og innilega að hún mætti vera hjá þeim. Og það varð úr. Þannig kom hún inn á heimilið og hefur alltaf verið fóstursystkinum sínum og öllum þeirra afkomendum til gleði enda var hún glettin og spaugsök. En hún var alltaf í sambandi við fólkið sitt á Kjalarnesi.

Oft spurðu menn krakka: *Hver á þig?* Þá svaraði Jóna: *Álfheiður Briem og Einar Finnsson*, ráku þá sumir upp stór augu.

Þegar ég fluttist í Tjarnargötuna sex ára gamall var Jóna tuttugu ára, farin að vinna í bókbandi Ísafoldarprentsmiðju. Var hún mjög góð við okkur Palla, las mikið fyrir okkur, og þótti okkur ofurvænt um hana.

Þegar hún var lítil var hún alltaf að spyrja og tala og vildi allt læra og vita sem mest. Einu sinni, þá var hún fimm ára, kom kóngurinn til Íslands. Hann kom í ráðherrabústaðinn í Tjarnargötu og gekk fyrir framan húsið okkar. Þótti Jónu skrítið að hann var með háa loðhúfu. Sagði hún öllum: *Kóngurinn var með hund á höfðinu.*

Morten Hansen var skólastjóri barnaskólans og hafði fengið berkla í bakið þegar hann var lítill eins og svo margir fengu á þeim árum. Varð það til þess að hann var með svo stuttan háls að svo sýndist sem enginn háls væri á honum. Einu sinni kom hann í heimsókn til Eggerts frænda. Þegar Jóna sá hann spurði hún af sakleysi: *Hvar er hálsinn á þér?* Hló hann enda ekki annað hægt því Jóna var saklaust og fallet barn.

Eggert frændi hafði gaman af að sprella með Jónu og kenna henni ýmislegt skrítið. T.d. kenndi hann henni nokkur orð í frönsku. Einu sinni voru gestir í heimsókn. Þá kom hún inn fimm ára gömul, gekk um stofuna og ávarpaði fólkið á frönsku: *Bon jour!* og ýmislegt fleira. Urðu gestirnir mjög hissa og spurðu: *Talar barnið frönsku?*, hafa sjálfsagt lítið skilið í málinu en kannski þekkt það.

Svo varð Jóna stór, kynntist Óla, gifti sig og átti börn. Við Palli fylgdumst vel með öllu. En þegar elsta dóttir hennar Álfheiður, sem alltaf er köllu Heiða, var nýfædd veiktist Jóna og þurfti að leggjast á Hvítabandsspítalann við Skólavörðustíg. Var hún þar marga daga. Á meðan var Heiða hjá okkur í Tjarnargötu. Dag einn fórum við Palli með

mömmu upp á spítalann með Heiðu litlu í barnavagni. Á heimleiðinni komum við í Bernhöftsbakaríi, hér á Bergstaðastrætinu, til að kaupa brauð með sunnudagskaffinu.

Við Palli biðum fyrir utan og höfðum ekkert fyrir stafni. Þá kom Helgi Sæm, rithöfundur og ritstjóri, gangandi niður Spítalastíginn. Hann var þá sennilega um tvítugt og hafði komið á fjölrítunarstofu mömmu í Tjarnargötu því hann mun hafa verið formaður Samband bindindisfélaga í skólum. Við þekktum því að hann hafði skrítna rödd, talaði hátt og mikið fram í nefið. Þarna bar vel í veiði.

Við gengum til Helga og spurðum hann hvað klukkan væri. Þá vorum við heppnir. Helgi var sem sé handleggsbrotinn, með hönd í fatla og átti í miklum erfiðleikum með að hneppa upp frakkanum sínum og jakkanum til að finna vasaúrið sitt í vestisvasanum. Tók þetta allt langan tíma. Á meðan talaði hann mikið um við okkur. Þóttumst við aldeilis heppnir þótt við hefðum engan áhuga á hvað klukkan væri, vissum að klukkan væri þrjú á leið heim í kaffi og mamma í bakaríinu að kaupa meðlæti.

Síðar varð Helgi þekktur maður, blaðamaður og afskaplega skemmtilegur og mikill ræðusnillingur. Þegar hann var orðinn fullorðinn var hægt að lækna nefið á honum svo röddin batnaði.

Á þessum árum áttu mjög fáir úr eða klukkur. Ef einhver vildi vita hvað klukkan væri þýddi ekki að spyrja: *Hvað er klukkan?* því þá sneru menn út úr og sögðu: *Málmur og gler*. Þá var farið að spyrja: *Áttu klukku?* sem líka var snúið út úr. Mér hefur alltaf þótt skrítið þegar fólk spyr: *Hvað er rétt klukka?* Nú spyr varla neinn um hvað klukkan sé því nærri allir sem þekkja á klukku eiga úr eða farsíma, þurfa ekki að spyrja nema hann sé bilaður.

Óli frændi gaf mér eldgamalt armbandsúr þegar ég var 12 ára. Var ég einn af fáum sem átti úr. Hann gerði grín að mér fyrir hvað ég var stoltur af úrinu, var alltaf að teygja úr vinstri handleggnum til að sjá hvað klukkan væri.

Þegar stríðið kom og fólk fékk betri efni fengu margir unglingar úr þegar þeir fermdust. Margir fengu meira að segja að setja það á sig þegar þeir fóru í kirkjuna til fermingarinnar. Brynjólfur Sandholt, frændi minn, sem varð dýralæknir, sat við hliðina á mér. Hann sýndi mér sitt úr og spurði: *Ert þú með úrið?* Ég var bara með gamla úrið, sem var slitnið og ljótt og vissi alls ekki hvort ég myndi nokkru sinni fá annað úr en það. Hafði ekki hugmynd um að krakkar fengju slíka fermingargjöf. Ég sýndi honum mitt.

Ég man hvað Brynjólfur varð hissa þegar hann sá úrið og hvað hann vorkenndi mér mikið fyrir að hafa fengið svona hræðilega ljótt úr og gamalt í fermingargjöf. Ég hlyti að vera sárfátækur.

Þinn elskandi afi.

GÚMMÍSTÍGVÉLIN - RAGNAR Á SKAFTAFELLI

Um daginn vorum við í útilegu í Skaftafelli, með tjaldið okkar og útilegudótið og gengum svo um fjöllin í kring. Við þurftum að fara yfir ár og sprænur. Flestar voru brúaðar eða við gátum stiklað yfir þær á steinum, þannig að við vöknudum ekkert í fætuna.

Þegar ég kom fyrst í Skaftafell, fyrir mörgum, mörgum árum hitti ég og bjó hjá Ragnari Stefánssyni, bónda á Skaftafelli, sem nú er dáinn. Jörðin hans er orðin að þjóðgarði og enginn búskapur þar lengur.

Ragnar sagði mér frá því að þegar hann var lítill drengur hefði pabbi komið í heimsókn til æskuvinar síns frá Eiði á Seltjarnarnesi, prestsins í sveitinni, séra Eiríks Bjarnasonar á Sandfelli, og dvalist lengi hjá honum um tíma. Hann var þá að lesa undir lögfræðipróf.

Hann skoðaði margt það helsta sem hægt var að sjá á Skaftafelli og Ragnar, sem þá var 9 ára gamall, fékk að vera með. Allt eldra fólk mundi eftir pabba, því hann hafði tekið þátt í vinnu fólksins og eitthvað í sjósókn líka. Þá voru engar brýr yfir vatnsföllin, Öraefin einangruð. Aðdrættir voru einkum með bátnum Skaftfellingi og tók pabbi þátt í uppskipuninni og flutningi úr honum með ferjubátum. Þótti fólki sðem ég hitti mikið til hans koma, að maður að sunnan tæki þátt í vinnunni með því.

Þá var íslenska þjóðin ósköp fátæk. Fólk í sveitum var sumt enn í mjúkum, heimasaumum, selskinns-, sauðskinns- eða kúskinnsskóm. Þessir skór entust illa, héldu ekki vatni, og þannig var þjóðin, að segja má, blaut í fætuna í margar aldir. Flestir voru í íslenskum ullarsokkum, sem eru hlýir og góðir og með þá eiginleika að þegar fólk hefur þá á fótunum finnur það ekki mjög fyrir bleytu. Kannski voru þá komnir góðir leðurskór fyrir alla. Ég veit ekki.

Jæja. Þegar Ragnar sá pabba, varð hann hissa því hann var í gúmmístígvélum. Ragnar hafði aldrei séð slíkt þarfapíng um æfina. Þegar þeir fóru yfir lækina og ársprænur í Skaftafelli, tók pabbi Ragnar litla á bakið og bar hann yfir. Sagðist Ragnar hafa orðið stórhreifinn og sagði við sjálfan sig: *Þegar ég verð orðinn stór, og ef ég hef ráð á því, þá skal ég eignast svona gúmmístígvél.*

Þá voru flestir fátækir, fáir vegir á landinu, örfáir bílar. Nú segja krakkarnir kannski: *Ég vil eignast bíl þegar ég verð stór, kannski hús. Ég ætla að ferðast kringum hnöttinn, mennta mig og verða læknir, verkfræðingur eða arkitekt.* Þá þekktu börn ekkert slíkt. Lífið var einfalt og fólk gerði engar kröfur.

En þegar Ragnar hitti langafa þinn, sem var stór, glæsilegur og fjörugur, á gúmmístígvélum gerði Ragnar sér allt í einu grein fyrir því að til var merkileg framtíð og hann gæti hugsanlega orðið eitthvað annað en það sem pabbi hans var og eignast gúmmístígvél. Ragnar gekk ekki menntaveginna en varð bóndi á Skaftafelli, landspekkur maður, því hann vissi allt um landið sitt, vissi hvernig fuglarnir, gróðurinn, jöklarnir og árnar höguðu sér. Hann kunni að ferðast á hestum yfir árnar. Hann þekkti gamla siði,

viðarkolagerð og lék í kvikmyndum. Hann sýndi þar gamalt verklag, t.d. hvernig gert var til kola. Hann var ekki orðinn gamall þegar hann eignaðist gúmmístígvel. Svo mörgum áratugum eftir að pabbi var í sinni fyrstu heimsókn í Skaftafelli var smíðuð brú yfir Skeiðará og Jökulsá á Breiðamerkursandi og bílar brunað allt í kringum landið, rafmagn var leitt heim að Skaftafelli og það varð eftirsóttur ferðamannastaður.

Svo sáu menn að svona fallegan stað þyrfti þjóðin að eignast og ríkið keypti jörðina af Ragnari. Hann átti dóttur sem hjálpaði honum til að stofna mikið hótél, byggja hús, þar sem hún býr og hefur það gott.

Hún man líka eftir því þegar ég kom fyrst að Skaftafelli. Hún var þá lítil telpa, kannski átta ára, þegar pabbi hennar sagði okkur söguna af gúmmístígvelunum. Þá voru þar líka fáir gestir enda brýrnar sem ég nefndi ekki komnar.

Þinn elskandi afi.

Ég reyndi að finna mynd af stígvelum sem voru notuð á þeim tíma sem pabbi kom að Skaftafelli. En fann ekki. Þó sá ég lýsingu á vatnsheldum stígvelum eða þeim gúmmístígvelum sem Ragnar á Skaftafelli sagði mér frá.

Gúmmístígvel voru fundin upp í Ameríku, þegar menn öðluðust þekkingu á að nota kvoðu gúmmitrésins í Síam til framleiðslu á nytjavörum.

Þegar stígvelin fluttust til landsins voru þau hnéhá, nefnd *vaðstígvel*, *sjóstígvel* og *vatnsstígvel*. Sjóklæðagerðin virðist hafa byrjað á framleiðslu sjófatnaðar og hef ég sé auglýsingu þar sem hún bauðst til að endurbæta stígvel og sjófatnað, með því að olíubera þennan fatnað og bæta.

Skóverslanir auglýstu um 1920 gúmmístígvel, *hálfhá*, *hnéhá* og *fullhá* sem virðast hafa verið dýr.

Þegar ég kynntist þessum fatnaði voru yfirleitt keypt hnéhá stígvel og límt rautt gúmmí ofan á hnéhá stígvel og þau kölluð *klofhá*, orð sem skóbúðir kunnu ekki við að nota. Þegar ég keypti mér klofhá stígél upp úr 1950 komu þau þannig úr verksmiðjunum. Líka var þessi skófatnaður nefndur: *rosabullur*.

Nokia, farsímafyrirtækið sem byrjaði starfsemina á gúmmístígvelagerð, hef ég heyrt.

Það var mikil framför fyrir blauta fætur þegar menn fóru að búa til gúmmískó úr bíslöngum. Voru margar slíkar gímmívinnustofur í Reykjavík þegar ég var lítill.

Oft hef ég hugsað til gamalla sjómanna sem voru sívotir í fætturna, en vörðu sig með því að vera í góðum ullarsokkum innan undir. Og til bændafólks sem stunduðu t.d. *votaband* í mýrum og voru blautir í fætturna svo dögum skipti.

FYRSTI TÓMATURINN

Veðrið er fallett og útlit fyrir sólrikan ágústdag. Klukkan er sex að morgni. Þegar ég lít út eru þrestirnir komnir á stjá með vaxna unga sína, skimandi eftir ornum í grasinu. En nú er enga orma að finna eftir langan þurkk. Kannski fá þeir sér rífsber. Vonandi éta þeir ekki mörg því við ætlum að tína berin á morgun.

Í vikunni vorum við amma þín að tala um það hve margar tegundir af ávöxtum væru til. Þegar við vorum lítil var fábreytt ávaxtaval, kannski epli, appelsínur og bananar stöku sinnum, einkum fyrir jólin. Þegar ég var lítill voru eiginlega engin gróðurhús til á landinu. Smám saman lét góðum jarðyrkjumönnum sér detta í hug að hægt væri að framleiða grænmeti í gróðurhúsum. Ég þekkti vel Sigurð búnaðarmálastjóra og Ingimar og Rögnu börn hans, sem voru brautryðjendur í ræktun sérstaklega í gróðurhúsum.

Fyrst komu tómatar á markaðinn. Tómatar!

Ég var aldeilis hissa þegar ég sá þá fyrst og gat illa gert mér í hugarlund hvernig þeir kynnu að vera á bragðið. Ætli ég hafi ekki verið átta eða níu ára gamall þegar ég var staddur dag einn niðri í Hafnarstræti og sá tómata í skál úti í glugga í *Matardeildinni*. Kannski var þetta sama árið og amma þín fæddist. Pabbi hennar vann í búðinni. Mamma mín þurfti að kaupa eitthvað af Dagbjarti. Á meðan beið ég fyrir utan og skoðaði tómata í glugganum.

Ég virti þá fyrir mér og velti því fyrir mér til hvers þeir væru notaðir. Þegar mamma kom út úr búðinni hafði hún keypt tómata og gaf mér einn til að smakka á. Ég man það eins og það hefði verið í gær þegar ég tók við tómatinum. Hann var lítill, hárauður öðrum megin en grænleitur blettur hinum megin á honum. Ég tók hann og stakk honum upp í mig í heilu lagi. Skinnið á honum var seigt, þannig að þegar ég beit sprakk hann og safinn flæddi út svo ég gat varla haldið mjúkum kjarnanum uppi í mér. *Þetta var skjótið bragð atarna!* Ekki fannst mér það nú beint gott! Nei. Svo tuggði ég tómatin vel og renndi honum niður. Það sem mér fannst verst við tómatin var að mig sveið í munninn af honum. Svo festist skinnið af honum í góminn á mér og sat þar fast þangað til ég gat krakað það burt með nöglinni. Nei! Ekki þótti mér hann góður! Og langaði ekki í meira! Svo fórum við heim og ég man ekki meira af þeim degi. Svo urðu tómatar algengari og voru sneiddir ofan á brauð eða borðaðir með fiski í hlaupi, sem var hátíðamatúr sumarsins í Tjarnargötu. Lengi þóttu mér tómatar ekki beint góðir. En auðvitað fór ég að borða þá og smám saman vandist ég bragðinu.

Það er oft svo með nýjan mat, að manni finnst hann ekki góður. Ef maður reynir ekki að borða hann, heldur maður áfram að segja: *Þessi matur er ekki góður!* Þennan mat vil ég ekki borða! En ef maður reynir að borða hann þá venst maður honum og fer smám saman að þykja hann góður eins og flestallur matur er! Þeir sem ekki vilja reyna verða líklega matvandir. Það er vont að vera það. Sérstaklega ef við förum í heimsókn til fólks. Þá gefur það okkur eitthvað af góðum hug sem því finnst gott. Ef ég get ekki eða vil ekki borða það sem mér er boðið verða allir vandræðalegir. Ekki gæti ég sagt: *Þetta er*

vondur matur sem þið eruð að gefa mér! Kannski gæti ég sagt: Ég er saddur og get ekki borðað neitt! Ekki er það trúlegt. Nei, þá er betra að æfa sig heima og læra að borða allan mat. Þá verð ég aldrei í neinum vandræðum þegar ég kem upp í sveit til ókunnugs fólks sem ber fram mat sem ég þekki ekki. Eða ef ég fer til útlanda.

Þegar ég var í Afríku var víða slegið upp veislum fyrir okkur Rauðakrossfólkið. Bornir voru fram hinir furðulegustu réttir, fiskur sem var allt öðru vísi en íslenskur fiskur með bein á allt öðrum stöðum. Gat ég þá sagt: *Þetta er ekki góður matur, eða mér list ekki á þennan mat*, eða: *Ég er hræddur um að ég fái í magann af þessu*? Nei. Þá myndi ég særa fólk sem er að reyna að gera mér gott.

Er líklegt að ég fengi í magann? Nei! Ekki ef þetta er þjóðlegur matur sem fólkið er vant að borða. En ef ég færi á hótél þar á staðnum og pantaði hamborgara eða pylsur, sem fólkið er ekki vant að búa til. Þá eru meiri líkur á að ég yrði veikur. Enda varð ég aldrei veikur þótt maturinn væri skrýtinn.

Þetta var nú meira matartalið.

Þinn elskandi afi.



Hvíld undir galta. Þetta var ekki súrhey heldur þurr taða.

Frá vinstri: Óli frændi, Ásta í Litlabæ, ég sjálfur, Bragi Sigurðsson vinur minn, Gvendur Sveins, sem var tíður gestur, Eygló Kristinsdóttir fóstursystir pabba, Sigga í Nesi, Elínborg, Benedikt Nielsen, danskur fjósamaður og Gunna í Litlabæ.

SÚRHEY

Meðal þess sem gert var á haustin í Nesi var að slá síðari slátt. Heyið sem þá var slegið kallaðist *bá*. Grasið var lágt, stráin stutt en safarík. Þá var farið að hausta, orðið kalt og rigningarsamt og oft erfitt að þurrka heyið. Úr því var gert súrhey.

Súrheyið í Nesi var sett í stórar, steinsteyptar og djúpar gryfjur við hliðina á hlöðunni. Það var hægt að aka upp meðfram gryfjuveggnum og moka svo blautri hánni úr heygrindinni niður í gryfjuna. Við krakkarnir höfðum það verk að taka á mót heyinu, dreifa því og troða vel niður með veggjunum, sérstaklega í hornunum, en þar seig heyið síst.

Það var skrítið að vera settur niður í djúpa, tóma gryfju og sjá ekkert nema himininn og svo manninn þegar hann kom í heygrindinni og mokaði heyinu til okkar. Ég hugsaði þá stundum: *Ef enginn kemur nú og allir gleyma mér þá kemst ég kannski aldrei upp.*

Svo kom nýtt hey og alltaf hækkaði í gryfjunni þangað til hún var orðin full og við komumst hjálparlaust út úr henni. Svo var beðið í nokkra daga. Næst þegar hirt var var hitalykt í gryfjunni og ekki nema smáskán af heyi neðst, því heyið hafði hitnað og sigið svo mikið. Aftur var gryfjan fyllt. Þannig gekk það koll af kolli og smám saman fylltust gryfjurnar tvær.

Svo þegar nóg var komið voru settar bárujárnsplötur ofan á heyið og þar á ofan grjót. Það var kallað *að fergja* heyið þannig að sem minnst loft kæmi að því og það súrnaði vel. Það voru járnplötur sem pressaðar voru niður með stórum steinum. Þannig hélt áfram að hitna í heyinu og það að súrna og síga. Um veturinn var fargið tekið af og byrjað að gefa þetta ágætis súrhey sem kúnum þótti ógn gott.

En vinnumennirnir, sem stungu súrheyið upp úr gryfjunni og gáfu kúnum, voru ekki beint vel lyktandi þegar þeir komu inn. Kvörtuðu konurnar mikið yfir því og skipuðu þeim að þvo sér vel og skipta um föt. En þvottur var nú ekki það sem auðveldast var! Ekkert baðherbergi!

Verst þótti mér þegar karlarnir komu í heimsókn í Tjarnargötu. Þeir voru skemmtilegir og alltaf sömu aufúsgestirnir hjá okkur. En amma og Dídí, sem bjuggu uppi á lofti, þekktu þá ekki, og kunnu ekki að meta þá, fussuðu og opnuðu útidyrhurðina til að lofta út. Sem betur fer eftir að þeir voru farnir. En það verður að segja eins og er að þær þáðu ýmislegt af þeim, hjálp við spíðar, girðingar, komu með brodd, fisk og fugl.

Þannig vorum við á neðri hæðinni milli tveggja elda eins og sagt var.

Þinn elskandi afi.



Í gömlu Templarahöllinni við Frikirkjuveg var skrifstofa sakadómara.
Þangað sendi mamma mig með skjölin verðmætu.

ÞEGAR ÉG VAR SENDISVEINN OG STÓÐ MIG EKKI

Ég er búinn að segja þér svo mikið frá sveitavinnu að ég má til með að koma einhverju öðru að. Nú datt mér í hug að segja þér frá því þegar ég var sendisveinn. Í sveitinni var ég þjálfaður í að sendast hitt og þetta, t.d. fara með kýrnar og sendast inn í Reykjavík með kartöflur eða til að sækja kjöt í íshúsið. Ein ferðanna þangað varð reyndar ævintýrleg. Frá því ætla ég einhvern tímann að segja þér.

Mamma var með fjölrítunarstofu í húsinu okkar og vann þannig fyrir okkur eftir að pabbi dó.

Sem sendisveinn þurfti ég að fara með pakka, þegar búið var að fjölrita. Fara t.d. með vélritað efni í yfirlestur hjá rithöfundum eða í fyrirtæki. Aðalstarfið var samt alltaf að rukka. Ef enginn hefði rukkað inn peninga fyrir vinnuna hefðum við ekki haft efni á að kaupa mat. Við vorum aldrei fátæk, heldur ekki rík. Farið var sparlega með alla hluti og því gekk lífið ágætlega. Við bjuggum í húsinu hennar ömmu og það var mikið verk að halda húsinu við og annast garðinn. Þetta sáum við alveg um fyrir ömmu.

Yfirleitt var mér tekið vel þegar ég kom í sendiferðir. Sumir gáfu mér pening sem ég keypti mér gott fyrir. Stefán Jóhann, sem var giftur Helgu frænku minni, var lögfræðingur á skrifstofunni sem pabbi hafði rekið með honum í Veltunni. Nú voru komnir þangað aðrir lögfræðingar, Guðmundur Í. Guðmundsson og Sigurgeir Sigurjónsson. Á skrifstofunni starfaði Sigríður dóttir Sigurðar fangavarðar. Hún hafði unnið hjá pabba og þekktumst við því vel. Þess vegna var vel tekið á móti mér þar og gaman að koma þangað. Ég spurði alltaf eftir Stefáni Jóhanni Stefánssyni sjálfum og gaf hann mér venjulega 10 eða 25 eyring. Oft var Palli með mér og fengum við þá báðir pening. Fórum við beint út í verslunina Havana, hinum megin við götuna, keyptum Freyjusúkkulaði sem var til í mismunandi stórum renningum og kostuðu 10 og 25 aura.

En ég fór miklu víðar og kynntist smám saman mörgum þekktum mönnum þjóðarinnar, sérstaklega lögfræðingum, listmálurum og rithöfundum. Var það síður að heilsa þeim á götu, með því að taka ofan húfuna, sem aldrei sést núna. Mátti þá heldur aldrei vera með húfu á höfðinu innanhúss.

Mamma átti ekki tæki til að skera pappír. Pappír var dýr, og stundum erfitt að fá hann keyptan. Ef lítið efni var t.d. í fundarboðum var betra að nota bara hálfa örkina. Þurfti þá að fara í prentsmiðjur bæjarins til að fá skorið. Næst var að fara í Steindórsprent í Tjarnargötunni. En þar sem ýmsir sem unnu í prentsmiðjum voru ekkert glaðir þegar við komum til að biðja þá um að skera pappír þá fór ég á víxl í prentsmiðjurnar: Steindórsprent, Ísafold, Eddu, Gutenberg eða Félagsprentsmiðjuna. Með þessu lærðist mér að vera kurteis og þægilegur í framkomu. Annars hefði mér ekki verið vel tekið.

Sumir viðskiptavinir voru tregir að borga reikninga. Ég fór til þeirra á vinnustaðinn með reikninginn. Þeir sögðust stundum ekki mega vera að því að borga og báðu mig að koma heim til þeirra. Þegar ég kom þangað sögðust þeir ekki vera með peninga þar. Aðrir sögðu að það yrði að einhver þyrfti aðskrifa upp á reikninginn, til þess að það

mætti borga hann. Þannig þurfti ég að sendast um allan bæ og fá einhverja til að skrifa upp á og þurfti þá að hlaupa milli margra.

Enn aðrir voru reiðir og kvörtuðu yfir ónæði. Eitt umkvörtunarefni þeirra var þegar reikningarnir komu seint. Mamma hafði svo mikið að gera að hún mátti ekki vera að því að skrifa reikninga. Söfnuðust þeir þá fyrir lengi og var ég stundum skammaður fyrir að koma með svona gamlan reikning. En það þýddi ekki að láta það á sig fá. Og allir borguðu nema Guðbrandur *gerviprófessor*. Hann var kallaður það þar sem Haraldur Guðmundsson ráðherra hafði skipaði hann prófessor án þess að hann væri það.

Ég fór oftast í sendiferðirnar á hjóli, nema þegar snjór var, og var með reikningana í skjalatösku sem ég spennti utan um stöngina á hjólinu eða á bögglaberann, eftir að ég eignaðist slíkt þarfaþing.

Var fyrirhöfn að sækja hjólið inn í kjallara og setja það inn á kvöldin og tók því varla ef sendiferðin var stutt. Hjólið mátti aldrei standa úti. Ég var alltaf fljótur í ferðum og starfaði að þessu af trúmennsku. Nema einu sinni. Ég man ekki annað!

Þannig var að mamma hafði vélritað mikið dómsmál fyrir Jónatan sakadómara. Það var fjöldi skjala sem fylgdi og fjölríta þurfti til að leggja fram fyrir dómara í réttinum.

Við bjuggum í timburhúsi í Tjarnargötunni. Þá var ekki hægt að ljósrita, og því varð alltaf að skrifa eftir frumritum. Ef þau hefðu týnst hefðu sönnunargögn í málinu glatast. Þannig var reynt að geyma þau sem styst heima. Þetta tiltekna sakamál var óvenju mikið og tók langan tíma að skrifa málsskjölin upp. Jónatan beið spenntur eftir að fá þau aftur. Hann var alveg sérstakur ágætismaður og góður við mig og hafði búið uppi á Fjölnisvegi með konunni sinni þegar við bjuggum á Bergstaðastræti.

Þegar mamma var búin að nota skjölin bað hún mig um að fara með þau til Jónatans. Skrifstofa sakadómara var í Templarahöllinni á móti húsinu okkar, hinum megin við Tjörnina. Þetta var um vetur og Tjörnir ísi lögð. Mamma sagði mér að vera fljótur og ég mætti alls ekki stytta mér leið yfir Tjörnina.

Ég tók hjólið mitt út og festi töskuna á það. Pakkinn var þungur. Ég hélt af stað norður götuna syngjandi glaður og áhyggjulaus. Þegar ég kom út að KR-húsinu, fyrir framan Ishúsið hallaði bakkinn niður að Tjörninni. Slakkinn var sléttur og freistandi, eini staðurinn þar sem hægt var að hjóla beint út á ísinn. Þegar ég sá þetta gufaði upp úr huganum það sem mamma hafði beðið mig um. Ég beygði niður brekkuna og hjólaði ánægður á ísnum út í Hólmann. Þegar ég kom þangað þurfti ég að hvíla mig, fór af baki og settist á bakkann og lék mér dálitla stund. Lífið var skemmtilegt, engin ský á himni.

Mamma hafði fylgst með mér út um gluggann og sá sér til skelfingar hvað ég aðhafðist. Henni fannst þetta hættulegt fyrir mig, enda fór hún sjálf aldrei út á ísinn. En sérstakar áhyggjur hafði hún af skjölunum. Hún horfði á mig sitjandi í Hólmanum. Ég var rólegur og virtist ekki ætla að hreyfa mig úr stað.

Þá hringdi hún í Jónatan og sagði honum frá þessu. Jónatan fór með Sveini Sæmundssyni yfirlögregluþjóni út að Tjörn á móti Hólmanum. Þeir þorðu að sjálfsgöðu alls ekki að fara út á ísinn en kölluðu á mig. Smám saman bættust fleiri menn af skrifstofunni í hópinn.

Ég var bara að leika mér og heyrði ekkert. Þangað til að mér verður litið í land og sé hersingu á bakkanum, hrópandi og veifandi. Þá varð mér ljóst hvað ég hafði gert og ekki væri gott í efni. Ég tók hjólið og flýtti mér í land. Þeir voru ekki reiðir, tóku bara við pakkanum feginshendi og fóru inn. Sennilega voru þeir fegnastir því að fá skjölin í hendurnar. Ég sneri við og fór heim og fann þá hvað mamma var leið yfir því hvað ég hafði gert þótt hún hefði beðið mig lengstra orða um að gera þetta ekki. Það var ekki bara að henni fannst leiðinlegt að svíkja sakadómarana svona. Aðalatriðið var það að hún var áhyggjufull yfir mér, hvort eitthvað væri að mér, ég ekki heilbrigður í sálinni, eitthvað bilaður. *Hvað yrði um svona barn.*

Hún ákvað að fara með mig til sálfræðings. Frá því segi ég þér seinna. Mikið þótti mér leiðinlegt að hafa svikið mömmu svona. Ég lofaði betrun og bót, bæði henni og sjálfum mér. En því miður, verð ég að segja, að ég var dálítið kærulaus og mundi ekki lengi loforð af þessu tagi, sérstaklega var ég fljótur að gleyma ef eitthvað skemmtilegt tók huga minn.

Þessu atviki hef ég ekki gleymt. Að svíkja það sem maður segir við mömmu sína þótti mér ljótt að hafa gert - og þykir enn. Hún var lifandis ósköp góð við mig og sveik mig aldrei um neitt og gerði alltaf meira fyrir mig en ég ætlaðist til. Svona er þetta. Ég held að þú hafir kannski gaman af því að heyra þessa sögu um það þegar ég var óþekkur.

Kannski var það oftast þannig. Ef ég man eitthvað fleira ætla ég að segja þér frá því. Þinn elskandi afi.



Þetta er gamla Mjólkurfélagshúsið, vestuhlið. Stór inngangur er/var frá Hafnarstætti, sem ekki sést á myndinni. Uppi á annari hæð var skrifstofa Rauða krossins og Símonar Ágústssonar, þangað ég var dreginn til yfirheyrslu.

Hinum megin við götuna, við Hafnarstræti, var tannlæknastofa Theodórs Brynjólfssonar sem mamma átt í miklum erfiðleikum með að draga mig inn á.

TIL SÁLFRÆÐINGS

Ég var búinn að segja þér áður að ég var alltaf að detta í Tjörnina, og það þýddi ekkert að banna mér að fara út á Tjörn.

Hugmyndaflug mitt var mikið og ég var alltaf að segja að ég hefði gert eitthvað sem mig langaði til að gera.

- Mig langaði í útreiðatúr á góðum hesti með hnakki eins og frændur mínir í Bollagörðum. Þá sagði ég mömmu að ég hefði gert það.
- Ég vildi ekki fara til tannlæknis.
- Ég var örvhentur, eins og margir frændur mínir. Kennarinn minn vildi endilega venja mig af því og hélt mamma kannski að það hefði áhrif á mig.
- Svo var pabbi minn dáinn, eins og afar mínir báðir.
- Á heimili okkar Palla í Tjarnargötu voru bara konur. Mamma hélt kannski að það væri óhollt fyrir okkur, sérstaklega kannski fyrir mig.

Mamma var alltaf að lesa bækur um sálfræði og þroska: „*Vær glad*“, „*Áfram*“, „*Slap af og bliv frisk*“ og svo skrifaði hún fyrirlestra og bækur fyrir helstu sálfræðinga landsins, Guðmund Finnbogason, Símon Jóh. Ágústsson, Kristín Björnsson og Matthías Jónasson.

Jæja - svona var nú það. Um þessar mundir kom Símon til landsins, fyrstur hámenntaðra manna í þeirri grein. Hann fór að skrifa í blöðin og halda fyrirlestra. M.a. um örvhent börn. Þegar allt þetta gerðist sem ég var að segja þér frá, þá ákvað mamma að fara með mig í viðtal til hans og pantaði tíma.

Eg samþykkti það og við fórum niður í Mjólkufélagshúsið í Hafnarstræti. Símon hafði skrifstofu þar. Þegar við ætluðum inn í húsið, kom óþekkt upp í mér. Kannski var ég hræddur.

Þetta var síðla dagsins og orðið skuggsýnt. Margt fólk var á götunni. Allt í einu tek ég upp á því að stökkva í burtu, lét mig hverfa inn í mannþyrpinguna. Ég man hvað mömmu varð mikið um þetta. Ég sá hana standa á tröppunum alveg ráðalaus. Hún kallaði á mig, en ég kom ekki. Hún kallaði á mig aftur. Ég var í sundi milli húsanna á móti og horfði á hana og sá hvað þetta fékk á hana. Eftir augnablik ákvað ég að hætta þessari óþekkt og gaf mig fram. Mikið var hún fegin að sjá mig. Við fórum inn í húsið og fundum skrifstofu Símonar, sem deildi skrifstofu með bæjarlæknis sem þá var Magnús Pétursson og Rauða krossinum, en hjá báðum stofnunum átti ég eftir að starfa.

Við sátum í biðstofunni lengi. Ég var í móbrúnni lopapeysu, með flughúfu á höfði. Ég tók hana ofan og þvældi milli handanna. Ég var hræddur. Ég vissi ekkert hvað sálfræðingur myndi gera við mig.

Loks opnaðist hurðin og Símon bað mig um að koma inn. Og það skrítna við allt saman, fannst mér var, að hann gerði ekki neitt við mig. Hann talaði lengi við mig. Hann sýndi mér myndir, mjög skrítnar myndir, af herbergjum þar sem allt var í drasli. Svo tók hann myndirnar af mér og bað mig um að segja nákvæmlega hvað var í herbergjunum. Þannig sátum við lengi saman og töluðum og skoðuðum myndir. Svo sagði hann að þetta væri búið og sagði að við mættum fara. Þá varð ég nú hissa. Ég vissi ekki lengi neitt um hvernig þetta fór.

Löngu seinna sagði mamma mér frá því að hann hefði ekki fundið neitt að mér - ég væri bara á óþekktarskeiði, ég væri með mikið ímyndunarafl og segði ósatt til að fá hlutina til að ganga upp í sálinni. Þetta myndi breytast fljótlega.

Þegar ég var orðinn stór varð ég nemandi Símonar. Einnig hittumst við á götu í London. Þá kom í ljós að þetta var indælis maður, velviljaður og þægilegur og sagði við mig (var þá reyndar búinn að drekka of mikið af brennivíni): *Þú ert mikill ágætismaður, Eggert!*

Þá loksins, 20 árum síðar, fékk ég ótvíræða niðurstöðu úr rannsókninni.

En það er ekki gott að segja ósatt. Ég ætla seinna að segja þér fleira um það..

Þinn elskandi afi.

SAGÐI ÓSATT - LÆRÐI AÐ SEGJA SANNLEIKANN

Ég sagði þér frá því að ég hefði oft sagt ósatt þegar ég var lítill. Einu sinni kom ég heim úr sveitinni í heimsókn til mömmu og fór að segja henni frá því að ég hefði verið í útilegu með Bollagarðastrákunum, frændum mínum. Sagði ég henni nákvæmlega frá því hvað við hefðum verið að gera. Mamma skildi ekkert í þessu því hún hélt að ég hefði verið lasinn og legið í rúminu. Hún spurði um þetta í Nesi og þar var henni sagt að strákarnir hefðu verið í heimsókn í Nesi og sagt frá ferðinni og ég hefði hlustað með opinn munn af hrifningu.

Þær mamma og Unna voru sammála um að gera ekkert í málinu, því það væri bara æðsta ósk mín að komast í ferðalag eins og strákarnir. Frá þessu sagði mamma mér löngu seinna.

En ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað ég væri að segja. Eitt haust þegar ég kom í skólann spurði kennslukonan okkur krakkana hvað við hefðum verið að gera um sumarið. Þá sagði ég án þess að blikna eða blána að ég hefði gengið á Heklu. Allir voru stórhreifnir og spurðu hvað ég hefði séð. Þá bætti ég við að ég hefði séð alla leið til Ítalíu. Þannig var að Knud Zimsen borgarstóri, sem var giftur frænku okkar, hafði verið á Ítalíu um sumarið og sagt okkur Badda syni sínum frá ferðinni. Hvernig ég fékk hugmyndina um Heklu, það veit ég ekki.

--

En nú ætla ég að segja þér frá því þegar ég lærði að maður má aldrei segja ósatt.

Þannig var að ég var sendur frá Nesi inn í íshúsið Herðubreið við Tjörnina til að sækja kjöt til helgarinnar. Íshúsið er þar sem nú er Listasafn Íslands. Þar átti amma í Nesi skáp þar sem hún geymdi frosið kjöt frá haustinu. Bragi vinnumaður, vinur minn sem ég hef áður sagt þér frá, lánaði mér hjólið sitt, sem var fínt og þægilegt með góðum bögglabera sem reyndar var þá kallaður „bögglaberari“. Svo var hjólið með lukt, sem reyndar þurfti ekki að nota, þar sem þá var hásumar. Ég fór inn í bæ og sótti kjötið eins og ég átti að gera og hjólaði til baka yfir Vallhúsahæðina. Það var svo skemmtilegt að hjóla niður brekkuna, framhjá Bollagörðum, láta hjólið renna og hjálpa því til að ná miklu *kani* með því að stíga petalana líka. En gatan var holótt og hjólið hristist. Allt í einu gerist það að luktin dettur af, fer í teinana og sveiflast yfir dekkið frá hægri til vinstri og hékk bara á rafmagnssnúrunni.

Þetta var ekki gott. Að hafa fengið hjólið lánað og skila því svo skemmdu aftur, því luktin hafði dældast en þó ekki brotnað. Ég kom heim og sagði frá þessu alveg eins og rétt var. Nú bregður svo við að enginn trúir mér. Einn sagði að ég hefði verið að fíka með luktina, annar að ég hefði gert eitthvað annað við hana. Ég sór og sárt við lagði, en enginn trúði mér. Ég fór að vola, var óhuggandi það sem eftir var dags. Mér þótti þetta allt leiðinlegt. Sorglegast þótti mér að mér væri kennt um að hafa skemmt hjólið þótt sannleikurinn væri annar.

Ég man eftir því eins og það væri að gerast nú, þegar fólkið var úti á túni að vinna. Ég reyndi að snúa mér að þeim sem ég hélt að væru góðir og sagði þeim hvað hefði gerst. Enginn trúði mér. Ég var einn og yfirgefinn. Var nema von að ég væri óhuggandi og grátbólgin. Amma trúði mér ekki einu sinni.

Smám saman fór ég þó að átta mig á því að sá sem segir ósatt einu sinni, má ekki búast við því að neinn trúir næst þegar á þarf að halda. Þannig lærði ég að hafa hemil á hugmyndafluginu; hætta að skrökva.

Þetta finnst mér vera sorgleg saga sem ég er að segja þér. Ég finn enn sársaukann, grátbólgin augun og umkomuleysi mitt þegar ég gekk á milli fólksins og reyndi að fá það til að hlusta á mig.

Ég vona að ég þurfi ekki að segja þér fleiri sorgarsögur. En þó getur verið að eitthvað slíkt komi upp í hugann. Það er alls ekki treystandi á að allt sé gott og skemmtilegt í lífinu.

Þinn elskandi afi.

SUNDHÖLLIN - SUNDLAUGARNAR

Ég var sex ára þegar Sundhöllin var byggð. Það þótti glæsileg og falleg bygging og fóru margir til að skoða hana. Fyrst fór ég þangað sjö ára þegar hún var nýbyggð. Langamma þín vildi endilega sýna Kristínu ömmu minni í Nesi hvað Sundhöllin var fin og falleg. Mér þótti það mjög merkilegt þegar sundhallarstjórinn sýndi okkur bygginguna. Sérstaklega þótti mér skrítið að vera leiddur í gegnum baðklefa kvenna og sjá margar allsberar konur.

Síðan, þegar ég var farinn að fara einn í sund, fannst mér Sundhöllin ljót. Baðverðirnir voru gamlir kallar. Þeir voru alltaf að skamma alla, skipa öllum eitt eða annað. Allt átti að vera eins og þeir vildu. Vatnið í lauginni var kalt.

Samt vorum við svo lengi í lauginni að við vorum orðnir gegnumkaldir og skjálfandi. Fingurnir voru orðnir soðnir, hrukkóttir eins og á gömlu fólki og öpum. Þannig eru minningarnar ekki mjög skemmtilegar.

Svo fór ég að læra sund í Austurbæjarskólanum. Sundkennarinn hét Júlíus. Hann var líka alltaf reiður. Hann skipaði okkur úr fötunum og í sundskýluna með reiðisvip, rak okkur ofan í lagina og sýndi okkur hvernig við ættum að synda. Sumir okkar voru klaufar. Þegar Júlíus sá það þá bankaði hann með langri stöng í bakið á okkur þannig að við urðum hræddir um að sökkva til botns. Þetta var hræðilegur tími og við vorum fegnir þegar sundtímunum lauk. Það var ekki fyrr en í Gaggó sem ég fór á námskeið og lauk prófi. Ég var sérstaklega hissa þegar skrifað var uppá að ég kynni að *troða marvaðann* sem ég veit fyrst nú hvað er þegar ég fletti upp í orðabók.

Svo fór ég að fara í Sundlaugarnar gömlu með Braga vinnumanni í Nesi. Vatnið þar var svo hlýtt. Þar var þægilegt að geyma fötin, miðasölufólkið tók vel á móti okkur, og allt gott og skemmtilegt.

Kannski voru krakkarnir í Reykjavík allir hræddir við Júlíus og langaði ekki mjög til að synda þessvegna. En það var líka annar ókostur við að fara í Sundhöllina. Manni leið ekki beint vel að þurfa að fara upp á Bergþórugötu, Vitastíg og Njálsgötu þar sem bjó hinn mesti óaldarlýður, fannst mér.

Svo leið og beið. Við stækkuðum og smám saman gleymdum við Júlíusi. Svo flutti Júlíus í Tjarnargötu 14, rétt hjá okkur. Þá kynntist ég honum og fór að tala við hann. Þá kom í ljós að Júlíus var einmana karl, þekkti fáa og átti held ég fáa að. Þannig urðum við Júlíus bestu vinir. Samt var svo að margir krakkar, þeir sem aldrei kynntust honum, þótti aldrei gaman að synda.

Ég er í líkamsrækt nú með tveim ágætum jafnöldrum mínum af Njálsgötunni. Báðir fengu lömunarveikina þegar þeir voru litlir. Þeir voru í sundi og leikfimi í Austurbæjarskólanum hjá öðrum kennara. Hann var líka mjög grimmur við strákana. Einu sinni í sundi bankaði kennarinn með stönginni á bakið á öðrum. Hann greip í

stöngina, þannig að sundkennarinn missti jafnvægið og datt í laugina. Honum þótti það gott á hann.

Nú eru tímarnir allt aðrir. Krakkar læra að synda snemma, í fallegum sundlaugum með mörgum tækjum. Þetta leiðir til þess að flestum þykir gaman að fara í sund, vera lengi í heitu sundlaugarvatninu og pottunum og leika sér í rennibrautum. Það er líka nauðsynlegt að læra sund.

Það getur verið hættulegt ef maður dettur til dæmis í sjóinn og kann ekki að synda.

Þinn elskandi afi.

HREINLÆTI Í NESI

Smábörn á góðum heimilum voru sjálfsagt böðuð oft í viku, ekki man ég hvernig það var, enda voru aldrei lítil börn heima hjá mér. Þegar ég stækkaði var venjan að láta mig fara í bað einu sinni í viku og hélst svo alla tíð þar á heimilinu og eftir að ég flutti hingað á Bergstaðastrætið. Það breyttist til hins betra þegar við fengum sturtu og ég kominn í heilbrigðiseftirlitið.

Ekki var það nægilegt hreinlæti að fara í bað einu sinni í viku. Stundum var ég orðinn ansi óhreinn, t.d. bak við eyrun. Ég man eftir því hvað ég skammaðist mín í Gaggó, þá orðinn 14 ára, þegar Páll Pálsson, sessunautur minn sagði mér að ég væri óhreinn á hálsinum bak við eyrun. Samt var þaðkar heima og engin vandræði með hreinlæti.

Í sveitinni var þetta öðru vísi. Í Nesi var ekkert bað, bara einn vaskur í eldhúsinu. Eftir kvöldmatinn, þegar búið var að þvo upp, þá fór ég og þvoði mér um hendur og andlit í eldhúsvaskinum. Vinnumennirnir komu þangað með vaskaföt og fóru með þau upp á norðurendann, þvoðu sér og rökðu og notuðu heimgærða sápu. Það gat varla talist góður þvottur. Fyrir kom að við Bragi fórum saman í Sundlaugarnar, ekki til að þvo okkur, heldur til að synda. En auðvitað þvoðum við okkur í leiðinni. Óli frændi fór í Baðhúsið við Thorvaldsensstræti eða fékk Ellu gömlu til að þvo sér á bakinu.

Ef ég kom heim í Tjarnargötu var ég settur strax í bað og fötin þvegin. Það kom þó ekki oft fyrir, því ég fór ekki heim til mín nema kannski einu sinni til tvisvar á sumri, stundum aðeins til að líta inn, þiggja mjólk og köku. Þannig kom fyrir að ég þvoði mér aldrei vel allt sumarið.

Vatnssalerni var ekki í Nesi, aðeins einn kamar hjá skemmuni. Í myrkri var ansi langt að fara þangað enda ekkert útljós. Var ekki laust við að sumir væru myrkfælnir og hlypu sem fætur toguðu heim aftur. Ef menn gerðu það urðu þeir enn hræddari. Eina ráðið gegn myrkfælni er að halda ró sinni.

Þetta var nú ekkert hjá því þegar ég var orðinn 20 ára og var í síldarvinnu á Djúpavík. Við vorum þar fjórir saman í litlu herbergi. Í bragganum sem við bjuggum í var ekkert baðherbergi og í verksmiðjunni var ein sturta í mjög sóðalegu plássi, þannig að við félagarnir fórum þangað mjög sjaldan. Við vorum í sóðalegri vinnu, síld, karfa, kola- og moldarvinnu. Þrátt fyrir þetta fórum við varla í bað þessa þrjá mánuði sem við vorum þar í vinnu. Enda var ekki sjón að sjá okkur þegar við komum heim. Ég held jafnvel að við höfum aldrei skipt um föt þar sem við tímum ekki að óhreinka aukafötin, eða vildum ekki pakka óhreinum fötum niður í tösku. Aldrei datt mér í hug að þvo af mér, sem hlýtur að hafa verið auðvelt þar sem nógur aðgangur var að heitu vatni í verksmiðjunni.


En ég sá eftir þessu þegar ég kom heim. Bæði vegna þess að mér þótti leiðinlegt að koma sóðalegur heim og vegna þess að mér leið hálfilla svona óhreinum. Kannski þvoði ég hárið stöku sinnum undir vatnskрана. En aldrei rakaði ég mig og var með alskegg þegar ég kom heim. En það rakaði ég strax af mér.

Þetta er nú sagan af afa þínum sem var bæði óhreinn og sóðalegur stundum þegar hann var lítill. En smám saman varð betri aðgangur að sundstöðum. Hitaveitan varð ódýrari og menn urðu almennt hreinlegri en áður. Svona hafa tímarnir breyst. Ég vona að þeir tímar komi aldrei að menn verði sóðalegir, eins og ég og vinir mínir voru í sumarvinnunni, þegar við vorum ungir. Ég vona að þú þurfir aldrei að upplifa það, farir oft í bað og þvoir þér vel.

Bara að heita vatnið klárast ekki!

Ég vona að þið hafið það gott. Skilaðu kveðju frá okkur öllum á Bergstaðastrætinu.

Þinn elskandi afi.



POURQUOIS PAS? skipið hans doktor Charcot, fjórða og seinasta skipið sem hann lét byggja fyrir sig.

POURQUOI PAS?

Þegar ég var nýorðinn sjö ára spurði Álfheiður amma mín mig eitt sinn hvort ég vildi ekki koma niður á bryggju. Ekki þurfti nú lengi að dextra mig til þess, því ekkert þótti mér skemmtilegra en að skoða skipin.

Ég held að þetta hafi bara verið í eina skiptið sem við amma fórum saman út að ganga, okkur til skemmtunar. Auðvitað gengum við mikið saman úti, en það var til að fara í kirkju eða að fylgja henni í heimsóknir til vinkvenna hennar. Þegar hún fékk heimsóknir þurfti að fylgja vinkonum hennar heim.

Snúum okkur að höfninni. Pabbi hafði verið sjómaður þegar hann var ungur og þekkti öll skip og marga menn sem unnu við höfnina. Hafði hann frá mörgu að segja þegar hann fór með okkur bræður í gönguferðir. En ekkert man ég um það, segi bara svona.

En nú var ekki um slíkt að ræða. Amma var mikið hrifin af Frökkum og var vinkona Þóru Friðriksson kaupkonu og miklum frönsku- og Frakklandsáhugamanni.

Ömmu þótti falleg franska; hafði hitt marga franska sjómenn þegar hún og afi bjuggu á Akureyri. Hún sagði mér frá því að við bryggjuna væri falleg frönsk skúta sem hana langaði til að sjá og sýna mér.

Á leiðinni niður á bryggju sagði hún mér frá því að skútan hét: „*Hvers vegna?*“ eða „*Pourquoi pas?*“ á frönsku. Skrýtið nafn á skipi! Þetta var skúta í könnunarleiðangri til norðuslóða, undir stjórn læknisins franska dr. Jean Charcot sem var landkönnuður.

Þegar dr. Charcot var lítill var hann forvitinn og alltaf að spyrja: „*Hvers vegna þetta?*“ og „*Hvers vegna hitt?*“ Smám saman óx hann upp en hélt samt áfram að spyrja „*Pourquoi pas?*“ Allir sem í kringum hann voru reyndu eftir bestu getu að svara spurningum hans. Þannig var þetta lengi, eða þar til Jean litli var orðinn stór. Þá lærði hann til læknis og fór að rannsaka náttúruna. Hann safnaði peningum saman og ákvað að, kosta með þeim leiðangur til Íslands. Nú var hann kominn og var að leggja úr höfn.

Voru margir á bryggjunni að skoða skipið. Það var stórt, 39 menn í áhöfninni. Skipið var með þrem möstrum, mörgum köðlum og rúm sem segl voru vafin um. Á dekkinu voru menn að vinna og falletur hundur.

Þetta vorum við lengi að skoða og ætluðum aldrei að fá nóg af. Skipið var svo fallett og merkilegt að skoða dökkhærðu skipverjana í framandi fötum - og hundinn.

Ég tók sérstaklega eftir lágvöxnum manni, góðlegum, hæglátum og með tinnusvört augu. Hann stóð aðeins til hliðar við hina og var að virða fyrir sér fólkið á bryggjunni.

Þetta var allt fallett og gaman að skoða. Svo fórum við heim og amma sagði mér ýmislegt fleira um skipið sem átti að leggja úr höfn næsta morgun.

Tveim dögum síðar kom svo sorgarfréttin. Þegar skipið sigldi úr höfn var veðrið farið að ókyrrast. Fljótt sortnaði að og enginn vissi neitt um skipið fyrr en maður einn fór niður í fjöru í Straumfirdi, sem er norðvestur af Borgarnesi, og sá hvers kyns var. Skipið

hafði strandað í sortanum, roki og brimi, og brotnað. Höfðu allir mennirnir á skipinu drukknað nema einn skipverji og skipshundurinn.

Sá sem komst lífs af var einmitt stýrimaðurinn dökkeygði sem ég hafði séð á dekkinu. Þetta var mikil sorg fyrir Íslendinga og Frakka sem dáðu dr. Charcot. Var sent sérstakt skip frá Frakklandi til að ná í kisturnar þrjátíu og átta. Voru þær fluttar út í skipið eftir athöfn í Landakotskirkju.

Þessum atburði hef ég munað eftir æ síðan og lesið bækur um strandið og fólkið sem var um borð.

Nú gerast slysin sjaldnar en áður. Á skipum eru góð loftskýttatæki, farsímar, ratsjár, gíróáttavitar, staðsetningartæki og dýptarmælar. Nú villast menn sjaldan á hafi. Það er eiginlega bara ef vélar bíla í óveðri og ekki tekst að koma þeim strax aftur í gang. Þau rekur þá upp í fjöru og þá geta orðið alvarleg slys. Nú læra allir að synda og nota björgunarvesti, þannig að flest er betra en áður. En þetta var mikil sorgarsaga.

--

En sagan á sér samt dálítið eftirmála, sem ég einn veit um.

Nokkrum árum síðar var gerð vatnsaflsvirkjun við búnaðarskólann á Hvanneyri í Borgarfirði. Þá þurfti að setja línuna á staura heim að Hvanneyri. Kom þá einhverjum í hug að hægt væri að nota tréböndin úr „*Pourquoi pas?*“ og var það gert. Mér þótti spaugilegt að hugsa mér rafmagnslínu byggða á staurum sem allir voru mismunandi í laginu og beygðir á ýmsa vegu. Reyndi ég að finna myndir sem einhver kynni að hafa tekið í Hvanneyraskóla. En það tókst ekki. Þannig get ég haldið áfram að gera mér þetta allt í hugarlund og hlæja með sjálfum mér.

Þín elskandi afi.



Hér sit ég í heygrindinni, í lopapeysunni góðu, á leið út í Suðurnes.
Í baksýn ósinn á Kotatjörn og byggðin suðvestanundir Valhúsahæðinni.



Hér ligg ég á Hvítabndinu með eldflaugina mér við hlið.



Um borð í Milvaukie, meðan ég var á Hvítabandsspítala.
Palli, Theodór og Þórhildur Línal. Jóna, Palli, mamma og Doris Briem. Helgi P. Briem tók myndina.

ÞEGAR ÉG FÉKK BOTNLANGABÓLGUNA

Þegar ég fór í sveitina tíu ára gamall, þóttist ég heldur en ekki stór. Kristjana Einarsdóttir, kona Sigurðar Þorsteinssonar, hafnargjaldkera, vinkona mömmu. Þau bjuggu á Bergstaðastræti 75. Hún var meðal þeirra fyrstu sem þrjónuðu lopapeysur og þrjónaði alveg sérstaklega góða peysu handa mér. Hún var brún á litinn, eða sauðsvört, eins og kallað var og mjúk. Þá voru ekki þrjónaðar vandaðar flíkur á fólk nema úr þeli. Hafði gróft togið þá verið skilið frá, *tekið ofan af*.

Úr þessari peysu fór ég aldrei, varla þótt heitt væri í veðri. Ég var orðinn ansi sterkur, fannst mér, og stór. Ekki var það þó sérstaklega gott, því strákur, eins og ég, með ofurlanga fætur, eða lappir eins og nú er sagt, var ekki góður í fótbolta. Þá voru þeir stuttu miklu snarari í snúningum. Sumarið leið viðburðalítið, en þó skemmtilegt.

Einn daginn var ég með hálfgerða magapínu um morguninn þegar ég vaknaði. Samt fór ég með kýrnar út í Suðurnes, eins og venjulega. Þegar ég kom heim, tók einhver eftir því að ég gekk hokinn, og að því er virtist, ekki líða vel. Engum datt þó í hug að neitt alvarlegt væri að. Svo ágerðist þetta og ég gekk í keng og gat illa hreyft mig.

Þá sagði einhver: *Það hlýtur að vera eitthvað að honum Eggert, væri ekki betra að sækja lækni?* Það var gert og Karl Jónasson kom og leit á mig og þreifaði á kviðnum á mér. Ég kveinkaði mér, því kviðurinn var helaumur. Þá hringdi hann á sjúkrabíl, sem kom nokkru seinna. Í honum voru tveir brunaliðsmenn, sem ég þekkti báða úr Tjarnargötunni, en slökkvi- og sjúkrabílastöðin var í Tjarnargötu. Ég var settur í sjúkrakörfu og ekið af stað.

Það er mjög einkennilegt að vera fluttur í körfu í sjúkrabíl. Inn í bílnum var skrártin lykt. Ofan á mér var ullarteppi og nýstrokið lak og ég gat bara horft upp í loftið og út um gluggana og ég vissi ekkert hvar ég var. Fann bara hvernig bíllinn hristist og hvernig hann beygði. Þegar hann bremsaði fannst mér eins og hann væri að bakka. Þú getur fundið þetta ef þú leggst á bakið í sætinu í bílnum ykkar og horfir beint upp í loftið. Þá ættirðu að reyna að giska á hvar þú sért.

Svo var ég fluttur inn á Hvítabandið, sem var spítali á Skólavörðustíg, þar sem nú er bara gamalt fólk og mikið veikt. Ekki man ég eftir neinu, nema þegar ég vaknaði eftir að hafa verið svæfður. Þá var búið að skera mig upp og taka úr mér botnlangann, því það var hann sem var svo bólginn að það þurfti að taka hann úr mér. Þarna lá ég í nokkra daga, og hafði það bara gott.

Ég fékk dót, eldflaug, sem var hægt að trekkja upp, komu þá eldglæringar aftan úr henni.

Í herberginu með mér voru þrír kallar, sem ég man ekki eftir, nema Benjamín Eggertssyni, sem var lamaður og hafði legið þar á spítalanum í ein átta ár. Var gaman að tala við hann og honum virtist þykja gaman að tala við mig, því ég þóttist allt vita og var fljótur að segja einhverja vitleysu, ef ég var spurður. Benjamín var hagrýðingur, en það eru þeir kallaðir sem geta *kestað fram vísu*, án þess að hugsa sig um. Það gerði hann:



Þegar Eggert gat ekki vaknað.

Það er meir en miðdagsvon
og mál að gá í fjósin,
þegar Eggert Ásgeirsson
opnar brunaljósín.

Þegar Eggert rekur kýrnar.

Eggert hefur aldrei frið
engan staf þó lesi,
berhöfðaður braskar við
beljurnar í Nesi.



Þegar Eggert fer heim.

Burtu hjeðan kreika kann
knár og mannalegur
í Tjarnargötu tifar hann
á tuttugu og fjögur.

Þökk fyrir samveruna!

Frá Benjamín.

Til Eggerts Olafs

I sjúkrahúsi Hvítabandsins 29. júlí 1938.

Mamma vélritaði vísurnar og myndskreytti.

Ég var stoltur yfir þessari vísu og man alltaf eftir Benjamín. Fyrir fáum árum hitti ég og kynntist vel fullorðnum manni, Óskari Eggertssyni, sem kenndur var við Andakíl, rafstöðvarstjóri Andakílsárvirkjunar.

Hann reyndist vera bróðir Benjamíns og sagði mér frá honum.

Benjamín var alltaf lamaður en komst út af spítalanum og gerðist fræðimaður, las mikið og skrifaði ævintýri fyrir börn undir dulnefninu *Feigur Fallandason*. Ein bók hans heitir *Arfaklær* og önnur *Berjaklær*.

--

Einu missti ég af meðan ég var á spítalanum. Helgi frændi og Doris komu á skemmtiferðaskipinu *Milvaukie*. Þóttu það undur og stórmerki að sjá svo stórt skip. Þar var sundlaug og tennisvöllur. Var fjölskyldunni boðið út í skipið til að skoða það. Ég var svo óheppinn að liggja á spítala einmitt þegar það gerðist.

--

Um sama leyti kom líka þýskur kaþbátur til landsins og fóru margir til að skoða hann. En ég var enn á spítalanum og missti líka af því. Mér var sagt vel af þessu öllu og fannst eins og ég hefði tekið þátt í öllu sjálfur.

Svo batnaði mér fljótt og fór fyrst heim og svo aftur í sveitina og hefði sjálfsagt gleymt þessu öllu ef ég væri ekki með ör á kviðnum.

Seinna kynntist ég Karli lækni og átti eftir að vinna með honum á Hvítabandinu í tvö sumur. Hann var alveg óskaplega stór og feitur, þótti mér. Ég man sérstaklega eftir höndunum á honum. Hugsaði ég um hvað það hlyti að hafa verið erfitt fyrir hann með svona stóra og svera fingur að taka lítinn botlanga úr mjóum og horuðum strák eins og mér. En það tókst ágætlega, eða það held ég, því ég hef aldrei orðið veikur í botnlanganum aftur – enda var hann tekinn úr mér!!

Nú þarf varla að taka botnlangann úr neinum því að allir borða svo hollan mat, músli, bran, rúgbrauð og heilhveitibrauð. Þegar ég var lítill vissi enginn að hveitibrauð og hveitikex væri ekki hollt fyrir fólk.

Óli frændi sagði þó einu sinni að maður ætti ekki að borða skonrok, sem voru einskonar tvíbökur: Það væri eins og að reka rassinn út í vindinn!

Þinn elskandi afi.



Heimsókn að Móum eftir botnlangaskurðinn. Helgi frændi gaf mér fötin sem ég er í og hann var hættur að nota.

Merkilegt er að fötin af Helga skyldu passa, þó með þeirri aðferð að bretta upp ermarnar.

Líka merkin sem ég er með og sem Clausensbræðurnir, Haukur og Örn, gáfu mér eftir boð um borð í þýskt orrustuskip. Vinstra megin er merki *Emden*. Hægra megin er þýski örninn með nasistamerkið í klónni.

Á myndinni með mér eru: Palli, Sjöfn, dóttir Kristins í Geysi, sem var þar í sveit og Rúna Guðmundsdóttir frænka mín í Móum.

UNNA Í NESI OG SEINNA Á BAKKA

Ég var í jarðarför Unnar fóstursystur pabba um daginn og fór að hugsa um hve margt skemmtilegt hefði gerst í Nesi.

Þá var hún ung stúlka, dugleg og fjörug, þekkt íþróttakona. Hún var allt öðru vísi en hinar stúlkurnar, hafði verið í útlöndum og gerði ýmislegt öðru vísi en aðrir. T.d. klæddist hún litskrúðugum sumarfötum, þegar hún var að vinna í heyinu. Svo fór hún líka í sjóinn til að baða sig, en það datt engum í hug nema þeim sem hafði verið í útlöndum, ekki síst þeim sem höfðu verið hjá Lóu Vennerström, en hún var mikið fyrir útivist og hollt líferni.

Þegar ég var lítill svaf ég í sama herbergi og Unna uppi á kjallaralofti, eins og þau voru kölluð litlu herbergin tvö. Langamma þín svaf í því fremra með Sigu og Guðrúnu mömmu hennar. Í það herbergi var gengið upp steintröppur úr eldhúsinu.

Unnur hafði farið til að læra fótaaðgerð í Svíþjóð og kom heim með próf frá *Dr. Scholl*. En hún fékk ekki leyfi til að stunda fótaaðgerð því önnur kona, Þóra Borg leikkona, hafði sama próf frá Danmörku og hélt því fram að hún mætti ein gera við fatur á fólki samkvæmt aðferð þýska læknisins. En mamma stóð við hlið Unnu og var ekki á því að samþykkja það. Hún hjálpaði Unnu við að fá leyfi, sem tókst eftir langa mæðu. Það var mikil hátíð heima hjá okkur þegar það leyfi kom frá dómsmálaráðuneytinu.

Þá byrjaði Unna að stunda sína grein og ganga með fótaaðgerðatöskuna milli þess fólks í Reykjavík sem þurfti á hjálp hennar að halda. Alltaf þegar hún var í bænum kom hún til okkar í Tjarnargötuna. Þangað var líka gjarnan hringt til að panta tíma hjá henni. Unna kom sér vel hvar sem hún var enda ávallt í góðu skapi og brosandí.

Kjartan Einarsson á Bakka var mjólkurbílstjóri, sem kom á hverjum degi að Nesi til að sækja mjólkina. Svo fór hann að koma líka á kvöldin. Því þá var hann orðinn skotinn í Unnu og hún í honum. Það var mjög skemmtilegt að fylgjast með því. Ég sat yfir þeim inni í stofu. Þau voru stundum að kyssast og á laugardögum opnuðu þau fyrir danslögin í útvarpinu og dönsuðu og dönsuðu. Ég gat ekki slitið mig frá þeim, þau voru svo skemmtileg, alveg sama hvað þau sögðu oft við mig að nú væri kominn háttatími.

Svo, einn góðan veðurdag giftu þau sig og fóru að búa á Bakka og eignuðust fjórar, skemmtilegar dætur.

Ég kom oft í heimsókn til þeirra, því þar var hlegið svo mikið, allir glaðir. Guðmundur gamli, fóstri Kjartans, var óskaplega gamall, lítill og hrukkóttur, hann hló mest. Næstmest hló Jóna fóstursystir Kjartans og svo auðvitað allir hinir.

En svo fjölgaði fólki svo mikið í Reykjavík að það vantaði lóðir undir hús. Þá vildu allir eiga hús á Nesinu og keyptu lóðir af Unni og Kjartani. Þá eignuðust þau mikla peninga. En Kjartan kunni ekki með þá að fara og þeir fóru út í veður og vind. Svo dó Kjartan og Unna flutti frá Bakka og fór að vinna á elliheimili við fótaaðgeðirnar. En alltaf kom hún aftur í heimsókn.

Nú er hún dain og datur hennar orðnar myndarlegar konur, mömmur og ömmur. Það var svo indælt að sjá öll litlu börnin gráta í kirkjunni, því þau söknuðu ömmu sinnar og langömmu svo mikið. Það sýndi líka að þar var gott samband milli fólks.

Þetta er bæði sorgar- og gleðisaga. Ég ætlaði að segja þér frá allt öðru. En svona er það, þegar ég man eftir öllu þessu gamla, þá verð ég að segja þér frá því.

Þinn elskandi afi.



Litlibær. Mamma, við Palli og Margit. Hún var í vist hjá mömmu og giftist útgerðarmanni á Austfjörðum.

LEIKIR – LEIKIR - LEIKIR

”Yfir” var boltaleikur sem fór þannig fram að hópurinn skipti sér í tvennt og stillti sér upp sinn hvorum megin við hús eða kofa. Einhver í öðrum hópnum kastaði þá bolta yfir húsið. Reyndum við stundum að henda illa, þannig að við ímynduðum okkur að erfitt gæti verið að grípa boltann. Ef einhverjum í hinu liðinu tókst að grípa, þá hljóp hann eins hratt og hann gat yfir til hins hópsins og átti að reyna að skjóta boltanum í einhvern úr því liði. Ef það tókst var sá tekinn til fanga og þurfti að fara í hitt liðið.

Þannig reyndu liðin að taka sem flesta fanga þangað til enginn var eftir og liðið vann.

Þetta var mikið spennandi. Maður var mjög stoltur yfir að geta gripið eða kastað *vel* - þ.e. *illa* yfir. Svo var skammarlegt að láta skjóta sig og þurfa að fara í hitt liðið. En sú var líka vonin að maður myndi vera skotinn enn og fengi tækifæri til að komast aftur í heimaliðið.

Leikirnir enduðu oft með því að boltinn festist í þakrennunni. Þá leystist allt upp og þurfti að fá einhvern fullorðinn til að koma með stiga og bjarga málinu við.

Þinn elskandi afi.



Þar sem ég hef nefnt hækjur, þá verð ég að sýna þær. Þarna erum við Palli Líndal, frændi minn á góðum degi í Litlabæ. Það grillir í Nes. Palli var ekki mikill sveitamaður á ungum dögum og lítt gefinn fyrir skepnur, ævintýri og útivist. En hann varð einn af brautryðjendum náttúruverndar. Og skemmtilegur var hann, góðviljaður ávallt og hjálpsamur. Hann og Ólafur Helgason, seinna bankastjóri, frændi okkar, voru duglegir að skemmta í barnaafmælum, einkum með brúðuleikjum.

LITLIBÆR

Ég hef ekki sagt þér margt um Litlabæ. Þessi litli bær var hjáleiga frá Nesi sem hafði verið í byggð frá því fyrir á 19. öld.

Bjó þar sjómaður sem reri á bát frá Bygggarði. Eftir að hann dó og konan hans flutti burt stóð húsið autt um tíma en svo flutti Guðmundur föðurbróðir minn þangað með fjölskyldu sína en hann var þá *kominn í land*, hættur að vera skipstjóri. Hann gerðist svo bóndi að Móum á Kjalarnesi og bjó þar upp frá því með Kristínu Teitsdóttur og börnunum þeirra fjórum. Þegar ég var þriggja eða fjögurra ára, fórum við að nota Litlabæ sem sumarbústað; fluttum sem sé út á Nes á vorin, og aftur á Bergstaðastræti á haustin.

Litlibær var eitt af mörgum kotum í Neslandi þar sem bjuggu sjómenn, sem unnu við eigin útgerð eða á skipum afa í Nesi. Þarna bjuggu sem sé fjölskyldur með börn og kannski nokkrar kindur. Sumar voru mjög fátækar, t.d. fólkið í Knútsborg sem stóð rétt hjá Litlabæ. Var oft verið að segja sögur af því í Nesi hve fátæktin var mikil þar og jafnvel matarskortur. En samt ólst upp í þessum kotum fólk sem síðar var rómað fyrir myndarleik og dugnað. Ég leit sérstaklega upp til fólksins í Knútsborg sem var sérstaklega gjörfulegt íþróttafólk.

Litlibær var lítið kot en hlýlegt. Gengið var upp tilhöggna steintröppu. Komið var inn á gang með geymslu á hægri hönd fyrir mat og verkfæri. Á vinstri hönd var lítið eldhús. Þar var pláss fyrir koll og svo gat einn setið á moðkassa í horninu. Þá var það líka svo að ekki var endilega krafist þess að allir hefðu sæti. T.d. húsmóðirin. Hún stóð alltaf við eldavelina og passaði upp á að allir fengu mat og ekkert brynni við.

Innst í ganginum var gengið upp þrjár eða fjórar tröppur. Á hægri hönd var lítil stofa og til vinstri tvö svefnherbergi.

Í hinum austurenda hússins var hlaða, en norðanmeginn, utan við svefnherbergisgluggann, var útikamar. Þarna fór vel um okkur.

Pabbi fór alltaf inn í bæ í vinnu en mamma var eftir með okkur Palla og stúlku sem var í vist. Stundum voru einnig hjá okkur gestir, lítil frændsystkini okkar. Mömmu leiddist heldur í sveitinni þótt það sæist ekki á henni, enda var margt að gera, margir gestir sem komu. Kannski var það gestagangurinn sem amaði að?

Ég var hálfgerður *lasarus*, því ég varð veikur eitt sumarið, illt í fætinum og alltaf að kvarta, án þess að vita hvað eiginlega væri að. Svo kom í ljós að ég var með slæmsku í hægri mjöðm. Ég var rannsakaður og lá lengi heima í gífsi frá mjöðm fram á tær. Þegar mér fór að batna kom ég heim og var í Litlabæ með gífsstubb á mjöðminni, með hækju og staf, til að hlífa fætinum. Samt var ég dálítið þreyttur alltaf; þurfti stundum að keyra mig um í barnavagni, sem endinn hafði verið sagaður úr, svo fóturinn gæti staðið út um gaflinn. En ég man ekkert nema gott frá þessum tíma.

Í húsinu var ekki vatnsleiðsla og þurfti að sækja vatnið í brunn fyrir neðan veg. Ekki fékk ég að sækja vatn í brunninn, því alltaf er hætt við að krakkar geti dottið ofan í brunna og druknað.

Seinna, þegar ég var stærri, kom ég í heimsóknir í Litlabæ og sótti þá vatn í brunninn fyrir Ástu og Halla. Það er svo fallegur og tær hljómur í blikkfötu þegar hún er látin falla á hvolf niður í brunninn og þegar hún er dregin upp á kaðalspotta, full af tæru vatni. Svo þurfti að bera föturnar tvær heim. Að vísu vildi skvettast úr þeim og erfitt að halda fötunum frá sér þannig að ég vildi blotna.

Oft kom skemmtilegt fólk í heimsókn, með marga krakka. Sérstaklega var mikil hátíð þegar ég átti fimm ára afmæli, 6. ágúst. Þá var bökuð stór terta og krökkunum á Framnesinu boðið. Þau komu þrúðbúin, þáðu veitingar og fóru í leiki. Hér er mynd úr afmælinu.



Fremri röð: Sigurður Líndal, Sigga Gunnsteins í Nesi, Steinunn Briem, Margrét Viðar, Álfheiður Líndal, Þórdís Gústavsdóttir, Páll Þórir, Óttar Viðar. Aftar: Dóra Kristinsdóttir í Bygggarði, afmælisbarnið, Hafsteinn og Guðmundur Einars í Bollagörðum, Hörður í Nesi, Halldór Gunnsteins í Nesi, Kristinn Einarsson í Bollagörðum, Einar Viðar, Halldór Kristinsson í Bygggarði.

Fólkið í Nesi var þá að vinna í heyi, og fórum við afmælisgestirnir þangað í heimsókn. Þá var reyndar svo mikið að gera að við gleymdumst og enginn tók eftir því þegar við fórum að „rónapískast“ eins og Óli frændi sagði.

Ég gat lítið gert skemmtilegt, meðan mér var illt í fætinum. En hinir krakkarnir voru ýmsilegt að leika sér, fengu til dæmis að fara á hestbak.

Palli Líndal, frændi minn, var aldrei mikill sportmaður og hræddur við hesta. Hann sagði einu sinni: *Mér þykir leiðinlegt á hestbaki, held ég.* Hann kunni heldur ekki á hjóli. Pabbi tók hann einu sinni og reiddi á stönginni. Það líkaði Palla illa og sagði: *Ég vil fara niður á gólf.* Var mikið hlegið að þessu í Nesi því hann var svo mikið borgarbarn. Hann þekkti ekkert til sveitalífs, en var fjölfróður að öllu öðru leyti, skemmtilegur og fjörugur. Palli bróðir var kallaður *sullukóngur* og hafði mest gaman af að leika sér með vatn, hella því í flöskur og aftur í könnu og á milli aftur og aftur. Þá var hann alltaf að fíkta með eld. Ef hann fann eldspýtur faldi hann þær, leitaði að bréfi og fór svo út í móa og kveikti í.

Ekki man ég hvort ég sagði þér sögu af ömmu í Nesi og kókómaltinu. Kókómalt var alveg nýtt og óskaplega gott á bragðið og hét „*Cocomalt*“ eins og allt slíkt upp frá því. Höfðu fáir Íslendingar smakkað það. Flestir keyptu það í pínulitlum dósum. En mamma keypti það í heildsölu, hjá H. Ólafsson og Bernhöft, í geysistórum blikkdósum. Eitt sinn var amma í Nesi í heimsókn. Sátu allir inni í stofu þegar hún fór fram og inn í eldhús, þar sem enginn annar var. Sá hún þá dósina og vissi ekki hvað í henni var; tók hana upp og hristi, en heyrði lítið því ekkert heyrðist í fingerðu kókómaltdufti. Hún hristi dósina aftur og opnaði hana til að skoða ofan í hana. Þá rauk upp úr henni kókómaltský sem fór framan í hana og á peysufötin hennar, án þess að hún tæki eftir því.


Þegar hún kom aftur inn í stofu var hún með brúnt duft framan í sér og á peysufötunum. Allir fóru að hlæja að þessu, og hún mest, þótt henni þætti nú dálítið leiðinlegt að láta sjá hvað hún var forvitin og að hún skyldi ekki bara spyrja og fá að sjá hvað væri í dósinni.

Það var mikið gaman að vera þarna.

En þegar pabbi dó hættum við að búa í Litlabæ, mamma fór í fjölritunina, vélritun og píanókennslu í Tjarnargötu og við Palli í sveit á sumrin.

Þá fluttu Ásta frá Gróttur og Halli inn í Litlabæ með börnin sín Varða, Gunnu og Nönnu. Þjuggu þau lengi þar og ég heimsótti þau oft. Þau voru svo skemmtileg, sérstaklega Halli sem alltaf var að segja skemmtilegar sögur, sumir sögðu hann lyginn, en ég trúði öllu sem hann sagði hvað ótrúlegt sem það var og trúí enn.

Þinn elskandi afi.



Grænaborg.
Hér var leikskóli á sumrin en Ísaksskóli á vetrum.

SKRÓPAÐ Í SKÓLANUM!

Ég er alltaf að fá fréttir af skólagöngu þinni og má því til með að segja þér svolítið frá því hvernig hún gekk til hjá mér.

Það byrjaði þannig að ég var settur í tímakennslu. Það var einhvers konar leikskóli. Ekki man ég nú mikið eftir hvað þar var gert. Þó man ég að við fengum glerplötur með mörgum holum í og glerperlur. Við áttum svo að raða í holurnar, og raða perlunum fallega eftir litum og búa til myndir. Þetta var í kjallara á húsi við Laufásveg, Þrúðvangi, þar sem skáldið Einar Benediktsson hafði búið. Kennslukonan var Þórhildu Helgason, frænka okkar. Hún hefur stundum verið nefnd brautryðjani í smábarnakennslu en hætti, eins og var hlutskipti margra kvenna að hætta því merkilega starfi, og hjálpa til heima hjá sér í Tjarnargötu 26. Nú er MR með kennslu í Þrúðvangi.

Næsta haust, þegar ég var nýorðinn sex ára, var ég settur í skóla Ísaksskóla, í húsi sem var kallað Grænaborg. Þar var fyrsti skólinn fyrir svona litla krakka. Var svo gerður að leikskóla, sem pabbi þinn, Ásgeir og Auður gengu líka í. Þar stendur nú geðdeild Landspítaland, sennilega eru þar heldur bílastæði!

Ekki var ég lengi í þeim skóla, því þegar ég var nýbyrjaður dó pabbi og ég hætti þegar við fluttum héðan af Bergstaðastrætinu í Tjarnargötu.

Þessi stutta skólavist var minnisstað vegna þess að strákur, Ketill hét hann, sem bjó hér rétt hjá á Laufásveginum, kallaði alltaf á eftir mér, þegar hann sá mig í hverfinu: *Hí á þig, skrópaðir í skólanum.*

Ég vissi ekki einu sinni hvað það þýddi og þorði ekki að spyrja neinn, fann bara á mér að það hlyti að vera eitthvað hræðilegt og skammarlegt.

Eftir það var ég ekki í skóla fyrr en ég var orðinn sjö ára. Þá fór ég í Miðbæjarskólann, sem stendur við Tjörnina beint á móti okkar húsi. Kennslukonan hét Guðrún. Hún var óskaplega feit. En hún var líka einstaklega góð við mig. Sumir kölluðu hana Gunnu feitu. Aðrir kölluðu hana Gunnu þýsku, því hún hafði farið til Þýskalands og var hrifin af öllu þýsku en þar voru allir nasistar, að því er sagt var.

Eftir að ég var farinn að vinna við heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík kom ég oft í leikskólann Grænuborg, en þá var Ísaksskóli fluttur upp í Hlíðar þar sem hann er enn. Það voru vandræði í leikskólanum því hann lak. Það voru gluggarnir sem ekki héldu vatni en opnanlegu gluggarnir voru þannig gerðir að þeim var rennt upp og niður, öðru vísi en í flestum húsum. Ég held að þetta bendi til að húsið hafi verið flutt inn tilsníðið frá útlöndum, Englandi eða Ameríku. En stofandi skólans fékk hugmyndir sínar frá útlöndum. Svo fór að skipt var um gluggana og að lokum var allt rífið!

Þinn elskandi afi.



Varla myndu Seltjarnarsnesborgarbúar trúa því að við fórum í sjóinn, í Seltjörn, neðan við Litlabæ, fyrir opnu hafi. Hér eru vinkonurnar Jóna Einarasdóttir, uppeldssystir mömmu og Else Mari Vennerström frænka mín fá Svíþjóð og virðist líða vel. Trúi þú þessu ekki, þá á ég fleiri sönnunargögn.

Þessi mynd var tekin 1935.

LÍFIÐ OG HRÆÐSLAN Í GAMLA DAGA

Nú nálgast jólin. Fólki kemst í hátíðaskap, allir verða góðir í andlitinu, og sumir alveg í gegn og frá hvirfli til ilja. Þannig eru allir sem ég þekki, eru það reyndar alltaf – ekki bara um jólin.

En ekki eru allir í heiminum jafngóðir hver við annan og þeir ættu að vera. Sumir eru fátækir, eiga ekki fót utan á sig eða magafylli og engan að sem kemur þeim til hjálpar. Þeir geta ekki heldur menntað sig. Þegar þú ert spurður að því hvað þú viljir verða þegar þú ert orðinn stór, þá máttu vita að þú getur allt, ef þú verður iðinn og við góða heilsu.

Þegar menn eru fátækir verða þeir stundum vondir hver við annan, slást og berjast. Því miður er ófriður líka milli þeirra sem ekki teljast fátækir. Kannski er hörðust baráttan um peninga og völd yfir fólki og eignum. Við skulum vona að það hendi ekki í okkar fjölskyldu.

Nú sit ég við tölvuna mína og skrifa þessi orð. Klukkan er að verða sjö að morgni og ég lít út í frostnóttina. Ég sé rauða húsið á ská hér á móti. Fyrir framan það er ljósastaur sem kastar daufrí birtu niður á götuna. Í gluggunum á efri hæðinni er ljós hjá henni Sonju Diego, eins og alltaf, allan sólarhringinn, alla daga. Hún er víst alltaf að þýða.

Hugsa sér að í gamla daga voru engin götuljós. Fólki þurfti að rata milli húsa í kolniðamyrkri. Svo kom að því að sett var upp ein gaslukt í bænum. Þá þótti öllum svo bjart að þeir fóru þangað til að skoða. Þá voru allir svo vanir myrkri. Jafnvel inni í húsum var ljóslítið, bara kerti, kolur eða lýsislampar. Seinna ein dauft pera

Á gamlárskvöld var það venja að setja mörg kertaljós út í gluggana í Engey, þar sem hann Kristinn í Ráðagerði fæddist. Engey er fyrir norðan Örfirisey. Þetta þótti merkilegt og fallet þannig að margir gerðu sér ferð vestur í bæ til að sjá dýrðina.

Fólkið sat í myrkri við handavinnu, þrjónaskap eða við að spinna ull og tæja. Í baðstofunni þar sem fólkið sat var eitt ljós, það var fyrir þann sem las fyrir fólkið, las *postilluna*. Það var heilagt orð. Svo var kannski einhver sem kvað rímur. Þá þurfti ekki neitt ljós því kvæðamenn og sagnamenn kunnu allt sem þeir fóru með.

Þú hefur aldrei heyrt rímu kveðna. En eitt rímnalag veit ég að þú þekkir: *Hani, krummi, hundur, svín...*

Gátu góðir rímnamenn kveðið tímunum saman ævintýri af bardögum, stundum í fjarlægum löndum. Aðrir fóru með þjóðsögur eða Íslendingasögur. Þessu hafði fólki gaman að, hlustaði jafn ánægt í myrkrinu á langar sögur, sem tók kannski mörg kvöld að segja, aftur og aftur sömu sögurnar þangað til sumir lærðu þær og fóru að segja þær öðrum og bættu við nýjum sögum og ævintýrum um hetjur, fornmenn og merkilega viðburði.

Þar sem allt var dimmt var fólki oft hrætt við myrkrið. Fáir höfðu verið í skóla og höfðu ekki skýringar á ýmsum fyrirbrigðum eins og tunglmyrkva, jarðskjálfta, óveðri og

starfsemi líkamans. Fáar bækur voru til og næstum engar sem skýrðu fyrir fólki hvers vegna hlutir væru eins og þeir voru, hvernig jörðin væri í laginu, hvað stjörnurnar væru, hvernig fjöllin hefðu myndast, af hverju kæmi rigning og hvað ljós væri. Fólk vissi ekki einu sinni til hvers hjartað væri í fólki, eða heilinn. Enginn skildi sjúkdóma og lyf voru ekki til sem höfðu áhrif á sjúkdóma eins og nú.

Þegar fólkið sat í myrkrinu fór það að ímynda sér ýmislegt. Það hélt að til væru draugar og ófreskjur, álfar, tröll, jólasveinar, Grýla og Leppalúði. Þannig varð fólkið hrætt við marga hluti. Fólkið þorði ekki að ferðast um óbyggðir, hélt að til væru útilegumenn, sem myndu ráðast á það. Fólk hélt að eldfjöll og hverir stöfuðu af vondum öflum í heiminum. Menn, sem ekkert vita, skilja fátt og verða hjátrúafullir. Þess vegna þurfum við að læra og kunna.

Þá þekktu menn ekki smitsjúkdóma; vissu ekki að sumir sjúkdómar stafa af bakteríum eða veirum, sem gera menn veika ef þessar sóttkveikjur komast inn í líkamann.

Þú hefur fengið gubbupest. Hún stafar af bakteríuma sem berast frá öðrum, sem eru með gubbupest, þær komast inn í okkur, og þá fáum við líka gubbupest. Eins er það með kvef nema það eru veirur, sem eru miklu minni en bakteríur. Hvorki bakteríur eða veirur sjást nema í sterkum smásjám.

Í gamla daga ferðaðist fólk lítið, þar sem erfitt var að rata. Engin kort voru til og engir áttavitar. Áttaviti er segulmagnaður vísir, sem snýr í norður og suður. Þegar menn vita það vita þeir líka hvað er austur og vestur. Þú verður að biðja þabba þinn um að sýna þér áttavita. Þeir sem höfðu áttavita gátu líka siglt yfir höfin. Að ferðast var líka erfitt þar sem þá var engin VEDURSTOFA sem gaf út spá, og menn skildu lítið í veðrinu. Þegar ég var lítill áttu ýmsir loftþyngdarmæli aða *barometer*. Þeir gátu því stundum giskað rétt á hvernig veðrið yrði næsta dag.

Þá voru heldur ekki til regnföt þannig að ef fór að rigna blotnuðu menn í gegn og varð dauðkalt. Þá kom ullin sér vel, því ef menn voru klæddir í ull, yst sem innst, varð þeim jafnvel ekki mjög kalt þótt þeir blotnuðu.

Einna verst var með skóna. Á Íslandi kunnu menn ekki að búa til leður. Leður er sútuð húð af skepnum, hestum og kúm, sútað þar til það var orðið þykkt, seigt og entist vel, eins og við þekkjum af leðurskóm. Þá bjuggu menn til skó úr selskinni, kúskinni og sauðskinni, sem fólk saumaði saman, án þess að kunna að súta. Skinnskór voru endingarlitlir, sérstaklega í rigningu. Hugsa sér að menn þyrftu að ganga í næfurþunnum skóm í grjóti og yfir fjöll. Þá var fólk líka oft blautt í fætturna. Það reyndi að mýkja óþægindin og kuldann með því að setja leppa inn í skóna, jafnvel að þrjóna einhver tákni í leppana sem gætu verndað fólk frá illu.

Fólk bjó í torfkofum. Hér var ekki til timbur, eins og í mörgum öðrum löndum og fátt efni til að byggja úr nema torf og grjót. Kannski birkigreinar, hrís eða rekaviður, ef menn voru svo heppnir að búa þar sem timbur rak að landi eða skip strönduðu og efnið úr þeim mátti í þök, glugga og hurðir.

Já, fólkið átti ósköp bág, var fátækt og baslaðist áfram, hafði lítið að borða, gat ekki geymt mat, því engir ísskápar voru til. Þá fundu menn, að þegar búið var til skyr rann úr

mjólkinni mjólkursýra. Í henni mátti geyma mörg matvæli eins og slátur og kjöt. Það bjargaði þjóðinni frá hungurdauða.

Þá voru engar vatnsleiðslur, fólk þurfti að sækja vatn í brunna hvernig sem veður var. Inni var svo kalt á veturna að vatn fraus í þvottaskálum.

En svo fóru hlutirnir að breytast. Fólk fór að ganga í skóla og lærði margt. Rafmagn kom og húsin voru lýst upp og bæir urðu bjartir.

Allt í einu skildu menn fyrirbrigði náttúrunnar; lærðu um starfsemi líkamans. Þá hvarf ýmis hjátrú og hindurvitni, sem menn kalla hræðslu við drauga og útilegumenn. Menn fóru óhræddir á fjöll og sáu að með þekkingu mátti ráða fram úr vandamálum sem áður voru óskiljanleg og óleysandi.

En - alltaf er til hindurvitni og þurfa allar kynslóðir að varast þau.

Þinn elskandi afi.



Hér er amma í Nesi komin með kaffi í flekkinn. Með á myndinni eru Stebbi, Óli frændi og Unna uppeldisdóttir ömmu. Stebbi var mesti fjörmaður sem ég man eftir í æsku minni sem kom alltaf í heimsókn að Nesi þegar hann var í landi, en hann varð sjómaður uns hann festi ráð sitt og gerðist bóndi að Skyggni í Hrunamannahreppi. Ég hittí Stefán Guðmundsson (1904-84) einu sinni fyrir austan þar sem hann var við slátustörf.

KOT OG SOKKABÖND

Fyrir utan gluggann minn hamast smáfuglarnir í kuldanum við að kroppa korn og fitu sem ég festi á staura fyrir utan. Það er ágætt að nota afganginn af fitunni sem laufabrauðið er steikt í eða fitu sem rennur af kjöti sem verið er að steikja. Blanda svo í það korni og brauðmylsnu og hella í poka og láta storkna. Þá eru fuglarnir tilbúnir að gæða sér á því. Sumum fuglum finnst góð tólg. Öðrum þykir korn betra. Þannig geta þeir valið. Enda gengur hratt á föðrið.

Ég var að tala um fatnað við þig um daginn.

Í gamla daga voru engir krakkar í síðum buxum. Ég eignaðist ekki síðbuxur fyrr en ég var orðinn 11 ára gamall. Það voru buxur sem ég fékk frá Helga frænda og pössuðu þær mér nokkurn veginn, enda ég orðinn jafnhár og hann. Við strákarnir vorum annars alltaf í stuttbuxum og ullarsokkum sem haldið var uppi af sokkaböndum. Sokkaböndin voru fest í kot sem við vorum í utan yfir nærskyrtunni.

Undir buxunum vorum við í nærbuxum sem voru annaðhvort of stuttar, eða sokkarnir ekki nógu háir þannig að oft skein í ber lærin á milli. Þarna varð manni kalt, buxurnar nudduðust við lærin og kuldinn næddi um þau. Ég fékk afrifur og húðin varð rauð og sprungin og sár viðkomu.

Þessi fatnaður var ósköp óþægilegur og erftt að klæða sig í kotið, sem var með mörgum hnöppum og hneppt að aftan. Þá voru sokkaböndin með hnappagötum og fest á hnappa sem voru á sokkunum. Allt þetta þurfti að sauma heima.

Nú kem ég að því sem verst var.

Mömmu þótti þetta mjög asnalegur fatnaður. Hún hafði mikið að gera og datt í hug að gera þetta hentugt og létt, bæði fyrir sig og okkur Palla.

Hún tók til óspilltra málanna, hafði kotið með fáum hnöppum og lét þá vera að framan. Þá gátum við Palli farið sjálfir í það, en þurftum ekki að fá hjálp við að hneppa því á bakinu eins og allir aðrir strákar. Í sundi og leikfimi stóðu allir í röð og hnepptu hvor fyrir annan. Þó þetta væri hentugt var þetta asnalegt að sjá.

Þá kemur það sem verst var: Þetta voru sokkabönd, *eins og konur notuðu*, sem fest voru í kot og sokka án þess að nota hnappa – og sokkaböndin voru bleik!

Þetta var ljóta uppfinningin hjá henni. Það var svo sem allt í lagi að vera svona klæddur venjulega. En þegar átti að láta sjá sig svona í sundi, leikfimi og lækniisskoðun. Það var hræðilegt. Við skömmuðumst okkar mjög fyrir að vera öðruvísi en aðrir og kvörtuðum sáran við mömmu. En hún gaf sig ekki. Ekki man ég eftir að neinn hafi gert at í okkur út af þessum klæðnaði. En það var sama - okkur þótti þetta afleitt og forðuðumst að láta sjá okkur svona.

Þannig var á þessum tíma að engar úlpur voru til. Allir voru í lopapeysum eða jökkum. Ég var eitthvað 10 ára þegar ég eignaðist vindjakka, sem ég var alltaf í, þangað til hann var orðinn of lítill, þá fékk Palli hann.

Á höfðinu höfðum við flughúfu, skinnhúfu, sem fest var með ól undir kverkina. Ólin var sjaldnast fest í sylgjuna. Á höndunum vorum við með ullarvettlinga og leðurklossa á fótunum eða gúmmístígvel.

Þannig var nú þetta. Þar kom að ég eignaðist pokabuxur - sem náðu niður fyrir hné, með teygjubandi neðst. Það var mikill munur að vera ekki kalt á lærunum.

Þetta var nú það sem ég man helst af fatnaðinum. Ég hef alltaf átt erfitt með að ganga í ullarfötum, því mig klæjar undan þeim. Ég hef alltaf verið svona, en lét mig hafa það þegar ég var sjómaður. Þá var svo kalt að ekki var hægt að afbera kuldann nema klæðast í ullarnærföt. En þau voru líka úr bestu ull.

Þegar ég fór á sjóinn var ekki hægt að fá nógu stórar nærbuxur á mig nema í einni búð. Þar voru til nærföt sem Ólafur í Brautarholti hafði pantað en ekki sótt. Þau komu sér aldeilis vel. Nærbuxurnar voru nú ekki beint fallegar eftir það. Þær höfðu litast bláar af vinnubuxum og sá litur hefur haldist á þeim síðan, en þær eru vel geymdar uppi á háalofti til að þú getir notað þær ef þú ferð á fjöll eða sjó.

Ég notaði þau líka þegar ég var í jöklaferðum. Þeir gátu varla lifað af sem ekki voru í ullarnærfötum þar. Grímur Sveinsson póstur, sem var með í ferðunum, þoldi ekki ull, en var alveg að deyja úr kulda. Þegar ég fór til byggða fékk hann litarspilltu nærfötin lánuð hjá mér. Þá var þessari vísu snúið upp á mig:

Hann Eggert horaði auminginn
sem álpaðist í fyrsta sinn.
Sem álpaðist í fyrsta sinn,
Öræfa upp á jökul.
Í arfinn tók ég eftir hann:
Útmigna brók og regngallann.
Útmigna brók og regngallann
og skítugt skyrtutetur.

Annars á ég óskaplega margbreytilegt úrval af nærfötum. Öll voru þau keypt á ferðalögum í fjarlægum löndum þar sem ég af ýmsum ástæðum var að farast úr kulda.

Ég held því fram að mér hafi orðið kalt þegar ég var staddur að heiman og borðaði annars konar mat en venjulega. Þannig átt þú að geta valið úr margs konar síðum nærbuxum þegar þú verður stór og stundar kalda vinnu eða íþróttir.

Þinn elskandi afi.



Æðarfugl.

ÆÐUR

Bæði á Íslandi og í Noregi er fallegur fugl sem heitir æður eða æðarfugl. Kvenfuglinn er brúnyrjöttur á litinn, svipaður stökköndinni sem þú hefur áreiðanlega oft séð og nefnist kolla, æðarkolla. Hún er öll stærri og meiri um sig, rólynd og blíð á svipinn. Karlfuglinn er svartur og hvítur og kallast bliki. Æðarfugl syndir djúpt og kallast kafari, því fuglarnir kafa eftir fæðu. Er gaman að fylgjast með þegar ungarnir kafa óhræddir stuttu eftir að þeir koma úr egginu. Stökkendurnar eru öðru vísi, mjóslegnari og kvikar. Þær eiga erfitt með að kafa og eru kallaðar hálfkafarar. Þær stinga höfðinu niður í vatnið og er spaugilegt að sjá þær með stélið beint upp í loftið, buslandi með fótunum.

Endurnar segja *bra-bra* en æðurinn úar segir: *ú - ú - ú*. Það er líka annar munur á öndunum og æðrunum. Æðarfuglarnir eru hændir að fólki sem þeir hafa tækifæri til að kynnst. Þeim líður vel þar sem vinir eru nærri og verpa gjarna nálægt sveitabæjum, þar sem fólk fer um og merki er um fólk. Þær þola þó ekki margmenni og verður að fara rólega um varpið til að ekki komi styggð að þeim.

Því segi ég þér frá þessu að þegar ég var í Nesi, sem lítill drengur, þá verptu margar kollur úti í Suðurnesi. Því er nú lokið þar sem þar er nú golfvöllur og enginn friður fyrir fólki sem er þar með hávaða og læti og enginn sem hlynnir að varpinu. Amma í Nesi hvatti mjög til þess að hlúð væri að æðarvarpinu því hún notfærði sér dúninn. Hún bjó til dúnsængur, sem hún gaf barnabörnunum sínum.

Þótt æðrunum þyki vænt um fólk, þarf samt að gæta þess að ekki fari margir um æðarvarpið, og alls ekki aðrir en þeir sem æðurinn þekkir og treystir. Þess vegna þurfti að passa vel upp á varpið, svo enginn ókunnugur færi þar um.

Ég sagði þér að æðurinn sækist eftir að vera þar sem fólk er. Þannig þurfti ekki annað en að reisa stein upp á rönd, eða setja tvo steina saman þannig að skjól væri á milli þeirra. Þá var segin saga að kolla kæmi. Kannski líka þar sem var brotinn kassi eða járnplata. Þá kom kollan og gerði sér hreiður. Til þess notaði kollan dún sem hún reitti af brjóstinu á sér og bjó vel um. Svo verpti hún í dúninn miðjan. Sat hún svo sem fastast á eggjunum og hélt þeim þannig heitum. Ef hún þurfti að bregða sér frá til að drekka eða éta eitthvað þá breiddi hún dúninn vel yfir eggin svo þau kólnuðu ekki eða ránfuglar sæju þau og stælu.

Verst var ef einhver hræddi kolluna þannig að hún flygi langt frá hreiðrinu og þyrði ekki að koma strax aftur. Allra verst var ef kalt var og rigning. Eggin þurfa nefnilega að haldast heit þannig að ungarnir geti vaxið í egginu og orðið svo hraustir að þeir geti höggvið gat á skurninn og komist út. Ef eggid kólnaði dóu ungarnir í eggjunum og kollan lá á þeim þar til hún gafst upp og fór.

Þegar við Óli frændi gengum um varpið til að fylgjast með því var allt rólegt þar. Við urðum náttúrlega að tala lágt saman. Þegar kolla hafði nýorpið var óhætt að taka eitt til tvö egg með sér heim og hafa í kvöldmatinn, því kollan verpti þá fleiri eggjum í

hreiðrið. Svo fórum við smám saman að taka dálítinn dún úr hreiðrinu. Kollan tók líka eftir því og reitti meiri dún af sér. Þannig fékkst enn meiri dúnn.

Kollurnar voru ósköp rólegar á hreiðrunum, þannig að við Óli gátum komið alveg að þeim, klappað þeim og talað til þeirra. Einnig gátum við farið með höndina undir þær og athugað hvað egginn væru mörg. Ef kollan fór af hreiðri var það sjaldnast nema stutt. Fylgdist hún þá vel með okkur. Aldrei mátti taka mikið frá henni.

Það var sérstaklega mikilvægt að fylgjast með varpinu þegar kollurnar voru búnar að liggja lengi á og voru að fara með ungana út á sjó. Þá varð að taka dúnninn strax úr hreiðrinu. Ef blotnaði var hætta á að dúnninn skemmdist og yrði ónothæfur.

Það var gaman að liggja úti í móa hjá kollunum, klappa þeim og gæla við þær. Stundum kroppuðu þær í hendina sem kom til að fara undir þær í hreiðrið. Er kollan verpti lá blikinn hjá hreiðrinu. Smám saman fór hann að færa sig út á sjó og fylgdist með kollunni þaðan. Þegar ungarnir komu í halarófu niður að sjónum tók hann á móti þeim og fylgdist með hópnum í nokkra daga. Eftir það fóru blikarnir út á haf.

Já, þetta var skemmtilegur tími. Ég er feginn að hafa fengið að vera með í varpgæslunni. En svo kom stríðið og margir hermenn voru á ferð. Þeir gengu með sjónum og fundu egg sem þeir stálu frá kollunum. Þeir vissu ekki að egginn voru stropuð, ungi vaxinn í egginu, og það ónýtt til matar. Okkur þótti hræðilegt að fréttu af því að vaskarnir í bröggunum væru stíflaðir af ungum.

Það var á þessum tíma sem dró úr varpinu. Þegar Óli frændi flutti burt féll það niður að hugsað væri um varpið. Eftir það hættu kollurnar að verpa og fluttu sig burtu. Hafa varla sést síðan í Suðurnesi. Kríurnar gáfust ekki upp.

Þinn elskandi afi.



Kristín amma mín Ólafsdóttir í Nesi.

MJÖÐMIN

Þegar þú kemur til Íslands í sumar þá þarf ég að sýna þér myndir sem ég var að skoða mér til skemmtunar um daginn. Þær voru frá fimm ára afmælinu mínu sem var haldið í Litlabæ, þar sem við bjuggum á sumrin. Á myndunum var ég með staf og hækju, og niður undan hægri stuttbuxnaskálminni skein í hvíta rönd sem var gifs, sem ég var með á mjöðminni. Þannig var að þegar ég var fjögurra ára veiktist ég í fæti. Vissi enginn hvað að mér gekk. Ég var þreyttur, gat ekki gengið mikið og grét. En ég var svo lítill að ég gat ekki áttað mig á hvar mér væri illt. Ég benti á magann svo allir héldu að þar væri eitthvað að. Það var alltaf verið að fara með mig til lækna en enginn gat séð hvað að mér gengi.

Þá heyrði Helgi Tómasson, frændi minn sem var læknir, um málið og fór að rannsaka það. Eftir langa mæðu skildist honum að það sem að mér gengi væri veiki í mjöðm. Þá var ekki vitað að neinn Íslendingur hefði fengið þennan sjúkdóm. Og menn töldu að best væri að ég væri settur í gifs og látinn liggja á spítala. Það er gert þannig að bindi bleytt í gifsi er vafið um fótinn og sjúklingurinn látinn liggja kyrr meðan umbúðirnar harðna. Ekki vildi mamma láta mig fara á spítala til dvalar. Hún sagði að frekar skyldu þau breyta heimilinu í sjúkrastofnun og hún tæki umönnun mína að sér. Hún sat fast við sinn keip og fékk vilja sínum framgengt.

Þannig var ég settur í gifs og látinn liggja í rúminu eitthvað hálf ár, eftir því sem mér var sagt. Ég man ósköp lítið eftir þessu, nema þegar gott var veður og krakkarnir voru að leika sér í garðinum. Þá var ég látinn liggja uppi á borðstofuborðinu, þar sem ég gat horft út. Það þótti krökkunum gaman, voru með skrípalæti og að sýna mér leikrit fyrir framan stofugluggann, þar sem ég lá fyrir innan og fylgdist með þeim.

Ég fékk mikið af heimsóknum frá ömmu í Tjarnargötu sem sat hjá mér og las fyrir mig og sagði mér sögur, sem hún kunni margar. Einu atriði man ég eftir þegar hún var hjá mér og ég uppi á borðinu sem oftár.

Það var einn dag að lögreglumaður gekk eftir götunni. Ég varð dauðhræddur, hélt niðri í mér andanum til þess að vekja ekki athygli hans á mér. Einhvern veginn hélt ég að hann væri þangað kominn til þess eins að taka mig fastan.

Ég óx hratt og því þurfti alltaf að vera að skipta um gifs á mér á Landakotsspítalanum. Gifsið náði alveg frá ofanverðri hægri mjöðm og fram á tær. Það sást aðeins í tærnar og hægt að klippa neglurnar. Það var heldur óþægilegt að láta taka gifsið af. Það var gert með stórum klippum. Þegar gifsið var farið sást hreistraður fóturinn fögur og mjór.

Smám saman var hægt að minnka gifsið og mér leyft að ganga, ef ég notaði staf og hækju. Með þetta skakklappaðist ég um, ósköp leiður á köflum og þreyttur ef ég þurfti að fara langt. Þá var gamall barnavagn tekinn í notkun og fótagaflinn sagaður úr honum, svo fæturnir gætu verið beinir. Þannig var ekið með mig um Nesið. Á myndinni sem ég sagði þér frá skín í gifsið undir stuttbuxnaskálminni. Smám saman varð ég duglegri að ganga og hlaupa. Svo þegar ég var farinn að lemja krakkana með stafnum,

og var að auki alltaf að gleyma hækjunni og týna stafnum, þá var talið að ég gæti hætt að vera í gífsi. Loks var ég talinn alheilbrigður og gífsið tekið af. Það var aldeilis gott, því mig klæjaði undan því. Skinnið er alltaf að endurnýjast og vaxa en undir gífsinu dettur það ekki af. Því myndaði það eins og hreistur á fiski, sem datt hægt af. Það var ósköp óþægilegt meðan það gerðist.

Seinna kom í ljós að fleiri höfðu þennan sjúkdóm í mjöðm. Var þá hætt að nota gífs en fæturnir settir í einhvers konar spelkur, þar sem fóturinn gat hangið, þannig að ekki var hægt að stíga í hann og reyna á hann.

En meðferðin sem ég fékk var góð. Hinir krakkarnir sem ég vissi um að væru með þennan sjúkdóm urðu hölt, en það varð ég ekki og ekki Siggi Sveins. Hann varð handboltahetja. Hann gekk lengi með hækjur og spelkur og varð þá svo sterkur í handleggjunum að hann skoraði fleiri mörk en nokkur annar, sterkasti handboltamaður á öllu Íslandi.

Eftir þetta var ég í stöðugum rannsóknum og röntgenmyndatökum. Var sérstaklega gaman að fara í rannsóknirnar á Landspítalanum þar sem Gunnlaugur Claessen, frændi okkar, var læknir. Ég hef aldrei þekkt glæstari og tiginmannlegri mann. Og góður var hann eins og allir á röntgendeildinni. Þetta var sagan um mjöðmina.

Þinn elskandi afi.

SKÍÐAFERÐ

Gaman var að heyra um að þú hefðir verið í skíðaskóla. Mikið hefði mig langað til að læra á skíðum.

Ég eignaðist skíði úr tré þegar ég var lítill. Þau voru með leðurbindingum. Var ætlast til að notaðir væru skíðaskór með skoru á hælum sem bindingarnar féllu í. En því miður eignaðist ég aldrei slíka skó, notaði bara venjulega klossa eða gúmmístígvél. Var ég því alltaf í vandræðum með að renna mér á skíðunum. Ég átti heldur ekki áburð til að bera á skíðin. Festist snjórinn í þykku lagi neðan á skíðin, þannig að ef ég átti að komast áfram varð ég að lyfta þeim og ganga með hnjálýftum. Ég varð náttúrlega þreyttur á þessu og þurfti alltaf að vera að taka af mér skíðin og hreinsa undan þeim, setja þau á mig og festast aftur í snjónum. Skíðaferðirnar urðu því ekki margar.

Hlýtur að hafa verið skrítið að sjá mig á skíðunum. Sjálfsagt hef ég verið í frakka, á stuttbuxum, þykkum ullarsokkum, með flughúfu á höfðinu og undarlega uppreimaða skó á fótunum. Og ullarvettlinga á höndunum.

En svona var þetta að vera alinn upp á heimili þar sem engir karlmenn voru. Það var engrar hjálpar að vænta frá konunum á heimilinu. Þær fóru varla nokkru sinni út, fannst mér, voru alltaf að vinna. Þær stunduðu örugglega ekki neinar íþróttir. Og ekki stundaði frændfólkið heldur íþróttir. Af og frá. En þetta var allt í ágætu lagi. Allir voru góðir og sérstaklega skemmtilegir, miklu skemmtilegri en annað fólk sem ég þekkti.

Einu sinni fór bekkurinn minn í barnaskóla á skíði á Kolviðarhóli. En enginn var með sem kunni á skíðum. Mörg okkar áttu engin skíði. Ég setti þau samt á mig, festist og fór inn í húsið, borðaði nestið og fór svo með krökkunum heim. Enda var kennslukonan mín ekki líkleg til að geta leiðbeint okkur á skíðum.

Einu sinni var kvöldnámskeið í skíðagöngu í Hljómskálagarðinum. Ég fór þangað, en lærði ekkert nema hvernig átti að halda á skíðastöfum. Enda var sama baslið á mér eftir það.

Seinna, þegar ég var orðinn fullorðinn, fór ég í jöklaferðir og átti þá ágæt skíði með stálköntum og sérstökum skóm. Skíðin voru notuð þannig að við hégum í bandi aftan í snjóbíl og létum hann draga okkur. Það var mjög skemmtilegt, minnti á sjóskíðaferðir. Bíllinn, sem hét Gusi, ók hratt og svo beygði maður og tók glæsilegar sveigjur. Ef bandið var styttra en hjá hinum beygði ég mig undir hin böndin til að geta sveigt frá hægri til vinstri.


Einu sinni var farið niður í Grímsvötn. Ég renndi mér á miklum hraða niður brekkuna, en áttaði mig ekki á því fyrr en um seinan að ég kunni ekki að beygja og fór þannig hratt og stefndi beint á fólkið sem farið hafði á undan mér. Áður en til þess kom að ég rækist á fólkið datt ég og snarsnerist með skíðin á fótunum. Ég meiddi mig á hnéi, ekki alvarlega, en hef oft verið hissa á að ég skyldi ekki fótbrjóta mig, því á skíðunum voru

engar öryggisbindingar. Það hefði verið ískyggilegt, því við vorum langt frá byggðum og engar fjallabjörgunarsveitir.

Mér batnaði fljótt í hnénu, en átti í erfiðleikum með að ganga í djúpum snjó þegar skarinn brotnaði og ég var að reyna að komast upp á hann. Hann var ekki mannheldur. Það kallast *brotaskari*.

Þannig var nú þetta með skíðaferðirnar hans afa þíns. Ekki voru þær beint merkilegar, en nú má hver sem vill hlæja að þeim, þótt mér þætti það ekki hlægilegt þá.

Þinn elskandi afi.



Svona leit nú skíðasleðinn minn út.

SKÍÐASLEÐINN

Þegar ég var lítill átti ég skíðasleða. Þetta var finn og fallegur sleði. Einn gat setið á sætinu en hinn stóð á öðrum fæti á járnskíðum, sem stóðu aftur af, og ýtti eða sparkaði sleðanum áfram með hinum fætinum og stýrði honum með handföngum sem voru á bakinu á sætinu. Sleðanum var stýrt með því að taka fast í handföngin og sveigja skíðin sem náðu alveg frá fótstiginu fyrir farþegann fremst og langt aftur fyrir ökumanninn. Sleðann var hægt að leggja saman og geyma í kjallaranum yfir sumarið.

Ég man aldrei eftir þjófum í Reykjavík, sem stælu sleðum og hjólum. Þess vegna stóðu þessir hlutir oft fyrir aftan hús án þess að þyrfti að læsa þeim. Sleðinn var vel merktur. Óli frændi hafði brennimerkt kjálkann undir sætinu og þar stóð hvorki meira né minna en: EGGERT ÓLAFUR ÁSGEIRSSON. Það hefur verið mikil fyrirhöfn að brennimerkja svona langt nafn.

Vetrarmorgun einn þegar ég kom út á skúrtröppurnar fyrir aftan húsið varð mér ekki um sel. Sleðinn var horfinn. Ég leitaði hans alls staðar, inni í kjallara og allt um kring og í görðum í hverfinu. Ég spurðist fyrir um hann. En sleðinn fannst ekki og ég átti engan sleða framar.


Næsta vetur var ég sem oftast að leika mér á Tjörninni. Einu sinni hitti ég þar strák sem átti ósköp fallegan sleða. Við fórum að tala saman og hann bauð mér þá að sitja á sleðanum sem hann svo ýtti á ógnar hraða, því þetta var stór og sterkur strákur.

Þegar ferðin var búin stóð ég upp. Verður mér þá litið á kjálkann hægra megin á sleðanum. Stendur þá ekki brennimerkt nafnið mitt þar. Ég hrópaði upp yfir mig og sagði að þetta væri minn sleði. Margir krakkar voru allt í kring. Suma þekkti ég. Enginn hlustaði á mig eða kom mér til hjálpar. Stóri strákurinn flýtti sér burt og ég sá hann hverfa inn í hópinn sem var á skautum hjá Miðbæjarskólanum. Aldrei gleymi ég flóttasvipnum á honum þegar hann flýtti sér burt og skimaði aftur fyrir sig til að gá hvort honum væri veitt afturför. Ég sá sleðann aldrei framar. En ég sá strákinn nokkrum sinnum, en vissi ekki hvar hann átti heima.

Þannig fór um sleðaeign mína. Eftir þetta átti ég aldrei neinn sleða, þurfti að sníkja mér far, eða fá sleða lánaðan hjá vinum mínum.

Þessi sleðaeign snerist upp leiðindasögu sem ómögulegt er að gleyma.

Þinn elskandi afi.



Ein margra fjölskyldu og vinahátíða í Tjarnargötu 24. Þessi var haldin vegna þess að Helgi frændi var á landinu. Fremst: Bergljót Línadal, Steinunn og Ragheiður Briem.

Sitjandi: Friede Breim, Þórhildur systir hennar Línadal, Helgi, Álfheiður, Kristinn og Þórdís Briem.

Aftast: Theodór Línadal, Páll bróðir, Sigríður Skúladóttir Briem, ég, séra Páll Þorleifsson og Elísabet Arnórsdóttir á Skinnastað, Páll Línadal, Óli Vestmann Einarsson og Jóna kona hans, Álfheiður og Sigurður Línadal.

HJÁTRÚ - GARNAFLÆKJA

Þá er enn kominn laugardagur og mál til komið að fara í bað. Flestir fara í bað á hverjum degi eða svo núna. En þannig var það ekki í eldgamla daga. Já, skrítið er það. Laugardagur heitir þessu nafni af því að fólk fór gjarna í bað á þessum degi. Er þetta ekki einfalt og skiljanlegt?

Í raun og veru var þetta alls ekki þannig í sveitinni. Fólk fór mjög sjaldan í bað, húsin voru köld, jafnvel nálægt frostmarki á vetrum. Þau voru illa eða ekkert einangruð eins og nú til að verjast kulda.

Erfitt var að sækja baðvatn og mikil fyrirhöfn að hita það. Því fór fólk ekki í bað langtímum saman, sumir varla nokkurn tímann. Sumir héldu jafnvel að það gæti verið óholtt að þvo sér mikið. Til að vernda sig var það víða venjan að signa sig eða börn þegar þau voru klædd í hreina skyrtu. Að signa sig var að gera krossmark á brjóst og biðja Jesús um að hlífa sér fyrir slysum, sjúkdómum og öðru illu.

Fólk vissi ekki neitt um hvað orsakaði sjúkdóma, það þekkti ekki sóttkveikjur - hélt að sjúkdómarnir væru eitthvað sem jafnvel væri orsakað af vondri hegðun, að menn væru ekki verndaðir af forsjóninni. Það mátti því ekkert gera sem væri henni á móti skapi.

Okkur krökkunum þótti gaman að velta okkur niður brekkur. Við lögðumst þvert á brekkuna, létum handleggina vera niður með síðunum, eða yfir höfðinu. Svo létum við okkur velta.

Ef einhver fullorðinn sá til, bannaði hann okkur þetta og sagði að við myndum fá garnaflækju. Við héldum því að garnaflækja væri mjög hættuleg og vorum hrædd við þetta. En þegar við stækkuðum sáum við að svo gæti ekki verið. Það hlyti að vera óhætt, því svo margir höfðu velt sér niður brekkur, en enginn fengið garnaflækju. Það var líka sagt við okkur að það væri hættulegt að fara á hjóli eða bíl yfir holóttan veg. Innyflin gætu losnað.

Svo þegar við fórum í skóla sáum við myndir af görnunum í maganum og að þær væru vel fastar á sínum stað og engin hætta með að þær losnuðu. Enginn sagði heldur að það væri hættulegt að ríða á höstum hesti. Seinna kom í ljós að það var holtt að velta sér og ríða höstum hesti.

Annað mátti alls ekki gera. Það var að benda á skip á sjó. Það var sagt að ef maður benti á skipið myndi það sökkva. Já - þvílíkt og annað eins! Fólk var alltaf að benda á skip: Sjáðu þarna er skip úti við sjóndeildarhringinn! Nei ekki þarna - já þarna. Og svo var bent og bent. En mjög fá skip sukkku - eiginlega bara í vondu veðri. Við komust því að raun um að þetta var hjátrú sem enginn átti að skeyta um. En samt er það svo að enn í dag - þótt ég trúi alls ekki á þetta - bendi ég aldrei á skip!

Svona er hjátrúin. Sumt sem sagt var í gamla daga reyndist vera vitleysa og hjátrú. En alltaf er eitthvað eftir í huganum sem hvíslar að það gæti verið satt. T.d. segja mjög fáir: „Ég verð aldrei veikur“ eða „enginn í fjölskyldunni minni deyr vegna hjartasjúkdóma“.

Þannig má lengi telja. Innst inni veit maður að heilsan getur breyst. En að það valdi heilsutjóni ef það er sagt. Það er hjátrú.

Er ég þá hjátrúarfullur? Nei - og þó! Ég vil ekki storka forsóninni og læt þetta því ósagt eða banka í tré í von um að ekkert gerist. Og það er líka hjátrú. Þannig er ég svolítið hjátrúarfullur - þó ég vilji ekki vera það.

Þetta er erfitt að skilja - kannski skilur þú þetta ekki núna. Þá skaltu geyma þetta bréf og lesa það eftir nokkur ár - þá kannski skilur þú þetta - ef þetta er ekki bara bölvuð vitleysa í afa.

Þinn elskandi afi.



Hér eru þeir Bragi Sigurðsson, Óli frændi og Varði í Litlabæ við hjallinn.

HJALLURINN - ÞEGAR ÉG LOKAÐIST INNI

Einhvern tímann sagði ég þér frá hjallinum í Nesi. Hjallur er einkennilegt hús. Í staðinn fyrir veggi eru trérimlar, skaraðir þannig að sést niður á milli þeirra þegar maður er inni, en upp á milli þeirra þegar maður er úti. Þeir eru eins og óbreytanleg rimlagluggatjöld. Þetta er gert til þess að góð loftræsting sé í hjallinum, það blási vel um hann án þess að rigni inn.

Hjallurinn stóð fyrir vestan hlöðuna í skoti sem myndaðist við súrheysgryfjuna móti vestri.

Í hjallinum var mjög einkennileg lykt- en samt góð - af salti, tjöru, harðfiski, veiðarfærum, öllu sem var í honum. Í hjallinum var stór saltkjötstunna. Í sláturtíðinni var kjöt sett í hana í sterkan saltþækil. Þannig var hægt að geyma kjötið allan veturinn og fram á vor. Eins var með sýrutunnuna. Í henni var slátrið geymt í mjólkursýru. Hjá okkur var bara blóðmör og lifrarpýlsa í súr og geymdist lengi eins og saltkjötið. Í þessa tunnur fór Guðrún, sem vann í eldhúsinu. Hún var alltaf heit og sveitt í ermalausum kjól og átti því auðvelt með að fara í tunnurnar, þurfti ekki að bretta upp ermina þegar hún stakk handleggnum á kaf í tunnuna og þreifði eftir saltkjötsbitum og sláturkeppum.

Í loftinu hékk siginn fiskur og harðfiskur. Signi fiskurinn var einkum smáfiskur, „bútungur“ sem veiddist í Þaranum, rétt fyrir norðan Nesið. Hann var hengdur upp og þornaði og var gripið til hans þegar ekkert annað var í matinn. Mörgum þótti siginn fiskur góður. Hann var stundum harður og holdið dökkt. Það sem mér þótti verst var hvað erfitt var að finna beinin í honum, en mér var, þegar ég var lítill, illa við fiskbein. Ef ég fann bein upp í mér klíjaði mig, reyndi að finna það, vöðlaði fiskinum uppi í mér þangað til hann var orðinn eins og hnútur. Ég stóð upp frá borðinu, þóttist eiga erindi fram og gaf bitann hundunum. Seinna lærði ég að finna þau, og vissi hvar þau áttu að vera í fiskinum og gat tekið þau úr.

Harðfiskurinn var aldeilis harður. Ég var stundum sendur eftir harðfiski og þurfti þá líka að berja hann í smiðjunni. Þar var ágæt sleggja sem átti að berja fiskinn með á stórum steini. Þetta var erfitt verk því ég var ekki nógu sterkur til að geta barið harðfiskinn vel og lengi. Samt tókst það með tímanum svo að hægt var að ná honum sundur og tyggja. Það besta við að berja harðfiskinn var að úr honum molnuðu flísar. Mylsna af harðfiski er það besta sem hægt er að fá. Þegar ég var búinn að berja fiskinn, sópaði ég mylsnunni upp og borðaði. Hún var sæt og mjúk undir tönn. Þannig fæ ég enn vatn í munninn þegar ég hugsa um þetta.

Þarna voru líka þorskhausar. Þeir voru albestir á bragðið. Gallinn var bara sá að ég kunni ekki að rífa þá sundur. Mjög fáir kunnu það. Ég taldist stálheppinn ef ég fékk einhvern til að rífa þorskhaus fyrir mig. Þetta er sá matur sem í minningunni er allra bestur en sem ég hef aldrei fengið síðan.

Í hjallinum héngu á veggjunum veiðarfæri og upp undir lofti voru árarnar af bátunum. Þar voru einnig ræðin, sem árarnar eru skorðaðar í þegar róid er. Ræðin voru sett í göt á borðstokknum og varð að gæta sín að þau losnuðu ekki eða maður missti þau í sjóinn, því þá var ekki hægt að róa. Annar báturinn okkar var með fasta titti upp úr borðstokknum þar sem árarnar voru skorðaðar á milli og engin hætta á að losnuðu.

Svo voru þarna regnföt, svartar olúkápur, sem við höfðum með okkur á sjóinn eða þegar rigning var. Í hjallinum var líka stór tréstockur sem kjöt var höggvið í sundur á og upp á vegg hékk kjötöxi.

Í hjallinum voru líka geymd hjól á sumrin. Á veturna voru þau hengd upp í skemmunni, því þá fór enginn á hjóli. Allt var þetta ævintýrlegt og skemmtilegt að skoða. Nema einu sinni. Þá var ég lítill, kannski sjö ára. Hjallurinn stóð opinn. Ég sá að köttur fór inn og elti hann. Til að hann slyppi ekki út lokaði ég á eftir mér. Kötturinn var ósköp góður og ég lék mér við hann góða stund. En þegar ég ætlaði út aftur gat ég ekki opnað hurðargrindina. Ekki man ég hvað olli því. Kannski hefur hespan farið fyrir. Nú varð ég aldeilis hræddur. Ég fór að hugsa hvort ég myndi nokkurn tímann finnast. Ég hamaðist á hurðinni. En ekkert gekk. Þá fór ég að kalla á hjálp - en enginn heyrði í mér. Kannski voru allir inni að drekka kaffi. Kannski var sunnudagur og margir burtu.

Nú varð ég alvarlega hræddur og fór að skæla. Og ég skældi - og skældi. Ekki þýddi það. Enginn heyrði. Þegar maður er búinn að gráta lengi sér maður að það þýðir ekkert og ekkert annað gerlegt en að hætta. Ég fór bara að bíða og kíkja út um gat á hjallinum þar til ég sá að einhver kom. Þá gat ég kallað og mér og kisu var bjargað. Reyndar var kisu alveg sama.

Voru þá allir fegnir að sjá mig? Ekki man ég eftir því. Ætli menn hafi ekki heldur sagt: Hvað varstu eiginlega að flækjast inni í hjallinum. Óli frændi hefur áreiðanlega sagt að svona væri með þessa stráka, þeir væru alltaf að rónapískast eitthvað.

Þannig eru nú minningarnar um hjallinn - bæði góðar og ekki góðar.

Þinn elskandi afi.

BYSSUSTRÍÐ

Þegar ég var í Nesi var alltaf mikið verið með byssur. Óli frændi skaut skarf og svartbak sem mörgum þótti góður matur. Var mikil hátíð í Tjarnargötu þegar hann kom með veiðina og gaf okkur.

Til veiðanna hafði hann haglabyssu, sem er með skotum sem í eru margar litlar kúlur, sem dreifast og hægt er að skjóta marga fugla í einu skoti, ef maður er góður og heppinn skotmaður. Haglabyssan var þung og hristist þegar skotið var. Sagt var að byssan slægi. Ekki leist mér á þetta og snerti aldrei slíka byssu fyrr en ég var fullorðinn.

Á heimilinu var líka til kindabyssa. Óli geymdi hana í skúffunni á litla skrifborðinu sínu ásamt skotunum. Var mjög gaman að skoða hana, draga hana upp og skjóta – án þess að skot væri í henni – þó mér væri harðbannað það og sagt að það eyðilegði byssu að skjót úr henni tómri. Kindabyssan var notuð þegar slátra þurfti kindum, kúm eða hestum.

Svo var til riffill, sem Alfreð vinnumaður átti. Riffillinn var lítill, með litlum skotum og dró stutt. Riffillinn var geymdur inni í klæðaskáp og freistandi að koma við hann, sérstaklega að bera hann á öxlinni að hermanni, en á þeim árum voru hermenn úti um allt að æfa sig í að ganga, hlaupa og heilsa með byssunum sínum.

Þennan riffil fengu Bollagarðastrákarnir, frændur mínir, lánaðan til að æfa sig með. Ég fékk að vera með. Við stilltum upp flöskum, spýtum og blikkdósum. Svo skutum við til skiptis í mark. Stundum fórum við í leiðangra og skutum á hitt og þetta, útileguketti og rottur. Á þessum tíma kom ég heim með alla mögulega fugla sem við skutum. Voru þeir soðnir og voru herramannsmatur þótt ekki væru þeir stórir. Ég man sérstaklega eftir hvað tjaldur var góður. Við fórum ósköp varlega með þetta hættulega vopn, sem nú er alveg bannað að láta börn og unglinga handleika.

Þegar þetta var hef ég verið tólf ára. Styrjöld var í heiminum og mikið af breskum hermönnum á landinu. Þeir bjuggu í braggahverfum víða um nesið og höfðu reist vígi um allt, sérstaklega við ströndina. Þeir voru með fallbyssur, sem ég hef sagt þér frá, á Valhúsaheð. Svo voru sterkir ljóskastarar á tveim stöðum og stendur húsið af öðrum enn uppi. Með þeim var lýst út á sjó til að fylgjast með óvinaskipum, sérstaklega kafbátum. Menn voru hræddir um að innrás yrði gerð. Eitt vígið var beint fyrir neðan Litlabæ.

Dag einn vorum við í sakleysi okkar að æfa að skjóta í allar áttir, á kork hér, glerbrot eða spýtu þar. Að þessu vorum við á Grandanum dágóða stund. Allt í einu gerðist nokkuð sem gerði okkur alvarlega hrædda. Hópur hermanna kom hlaupandi til okkar og okkur varð ljóst að við hefðum verið að gera nokkuð sem við máttum alls ekki. Kannski gerst sekir um stríðsglæp? Við vorum að skjóta, þótt ungir værum. Annað var verra! Við höfðum verið að skjóta í áttina að hervígi. Við höfðum engan séð, því hermennirnir voru á vakt inni í víginu. Okkur datt ekki í hug að við værum að gera neitt alvarlegt. Það

rann fyrst upp fyrir okkur þarna. Hermennirnir voru sennilega ekki beint hrifnir af því í heimsstyrjöld að verið væri að skjóta á þá.

Það voru heldur lúpulegir og ekki upplitsdjarfir drengir sem stóðu þarna í hnapp þegar hermennirnir komu. Ekki held ég að neinn okkar hafi farið að gráta. Kannski hefur einhver okkar titrað dálítið á beinum eða kannski pissað í buxurnar af hræðslu. Enginn okkar kunni neitt í ensku og enginn hermannanna skildi íslensku. En ég held ekki að nein orð hafi verið nauðsynleg og allir hafi skilið alla. Eftir að hermennirnir höfðu talað svolítið sín á milli sneru þeir sér að okkur grimmir á svip og skömmuðu okkur duglega á þessu máli sem við skildum ekki en skildum þó! Svo sneru þeir við og fóru. Þeir tóku ekki af okkur byssuna og skrifuðu okkur ekki upp.

Við vorum sannarlega fegnir þegar við vorum sloppnir úr þessum vanda og snautuðum aumingjalegir heim. Ég held ekki að neinn okkar hafi sagt frá atvikinu, því þá hefði áreiðanlega verið tekið alvarlega í lurginn á okkur. Við lærðum okkar lexíu og lékum okkur aldrei að byssu aftur og höfum áreiðanlega allir farið varlega með vopn síðan. Viljum áreiðanlega ekki blanda okkur aftur í heimsstyrjöld.

Óskar, sem var í sveitinn með mér í Nesi, fékk mikið og fínt vasaljós í afmælisgjöf. Var gaman að nota það þegar skyggði. Þetta vasaljós var stærra og gaf sterkari birtu en öll vasaljós sem við höfðum áður séð. Þar að auki var hægt að morsa með því. Á því var takki sem hægt var að blikka ljósinu með. Við fórum með vasaljósið út og morsuðum í allar áttir þótt við kynnum það ekki. Mors er hljóð eða ljósmerkjamál og hægt að nota það til að koma boðum á milli t.d. skipa úti á hafi eða sem loftskeyti.

Einnig lýstum við upp næstu bæi til að kanna hvað það drægi langt. T.d. var vel hægt að sjá ljós í Nýjabæ þótt þangað væru kannski meira en 100 metrar. Vorum við mjög ánægðir með þessar tilraunir.

Næsta dag komu hermenn og voru að spyrjast fyrir um hvort einhver hefði verið að gefa ljósmerki eða hvort einhver ætti sterk vasaljós. Ég held að ekkert hafi orðið úr málinu þar sem enginn viðurkenndi neitt, enda dauðhræddir um að vasaljósið yrði tekið af Óskari.

Þinn elskandi afi.

GUNNA FEITA

Ég gekk í Miðbæjarskólann, sem stendur við Tjörnina, einmitt þar sem öndunum er gefið brauð, á móti Tjarnargötu 24.

Ég á mynd af bekknum, sennilega þegar við vorum 11 ára. Reyndar er ég ekki með á myndinni, því mamma vildi ekki gefa mér tvær krónur, sem kostaði að vera með á myndinni. Seinna vildi mamma ekki trúa að hún hefði gert það. Ég þykist vita hvers vegna það var.

Ég hef sagt þér að ég sagði stundum ósatt þegar ég var lítill, en aldrei nú! Sennilega hefur hún ekki alveg trúað því þegar ég bað um þessa peninga, haldið að ég ætlaði að gera eitthvað annað við peningana. Guðrún kennslukonan fór næstum því að gráta þegar hún sá að ég (uppáhaldið hennar?) var ekki með á myndinni og sagði að hún hefði glöð gefið mér tvær krónur sjálf, sem það kostaði.

Af því að ég er ekki á myndinni get ég sagt að bekkjarsystkinin eru hlægileg þar. Allir stákarnir eru í jakkafötum, með hálsbindi. Stelpurnar í fínnum kjólum. Kannski hafa allir farið í sparifötin vegna myndatökunnar. Myndin var tekin hjá Ólafi Magnússyni konunglegum hirðljósmyndara eða „*kongelig hoff*“ eins og hann var nefndur. Hann var föðurbróðir Guðrúnar Tryggvadóttur tannlæknis, bekkjarsystur minnar alla tíð.

Ég man nú ekkert sérstaklega mikið eftir skólanum enda lærði ég lítið þar. Kennslukonan hét Guðrún og var Guðmundsdóttir. Hún var mjög feit, gat eiginlega ekki vel gengið, átti heima á Lokastíg og átti mann og þrjá stráka sem urðu hinir myndarlegustu menn. Yngsta strákinn vildi Guðrún ekki láta klippa og var hann með passíuhár eins og stelpa.

Mér þótti Guðrún hræðilega gömul, en hún var 43ja ára þegar ég byrjaði í skólanum hjá henni. Hún hafði verið í Þýskalandi þegar hún var yngri, kunni þýsku, var óskaplega hrifin af landinu. Þess vegna var hún kölluð *Gunna þýska*. En sumir kölluðu hana *Gunnu feitu*. Þetta var ekki fallega gert af neinum því engan má uppnefna. En krakkar eru ekki alltaf góðhjartaðir þegar þeir eru í hóp, eða eins og Flosi Ólafsson leikari, sem hafði af því atvinnu að segja spaugsögur, meðal annars af henni.

Ég var mjög hávaxinn og sumir krakkarnir uppnefndu mig stundum. En mér var alveg sama, fann ekki fyrir því á neinn hátt.

Það sem ég man sérstaklega eftir er að Guðrúnu þótti mikið vænt um mig, var alltaf að hrósa mér og segja hvað ég vissi margt og kynni. Það var ekki rétt því meðan ég var í barnaskólanum lærði ég sama sem ekki neitt í skólanum. Það sem ég lærði var að ég las mikið heima og hjálpaði mömmu á skrifstofunni.

Páll S. Pálsson sem síðar varð lögfræðingur kenndi nokkrum sinnum í forföllum fyrir Guðrúnu. Það var skemmtilegasti tími minn í barnaskóla. Allt í einu fór ég að lesa heima og læra í skólanum. En Guðrún var einstaklega góð kona. Páli kynntist ég síðar, starfaði með honum. Urðum við góðir vinir.

Guðrún var fátæk og hafði engan til að passa strákana sína heima. Því kom hún oft með þá í skólann og lét mig passa þá í tímum, lesa upphátt fyrir þá, láta þá teikna. Mér þótti þetta ágætt þá. Þegar ég stækkaði og þurfti að fara að taka próf til að komast í aðra skóla, þá þurfti ég að byrja að læra að læra. Sá ég mikið eftir hvað mikill tími fór í súginn í barnaskólanum.

Við höfðum fleiri góða forfallakennara sem okkur þótti vænt um. Báðar voru þær uppnefndar, eins og þá var oft gert: Stína hvíta og Litla gula hænna. Þetta voru miklar ágætis konur sem mér þótti gott að kynnst.

Það tók mig mörg ár að læra að læra skólabækur. En skemmtibækur, ljóð og sögur, ævintýrabækur, ferðabækur las ég og lærði margt af.

Flosi Ólafsson leikari var með mér í bekk. Hann skrifaði nokkrar bækur um miðbæinn þar sem við áttum heima. Hann lýsir m.a. Guðrúnu þegar hún þurfti að hlaupa, hvað það hafi verið skrítið, því holdið hafi allt gengið í bylgjum.

Ég held að okkur í bekknum hafi öllum þótt vænt um Guðrúnu og ekki skammast okkur neitt fyrir að vera í hennar bekk.

Eitt er ég þó viss um: Þótt við lærðum ekki mikið, þá var andinn góður í bekknum og allir fengu að njóta sín. Sem sé enginn hafði vont af því að vera í þessum bekk. Þegar litið er á hópinn sýnast margir bekkjarfélagarnir hafa spjarað sig ágætlega. Aðeins einn græddi fé á vistinni: Það var Flosi, sem sagði skaupsögur af skóladvölinni sem hann er margbúinn að selja.



Hér eru Pétur og Ping eftir Storm P.

NÁGRENNIÐ Í TJARNARGÖTU!

Stóru strákarnir í Tjarnargötu 30 uppfundu okkur Palla alltaf og kölluðu okkur Pétur og Ping, sem voru skrítnar persónur úr vinsælum dönskum myndablöðum. En okkur var alveg sama, létum það ekki fá á okkur, kannski vissum við ekki hverjir Pétur og Ping voru. Svo uxum við upp og kynntumst fjölskyldunni. Pabbinn skrifaði margar bækur um bíla þegar hann var í löggunni. Elsti sonurinn varð málameistari og skrifaði framúrskarandi góðar bækur um málaraíðnina og tækni málara, bæði í gamla daga og nú. Einn bróðirinn var safnari gamalla peningaseðla og sá yngsti var þekktur söngvari í karlakór.

Þar í húsinu bjó líka fjölskylda þar sem heimilisfaðirinn og sonur hans voru lýsismatsmenn og þekktir á því sviði. Móðirin var lækningamiðill og var mikil umferð til hennar af fólki sem var veikt og þurfti á einhverri hjálp að halda, enda voru lækningar ekki háþróaðar á þessum tíma, ekki síst fyrir þá sem bjuggu uppi í sveit. Þeir sendu bréf til Ragnhildar og lýstu sjúkdómum sínum og hún bað fyrir þeim eða gerði eitthvað sem fólk trúði og treysti að gæti verið þeim til góðs.

Svo var það ráðherrabústaðurinn í Tjarnargötu 32. Þar bjó Hermann Jónasson forsætisráðherra með Vigdísí konu sinni, dótturinni Dollý og syninum Denna sem líka varð forsætisráðherra. Hermann var síðasti þar bjó og á eftir flutti þar inn Haraldur Kröjer og seinna Hans G. Andersen, sem báðir urðu sendiherrar.

Í ráðherrabústaðnum voru eftir að ráðherrar og aðrir hættu að búa þar haldnar margar og miklar veislur þannig að við saum margt fægt fólk koma slangrandi eftir götunni, sem hafði fengið sér aðeins of mikið í annan fótinn. Svo bjuggu í húsinu kóngar og aðrir fyrimenn sem voru í opinberum heimsóknum.

Ég tel ekki fleira upp, því þá mundu bréfaskriftirnar engan endi taka. Þó hef ég bara lýst þeim sem bjuggu fyrir sunnan okkur. Annar eins hópur bjó fyrir norðan í Tjarnargötu, Vonarstræti og uppi á Suðurgötu.

Ég vildi bara óska að ég hefði tíma til að lýsa miklu fleiru, en þá værir þú orðinn fullorðinn og hættur að nenna að fylgjast með öllum þessum skrítnu Íslendingum.



Hér er ég að sýna ljósmyndaranum kálf. Stelpan í dökku kápunni er Nanna í Litlabæ. Til hægri er hæsnakofinn með hallandi þaki, hesthúsið til vinstri. Svo er jurtagarðurinn hennar Glóu á bak við bárujárnsgirðinguna. Fjarst er fjósið og hlöðuloftið með flaggstönginni sem oft var notuð t.d. þegar vitað var að einhverjir frændur eða vinir voru að koma siglandi inn til Reykjavíkur eða að fara á sjó, eða til útlanda.



Óli frændi mokað heiti í hlöðuna. Hestarnir eru Rauður og Gráni en Sigga Jakobs þótti svo vænt um hann og honum um hana. En henni þótti vænt um svo margt fleira og gerðist hjúkrunarkona í Heilsuverndarstöðinni þar sem við unnum saman. Nú er þetta allt horfið nema við Sigga. Til hægri sést hornið á súrheysgryfju.

SITT HVAD!

- Það var talið mikilvægt þegar gestir komu að sitja hjá þeim og halda uppi samræðum við þá, spyrja og ræða við þá.
- T.d. um fuglalíf, bæði á Nesinu og á Tjörninni.
- Og ýmislegt sem stóð í blöðunum, um bækur sem voru nýkomnar út. Hvaðan þeir væru af landinu og hvað þeir ætluðu sér að gera, t.d. ef þeir voru aðkomumenn í bænum.
- Þórður Tómasson, kunningi minn aldraður var safnvörður að Skógum undir Eyjafjöllum. Hann sagði að börn hefðu altaf verið send inn til nætugesta til að hafa ofan af fyrir þeim meðan þeir biðu eftir mat til að ræða við gestina og stytta þeim stundir. Þetta hefði verið býsna erfitt fyrir krakkana en þau lærðu þá aðferð sem auðveldust var, að spyrja gestinn hvað hann hefði dreymt um nóttina. Á þessum tíma voru draumar taldir mikilvægir og gætu gefið vísbendingu um framtíðina. Þee vegna reyndu menn að leggja draumana á minnið og voru fegnir tækifærum til að segja frá þeim. Um leið gaf það ástæðu til að spyrja börnin á móti. Þannig gat þessi spurning verið upphaf sekmmtilegra samræðna þar sem börn og fullorðnir stóð jafnfætis.
- Oft gat verið erfitt að koma á bæi til að heimsækja vini eða frændur. Fólk í sveitum lagði mjög mikið upp úr gestrisni og góðum veitingum og kaffi. Engin leið var að afpakka slíkt, því það gat skilist sem ókurteisi af hálfu gestsins. Eldhúsin í gamla daga voru erfið fyrir matargerð miðað við það sem nú gerist. Þá voru ekki til ísskápar og rafmagnseldavélar. Ef gefa átti kjöt þurfti að sjóða það eða steikja. Til þess þurfti að kynda upp eldavel með kolum. Allt tók þetta langan tíma. Þá var heldur ekki fólk sem var á lausu til að sitja hjá gestinum þannig að hann sat í stofunni langtímum saman og heyrði óminn úr eldhúsinu þegar allir voru uppteknir við matargerðina. Svo þegar maturinn kom var engan veginn víst að fólkið vildi borða með gestinum sem gat hafa komið á tíma þegar fólkið var nýbúið að borða.
- Nokkuð var merkilegt hvað allir, ungir og gamlir, skyrptu mikið á götum. Það var svo mikið að til mála kom að setja bann við slíku í lögreglu- eða heilbrigðissamþykkt. Þetta átti sér áreiðanlega þær skýringar, annars vegar að umgangspæstir og veikindi voru algeng. Menn voru alltaf skyrpandi á þessum tímum. Strákar kepptust um hver gæti skyrpt eða spýtt lengst.



Séð til vesturs af Melnum undir Valhúsahæð þar sem voru garðar. Húsin næst f.v.: Húsið sem doktor Kroner bjó í. Lága húsið: Hauksstaðir þar sem Nilsen fjósamaður, Anna Magnúsd. og Haukur sonur þeirra bjuggu. Þar bjó líka á sumrin Bjarni Böðvarss., Lára systir Önnu, synirnir Ómar er dó ungur og Ragnar. T.h. er sumarbúst. Eggerts Kristjánss. heildsala. Þar sáuust engir nema örsjaldan tvær eldri konur. Leiktæki í garði, róla og vegasalt. Enginn dirfðist fara inn á lóðina, nú sennilega Lindarbarut 18.

ÝMISLEGT!

Hér uppi á háalofsstiganum eru hagldir frá Nesi en þær voru einmitt notaðar þegar heyið var hirt á hlöðuloftið - ekki alltaf – nei. Sumar eitt var hætt að binda heyið og því stungið upp á loftið með heykvíslum. Þar með lauk fornum sið á Seltjarnarnesinu. Reipin voru þannig: Tvær hagldir voru bundnar saman og voru um 30 sentimetrar á milli þeirra, bundið í gegnum annað gatið á högldunum. Svo var annað reipi bundið í gegnum sama gat og var nógu langt til að ná í kringum baggann þegar hann var bundinn. Reipið var lagt á túnið og lágu reipin samsíða. Svo var heyið saxað í föng og lagt á reipin þangað til var komið hæfilega mikið þá voru reipin lögð yfir heyið og þrætt í gegnum hin götin á högldunum og hert fast að. Karlmaður herti að en kona eða krakki héldu á móti og var þannig hert fast að þangað til fast var orðið í bagganum. Þá var reipið bundið í kross yfir baggann og hert vel að. Svo var bagginn snyrtur, laust hey tínt af til að ekki sáldraðist hey niður. Svo voru baggarnir hengdir upp á klakka, sitt hvorum megin til að ekki hallaðist á, eða settur upp í heygrind sem ég var þá kominn með. Svo voru margir baggar settir upp í grindina þar til hæfilegt hlass var komið og ég gat farið heim með það. Aldrei mátti sá sem fór á milli sitja upp á grindinni þegar hún var full, enda var nógu erfitt fyrir hestinn að draga grindina yfir vandan veg heim. En litlir krakkar máttu sitja uppi á hlassinu einn og einn. Þótti mjög gaman að sitja þar. Það var hátt og tignarlegt yfir að líta. Krökkunum leið eins og þeir ættu allan heiminn. Þegar komið var heim í hlöðu var heyið tekið upp á hlöðuloftið í talíu, ýmist af manni eða hesti. Svo var bagganum velt inn eftir gólfinu og upp í heyið og leyst úr honum og farið með reipið aftir út á túnið þar sem meira hey var bundið. Þessu var hætt, eins og ég sagði, og heyinu mokað upp og því síðan lempað inn eftir hlöðuloftsgólfinu. Þetta var erfitt verk, en mjög skemmtilegt. Stuttu eftir að ég hætti að vera í sveit var farið að blása heyinu inn í hlöður og þurfti þá bara að moka því í blásarann og þeyttist heyið þá inn eftir röri á þann stað sem menn vildu hafa það. Þá er ég búinn að segja þér frá heyyinnunni.

Nú er þetta allt gert öðru vísi og hefur þú áreiðanlega séð það eins í Noregi að heyið sé vafið í stóra bagga og plast sett utan um og þarf ekki einu sinni að setja heyið inn í hlöður. Þegar þú kemur í heimsókn skal ég sýna þér hvernig heyyinnan var í gamla daga.

En það var ekki alltaf skemmtilegt. Þótt ég væri ósköp hraustur strákur man ég hvað ógnarlega ég var stundum þreyttur þegar mikil vinna var. Það þurfti kannski að fara 10 til 15 ferðir fram og aftur út í Suðurnes. Líka þegar við vorum að moka heyinu upp í heygrindina eða úr heygrindinni upp á hlöðuloftið. Það var lítið til af verkfærum. Bestir voru tvíforkar. En það voru líka til kvíslar með fjórum teinum. Það var erfitt að stinga þeim í heyið og þegar mokað var vildi heyið festast alveg á þeim.

Þegar þú verður fullorðinn getur þú unnið erfið verk allan daginn. En þegar maður er lítill er ekki mikill kraftur í líkamanum, nema maður hafi mikinn áhuga á verkinu.

Það var alltafa gaman að fara á milli í heyhirðingunni. Ég taldi ferðirnar og tókst stundum að fara fleiri ferðir en aðrir. En stundum var ég sendur út á tún til að vinna verk aleinn, kannski að hirða taðhrúgur. Þarna var ég aleinn lengi og leiddist alveg óskaplega og varð svo þreyttur að ég gat ekkert gert. En um kvöldið var kannski fótbolti og þá rauk ég út og gat hlaupið alveg endalaust eftir boltanum. Þó var ég ekki góður í fótbolta. Ég var nefnilega svo hár, fæturnir svo langir að það var varla hægt að mjaka þeim áfram stundum, sérstaklega fannst mér það þegar ég var að spila bolta við stuttfætta stráka, sem gátu hreyft fæturna ótt og títt. Þess vegna þótti mér nú ekkert sérstaklega skemmtilegt að spila fótbolta. En langhlaup var skemmtilegt. Þá var hægt að hlaupa hægt en komast langt, þegar aðrir voru betri í stuttum sprettum en komust ekkert langt.

Annað sem ég gat gert vel var að kasta bolta. Ég var með svo langa handleggji, miðað við hina að ég gat sveiflað þeim langt og náð góðu kasti. T.d. að kasta steinum út á sjó og hitta flöskur eða annað sem flaut frá landi.

Þá þótti mér skemmtilegt að liggja í djúpu grasi og mæna upp í himininn. Það var einkum gaman að sjá hvað hann er djúpur og blár. Svo eru það skýin sem þjóta framhjá, stundum mjög hægt, stundum hratt. Sum ský fara í aðra átt en önnur. Þá getur maður sagt sér að rok sé uppi í loftinu þótt logn sé á jörðinni, jafnvel að það sé önnur vindátt hátt uppi en neðar.

Þegar búið er að horfa lengi upp í himininn fara litlar doppur að sjást, eins og gegnsæjar tægiur. Er maður ætlað að skoða þær færast þær og hverfa og aðrar koma í ljós. Þegar málið er athugað eru dropar eða tár á sjálfum augasteinunum sem líta svona út. Þannig getur maður skoðað himininn lengi. Svo er svo fallett að sjá gróðurinn á jörðinni bera við himininn.

Þegar ég var í Nesi var oft rok og kalt. Þá var nú gott að leggjast undir sátu eða galta, í góðu skjóli. Þá leit himinninn öðruvísi út, þá þutu skýin enn hraðar framhjá. Þá heyrðist vindurinn gnauga. Þá leið mér enn betur því sólin náði að verma mig og ég vissi að þegar ég stæði upp yrði mér kalt.

Þegar dimma tók að hausti og kólnaði varð ég auðvitað að klæða mig betur. Stundum er himinninn bjartur og engin ský. Þá má ekki gleyma því að leggjast líka á bakið og horfa upp í himininn. Hann sindrar af stjörnum, litlum og stórum, stjörnuþokum, björtum stjörnum, stjörnumerkjum og norðurljósum.

Stjörnumerkin eru mörg, Fjósakonurnar, Karlsvagninn, Stóri björn og Litli björn. Mörg fleiri. Þar er Pólstjarnan. Þetta getur maður smám saman lært að þekkja, eins og fornmennirnir sem engan áttavita höfðu og urðu að stýra skipunum sínum eftir stjörnunum, ef þeir voru svo heppnir að stjörnubjart var.

ÞETTA VAR GÓÐUR TÍMI.

Mikið var nú lífið gott hjá okkur Palla og mömmu í Tjarnargötu, þar var nú ekki rifist. Öll blöðin og tímaritin sem gefin voru út keypt og við fylgdumst með umræðu um menningu og stjórnmál, fórum mikið í leikhús. Til að spara peninga keyptum við stæði og létum hafa það að standa alla sýningarnar á enda. Mamma fjölritaði boðskort á myndlistarsýningar fyrir listamenn og við gátum komist ókeypis inn á allar sýningar og marga hljómleika.

Svo fylgdumst við vel með útvarpinu, sátum saman á kvöldin við að hlusta á leikrit og fréttir í útvarpinu. Við áttum útvarpsgrammófón og ég held einar 10-15 plötur sem við spiluðum aftur og aftur, t.d Mörthu Eggert, sem við kölluðum *garsöngkonu*. Amma í Tjarnargötu var mikil tónlistarunnandi og söngvin. Þegar söngkonur í útvarpinu komust á hæstu tónana þá hljóp hún að píanóinu til að sjá hvaða nótu þær hefðu sungið, tvískrikað e, held ég að hún hafi kallað það.

Ég hef þetta ekki lengra. Hafið þið systkinin það gott.

Ykkar afi.



Hér er litla fjölskyldan mín við gluggann sem veit út að Tjörninni. Þarna sátum við oft og lengi, fylgdumst með umferðinni, stúdentunum sem voru komnir í Háskólann. Alltaf kom mynd af útskrifuðum stúdentum í Vikunni eða Fálkanum svo við vissum hvað þeir hétu og gátum fundið út hvaðan þeir væru og í hvaða grein þeir hefðu innritast. Svo komu þeir á skrifstofuna fyrir Stúdentaráð, sem þeir unnu fyrir eða í stjórnmálum. Allt var þetta skemmtilegt og ég man ekki eftir að neinir hafi rifist, nema kannski Dídí, sem átti til að vera í vondu skapi. Enda er það ekki skemmtilegt hlutskipti að búa inni á öðrum, vinna alltaf í sama húsi, eiga ekki marga vini og aldrei skotin í neinum.

HÉR KEMUR KETILL

Lífið heldur áfram. Kemst í minningasjóðinn og telst með.

Ketill Axelsson, átta ára skrifar fyrir bekkjarsystkinin í Austubæjarskólanum um Sigríði ömmu sína og Eggert afa sinn. 15. apríl 2015.

1.

Ég á afa sem heitir Eggert.

Hann er 85 ára og hann skrifar mjög furðulega skrift sem ég skil ekki.

Allt í einu birjaði hann að safna skeggi og amma var ekki glöð.

Hann skrivar bækur og á sumrin hjólar hann um allan bæ á hjólinu.

Og hann er alltaf að grínast.

Hann er skemtilegur.

Endir.

2.

Nú vil ég skrifa um hana ömmu mína.

Hún er góð og skemtileg kona.

Á hverjum morgni kl. 6 fer hún í æfingarnar sínar

Fer svo að lesa og les í marga klukkutíma.

Stundum fer hún að hitta vinkonur sínar.

Stundum á Hótel Holt. Og stundum á Hótel Sögu.

Hún gefur mér oft að borða og skutlar mér oft eitthvað.

Og nú er amma á facebuk.

Endir.

